FRÉTTABLAÐIÐ

80. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 6. APRÍL 2016



**Á útleið** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra yfirgefur Alþingi eftir fund með þingflokki Framsóknarflokksins. Á fundinum var ákveðið að hann viki sem forsætisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Tæp 70 prósent vilja að Bjarni hætti rétt eins og Sigmundur

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson ætlar að láta af embætti forsætisráðherra eftir að upp komst að kona hans á aflandsfélag. Stór hluti þjóðarinnar vill að fjármálaráðherra og innanríkisráðherra hætti líka.**

**STJÓRNMÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, mun láta af embætti forsætisráðherra en halda áfram þingmennsku. Sigurður Ingi Jóhannsson, varaformaður flokksins, og Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, greindu frá því í gær að þeir myndu reyna stjórnarmyndun á næstu dögum.

„Ef við horfum á það sem gerst hefur á þessu kjörtímabili þá er það ekki svo að það hafi verið stjórnarstefnan eða verk ríkisstjórnarinnar sem hafi sætt sérstakri gagnrýni. Það eru þessir atburðir síðustu daga sem hafa dregið fram þessi miklu mótmæli og kröfu um breytingar,“ sagði Bjarni Benediktsson eftir að hann átti fund með Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, í gær.

Öll spjót hafa staðið á Sigmundi Davíð frá því að Kastljósið sýndi viðtal sænsks fjölmiðlamanns við ráðherrann á sunnudag þar sem hann var spurður út í tengsl sín við félagið Wintris, sem er í eigu eiginkonu hans. Félagið er skráð á Bresku Jómfrúaeyjum. Eins og áður hefur verið rakið tengdist Bjarni Benediktsson hlut í félaginu Falson & Co sem stofnað var fyrir tíu árum og skráð á Seychelles-eyjum. Ólöf Nordal, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, hafði, ásamt eiginmanni sínum, prókúru fyrir félagið Dooley Securities sem Landsbankinn í Lúxemborg stofnaði 2006.

Samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar sem Fréttablaðið gerði í gærkvöldi og mánudagskvöld vilja 56 prósent svarenda að Bjarni segi af sér ráðherraembætti vegna tengsla sinna við aflandsfélagið, 25 prósent vilja ekki að hann segi af sér, 17 prósent eru óákveðin og tvö prósent svara ekki. Þegar einungis eru skoðuð svör þeirra sem afstöðu tóku sést að 69 prósent vilja að Bjarni segi af sér en 31 prósent vill það ekki. Einnig voru svarendur spurðir að því hvort þeir teldu að Ólöf Nordal innanríkisráðherra ætti að segja af sér. Alls 48 prósent telja að hún eigi að segja af sér en 28 prósent telja að hún eigi ekki að segja af sér, 22 prósent eru óákveðin en tvö prósent svara ekki. Þegar einungis eru skoðuð svör þeirra sem afstöðu taka sést að 63 prósent vilja að Ólöf segi af sér en 37 prósent vilja það ekki.

Í könnun Fréttablaðsins var fylgi flokka kannað eins og sjá má í Fréttablaðinu í dag.

– jhh / sjá síðu 2, 4, 6, 8 og 10

### Eiga þau að segja af sér ráðherraembætti?



| | Já | Nei |
|---|---|---|
| | 69% | 31% |
| Vikmörk | 3,19% | 3,19% |



| | Já | Nei |
|---|---|---|
| | 63% | 37% |
| Vikmörk | 3,35% | 3,35% |

> Það eru þessir atburðir síðustu daga sem hafa dregið fram þessi miklu mótmæli og kröfu um breytingar.
>
> Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra

**Mikill meirihluti vill að tveir ráðherrar Sjálfstæðisflokksins segi einnig af sér.**

### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Stjórnmálamenn þurfa að mæta kalli tímans, skrifar Magnús Orri Schram. 14

**SPORT** Ísland tapaði í Noregi. 16

**MENNING** Of Miles and Men spilar tónlist Miles Davis í kvöld. 22

**LÍFIÐ** Kattaáhugakona málar myndir af gæludýrum. 28

**PLÚS 1 SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

ALLT Í GÆSA- OG STEGGJA PARTÝIN

Finndu okkur á f

PARTÝBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

## Veður




Austanátt í dag og dálítil rigning eða slydda öðru hvoru, en þurrt að kalla norðvestan til. Milt vorveður að deginum. SJÁ SÍÐU 20



**Mikið af kolmunna er landað austanlands, ekki síst í Neskaupstað.** MYND/KSH

# Ofveiðum kolmunna eins og hinir

**SJÁVARÚTVEGUR** Aflaheimildir Íslands í kolmunna á árinu 2016 voru auknar í gær um 39 þúsund tonn með ákvörðun Sigurðar Inga Jóhannssonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Ástæðan fyrir aflaaukningunni er viðbragð íslenskra stjórnvalda við þeirri staðreynd að hin strandríkin hafa ákvarðað heildarafla sinn sem er umfram ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES). Ákvörðun Íslands tekur mið af þeirri staðreynd, segir í tilkynningu.

Leyfilegur heildarafli Íslands verður þar með 163.570 tonn sem þýðir að kvótinn er aukinn um 30 prósent.

**» Aflaheimildir í kolmunna hafa verið auknar um 30 prósent, eða um sem nemur 39 þúsund tonnum.**

Fyrri ákvörðun frá því í desember síðastliðnum um 126 þúsund tonna heildarafla Íslands byggði á þeim fyrirvara að ráðgjöf ICES væri fylgt af öllum þjóðunum og haldið væri óbreyttri hlutdeildarskiptingu samkvæmt eldri samningi strandríkjanna; Íslands, Evrópusambandsins, Noregs og Færeyja, frá árinu 2006, sem auk þess gerir ráð fyrir ákveðnum hlut til Rússa og Grænlendinga sem úthafsveiðiþjóða. – shá

## Bólusetning skilar sér



**Heilbrigðisstarfsfólk gefur barni bóluefni gegn lömunarveiki í Quetta í Pakistan í gær. Pakistan og Afganistan eru síðustu tvö lönd heims þar sem lömunarveiki er landlæg. Ný tilfelli höfðu þó í fyrra ekki verið færri í níu ár, þrátt fyrir að árásir íslamskra öfgamanna hafi gert bólusetningaráætlanir torveldar. Í fyrra greindist veikin bara í 51 barni, miðað við 306 árið áður.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Tvöfalda framlagið til framleiðslu hér

**STJÓRNSÝSLA** Í nýjum þjónustusamningi RÚV og mennta- og menningarmálaráðherra kemur fram að framlag til leikins efnis verður tvöfaldað til að stuðla að eflingu kvikmyndagerðar í landinu. Markmiðið er að auka framboð og gæði á íslensku, leiknu sjónvarpsefni.

Samningurinn var undirritaður í gær og í honum er kveðið nánar á um markmið, hlutverk, skyldur og umfang þeirrar þjónustu sem RÚV ber að veita samkvæmt lögum.

Einnig er kveðið á um fjármögnun starfseminnar og er forsenda samningsins að innheimt útvarpsgjald lækki ekki út samningstímann.

Forgangsröðað verður í þágu íslensks og norræns efnis, auk menningarefnis og haldið verður áfram að efla þjónustu við börn og ungmenni. Þar að auki verður starfsemi RÚV á landsbyggðinni tryggð. – þv


# Er meltingin í ólagi?

**Prógastró – öflugi asídófílusinn getur hjálpað þér!**




**Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana.**


# Stjórnarflokkarnir missa 11 prósentustig

**Píratar bæta mestu við sig milli mánaða samkvæmt nýrri könnun. Sjálfstæðisflokkurinn tapar sex prósentum og Framsóknarflokkurinn tapar tæpum fimm. Prófessor í stjórnmálafræði segir erfitt að segja hvað framtíðin beri í skauti sér.**

**STJÓRNMÁL** Stjórnarandstöðuflokkarnir bæta við sig fylgi samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis. Stjórnarflokkarnir tapa hins vegar. Píratar bæta mestu við sig milli kannana og eru sem fyrr stærsti flokkur landsins og eru nú með 43 prósenta fylgi. Það er mesta fylgi sem þeir hafa mælst með í könnunum Fréttablaðsins. Sjálfstæðisflokkurinn er eftir sem áður næststærsti flokkurinn.

Atburðir liðinna daga hafa verið án fordæma sé litið til stjórnmálanna. Um miðjan mars viðurkenndi forsætisráðherrafrúin, Anna Sigurlaug Pálsdóttir, að hún ætti félag sem skráð er á Bresku Jómfrúaeyjum og hefði gert kröfu í föllnu bankana samtals að fjárhæð 500 milljónir króna. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson sætti mikilli gagnrýni fyrir að þessar upplýsingar hefðu ekki verið birtar fyrr. Gagnrýnin náði svo hámarki eftir viðtal sem birtist í Kastljósi á sunnudaginn, þar sem forsætisráðherrann gekk út í miðju viðtali. Í gær var því svo lýst yfir að Sigmundur Davíð segði af sér embætti. Tveir ráðherrar ríkisstjórnarinnar, þau Bjarni Benediktsson og Ólöf Nordal, tengjast einnig aflandsfélögum sem stofnuð voru fyrir bankahrun.

Í könnun sem Fréttablaðið gerði 4. og 5. apríl var afstaða til stjórnmálaflokkanna könnuð. Flestir, eða 43 prósent svarenda, segjast myndu kjósa Pírata ef kosið yrði í dag, næstflestir eða 21,6 prósent myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn, 11,2 prósent myndu kjósa Vinstri græna, 10,2 prósent myndu kjósa Samfylkinguna, 7,9 prósent myndu kjósa Framsóknarflokkinn og 3,8 prósent myndu kjósa Bjarta framtíð. Þá sögðust 15,5 prósent ekki ætla að kjósa eða skila auðu, 14 prósent sögðust vera óákveðin en 13,9 prósent svöruðu ekki.

„Það er marktækur munur á fylgi stjórnarflokkanna á milli kannana og þeir eru að missa fylgi. Hins vegar breytast stjórnmálin á hverri klukkustund og það er erfitt að segja hvaða vísbendingu þetta gefur um framtíðina,“ segir Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði, um niðurstöðuna. Hann segir enn fremur áhugavert að sjá að stuðningur við Pírata aukist frekar en stuðningurinn við gömlu flokkana, Samfylkinguna og VG.

Hringt var í 1.052 þangað til náðist í 800 svarendur og var svarhlutfall því 76,1 prósent. Þátttakendur voru valdir með lagskiptu slembiúrtaki úr þjóðskrá. 56,6 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.

jonhakon@frettabladid.is

### Þróun fylgis á kjörtímabilinu






**Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði**




**Mitsubishi L200** er kominn með nýtt útlit, aukið rými og meiri snerpu. Þú finnur varla sterkbyggðari og áreiðanlegri bíl. Svo er hann svo notadrjúgur að erfið verkefni munu bara gleðja hann. Komdu og náðu þér í nýjan L200 áður en hann flýgur frá þér.

**Mitsubishi L200 Intense**
6 gíra beinskiptur, fjórhjóladrifinn frá:

**6.890.000 kr.**

„Hér er því kominn bíll sem mjög auðvelt er að mæla með og sannast sagna átti reynsluökumaður alls ekki von á svo góðum bíl er hann var sóttur.“

**Finnur Thorlacius**, Fréttablaðinu

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

PANAMA-SKJÖLIN

# Málefni tveggja borgarfulltrúa í Reykjavík eru til skoðunar

Forsætisnefnd Reykjavíkurborgar telur, í ljósi frétta af aflandsfélögum í eigu tveggja borgarfulltrúa, brýnt að þar til bærir aðilar kanni málin til hlítar. Nefndin samþykkti á fundi í gær að taka skyldi til skoðunar hagsmunaskráningu borgarfulltrúa.

Kannað verður hvort Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir og Júlíus Vífill Ingvarsson hafi farið á svig við gildandi lög og reglur um skyldur og hæfi borgarfulltrúa, hvort reglum um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar hafi verið fylgt og hvort siðareglur borgarfulltrúa hafi verið brotnar.

Í Panama-skjölunum kom fram að Sveinbjörg Birna, borgarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina, tengist tveimur aflandsfélögum sem skráð eru á Tortóla og í Panama. Þar að auki kom fram að Júlíus Vífill



Júlíus Vífill Ingvarsson, fyrrverandi borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, borgarfulltrúi Framsóknar



hefði ekki skráð aðkomu sína og eignarhald í félagi sem skráð er í Panama.

Sveinbjörg Birna sagði í yfirlýsingu til fjölmiðla í gær, vegna umfjöllunar Kastljóss og Reykjavík Media um tengsl hennar við Panama-skjölin, að hún muni óska eftir tímabundnu leyfi frá störfum sínum sem borgarfulltrúi ef yfirferð um hagsmunaskráningu borgarfulltrúa verði ekki lokið þegar hún snýr aftur úr fæðingarorlofi í júní næstkomandi.

Júlíus Vífill sagði hins vegar af sér sem borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks við upphaf borgarstjórnarfundar í gær. Júlíus Vífill hefur setið í borgarstjórn í fjórtán ár. Í Panamaskjölunum kom fram að hann hefði sett upp félagið Silwood Foundation í Panama árið 2014. Að hans sögn er um lífeyrissjóð að ræða en ekki félag sem átt gæti í viðskiptum. – þv



**Forseti Íslands segir engan misskilning fyrir hendi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Deila um tillögu um þingrof

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson segist ekki hafa borið upp formlega tillögu um þingrof á fundi hans og Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, sem fram fór á Bessastöðum í gær. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá forsætisráðuneytinu.

Það er þó ótvíræður skilningur forsetans að Sigmundur Davíð hafi borið upp þingrofstillögu á umræddum fundi. Sagði hann starfsmenn forsætisráðuneytisins hafa mætt á fundinn með tilbúin skjöl til undirritunar samþykkti hann tillöguna.

„Á fundinum upplýsti forsætisráðherra forseta um stöðu mála í stjórnmálum hér á landi og greindi jafnframt frá áformum sínum um að leggja til við forseta að þing yrði rofið og boðað yrði til almennra alþingiskosninga ef í ljós kæmi að meirihluta stuðningur við ríkisstjórnina væri brostinn,“ segir í tilkynningunni.

Í kjölfar fundarins boðaði forseti óvænt til blaðamannafundar og sagðist hafa hafnað þeirri ósk Sigmundar Davíðs að hann fengi heimild til að rjúfa þing. Á blaðamannafundinum skýrði Ólafur Ragnar frá því að hann hefði ekki verið reiðubúinn til að undirrita yfirlýsingu um þingrof, né gefa Sigmundi Davíð nokkurt fyrirheit um það hvort hann myndi samþykkja þá beiðni fyrr en hann hefði átt samtöl við forystumenn annarra flokka um afstöðu þeirra. – þv

# Ræða ráðuneyti Sigurðar Inga

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson reyndi að fara fram hjá þingflokki sínum og rjúfa þing í óþökk beggja stjórnarflokka. Sigurður Ingi Jóhannsson ræðir nú við Bjarna Benediktsson um myndun nýs ráðuneytis.**

Formaður Sjálfstæðisflokksins og varaformaður Framsóknarflokksins hafa hafið viðræður um myndun nýs ráðuneytis. Auk þess hafa Ólöf Nordal innanríkisráðherra og Ásmundur Einar Daðason, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, verið með í viðræðum flokkanna. Sigurður Ingi telur það mögulegt að Sigmundur Davíð verði óbreyttur þingmaður fram að kosningum jafnframt því að gegna formennsku í Framsóknarflokknum.

„Við Bjarni höfum hist sem og að ég hef átt fundi með Bjarna og Ólöfu Nordal. Síðan munum við bara fá það fólk inn sem við þurfum í viðræðurnar,“ segir Sigurður Ingi. Spurður hvort það væri ekki einkennilegt að fyrrverandi forsætisráðherra myndi taka sér sæti sem óbreyttur þingmaður jafnframt því að stýra flokki sínum sagði hann fordæmi fyrir því. „Nú er bara þessi staða uppi og við þurfum að sjá hvernig tímarnir líða fram en það er alls ekki óþekkt fyrirbæri í öðrum löndum.“

Guðlaugur Þór Þórðarson, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, segir menn þurfa að setjast niður og ræða framhaldið af yfirvegun.

„Það sem vanalega gerist þegar einhver segir af sér embætti er að annar kemur í staðinn. Sigmundur Davíð hefur orðið við þeirri kröfu en forystumenn flokkanna hafa ákveðið að ganga skrefinu lengra og fara yfir stjórnarsamstarfið í heild sinni,“ segir Guðlaugur Þór. „Ég tel að það sé skynsamlegt að líta á stóru myndina og hafa þjóðarhagsmuni að leiðarljósi. Við þurfum að endurvekja traust á íslenskum stjórnmálum.“

Sigurður Ingi segir ekki skipta mestu máli að flýta kosningum. „Kosningar eru eitt sem við ræðum.



**Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, gengur af fundi með forseta Íslands. Þar fékk hann svigrúm til að skoða myndun nýs ráðuneytis.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

### Stígur til hliðar



**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra í Alþingishúsinu í gær.**

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson var kjörinn formaður Framsóknarflokksins 2009. Sama ár var hann kjörinn á þing fyrir Reykjavíkurkjördæmi norður og sat sem þingmaður til 2013. Eftir þær kosningar myndaði hann sitt fyrsta ráðuneyti. Sigmundur Davíð gegndi einnig embætti dómsmálaráðherra um skamma hríð árið 2014.

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, neitaði Sigmundi Davíð um þingrof á fundi þeirra í gær. Samþykkt var á þingflokksfundi Framsóknarflokksins í kjölfarið að Sigurður Ingi Jóhannsson, varaformaður flokksins, tæki við sem forsætisráðherraefni flokksins og Sigmundur stigi til hliðar.

Við teljum mikilvægast að ljúka þeim verkefnum sem við erum að vinna að. Það skiptir mestu máli fyrir þjóðina að ríkisstjórnin hafi tækifæri til þess.“

Guðlaugur segir Sjálfstæðisflokkinn hins vegar tilbúinn í kosningar. „Við höfum ekki verið hræddir við kosningar og erum algjörlega tilbúin til að ganga að kjörborðinu. Hins vegar er traust milli þingflokka stjórnarmeirihlutans og mikilvægt er að klárað verði afnám hafta og langtímaáætlun um ríkisfjármál áður en við göngum til kosninga.“

sveinn@frettabladid.is




# Ísland í kastljósi erlendra fréttamiðla

Ísland hefur verið í kastljósi erlendu heimspressunnar vegna leka Panama-skjalanna og stöðu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar og flestir stærstu fjölmiðlar heims greindu ítarlega frá framvindunni á Íslandi í gær. Framan af degi voru áberandi fréttir af fundi forsætisráðherra og forseta Íslands. Frétt BBC um málið var efst á fréttasíðu vefsins og þar var farið yfir ákvörðun forseta um að verða ekki við ósk Sigmundar Davíðs um heimild til þingrofs. CNN-fréttastofan greindi frá því sem stórfrétt að Sigmundur Davíð væri hættur og vitnaði í mótmælendur á Austurvelli sem kröfðust kosninga þrátt fyrir að hann hefði stigið til hliðar.

„Ísland getur ekki verið eina vestræna evrópska lýðræðisríkið með leiðtoga í þessari stöðu,“ sagði Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingar, í viðtali við breska miðilinn The Guardian í gær, sem hefur fjallað ítarlega um Ísland og málefni Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, fráfarandi forsætisráðherra, undanfarna daga.




**Erlendar sjónvarpsstöðvar fjalla um Ísland.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ

Við Bessastaði biðu blaðamenn frá norrænum miðlum á borð við Aftenposten. Þá var sjónvarpsstöðin Al-Jazeera með beina útsendingu frá Alþingishúsinu í gær.

Fjölmargir aðrir miðlar fjölluðu um málið. Tvær af stærstu fréttaveitum heimsins, AP og AFP, fjalla um málið. Þá eru viðskiptamiðlarnir The Financial Times og Bloomberg með umfjöllun ásamt síðum á borð við Mashable og ABC í Bandaríkjunum. – kbg


Fylgstu með á Facebook
#LindexIceland
Gallabuxur,
5755,-
Sienna Miller
LINDEX
we make fashion feel good

Jarðvegsþjappa og steinsög





119.900 m. VSK

Oleo Mac 14" Steinsög 4,5HP

Einnig til 5HP 16" kr. 149.900

210.900 m. VSK

PC 1442 Shatal jarðvegsþjappa

Stærð plötu: 400 x 550 mm
Þyngd: 80 kg
Mótor: Honda bensín 5,5 hö
Miðflóttaafl á plötu: 1400 kg
Mesti hraði áfram: 26 m/mín
Víbratíðni: 93 Hz
(fleiri stærðir á lager)



Vagn fáanlegur sér kr. 119.900 með vsk.

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM

Meiri gæði · Lægra verð · MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN

Kletthálsi 7, Reykjavík
Fuglavík 18, Reykjanesbæ

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



ÍSLENSKI LÍFEYRISSJÓÐURINN

Ársfundur Íslenska lífeyrissjóðsins

Ársfundur Íslenska lífeyrissjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 28. apríl 2016 kl. 17.00 í Landsbankanum, Austurstræti 11.

**Allir sjóðfélagar og rétthafar eiga rétt til setu á ársfundinum.**

**Dagskrá fundarins er samkvæmt samþykktum sjóðsins.**

Tillögur um breytingar á samþykktum þurfa að berast stjórn með skriflegum hætti tveimur vikum fyrir ársfund. Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi þurfa að berast stjórn með skriflegum hætti viku fyrir ársfund. Framboðum aðalmanna til stjórnar skal skila inn til stjórnar viku fyrir ársfund. Tillögur og framboð skulu berast til stjórnar Íslenska lífeyrissjóðsins, Austurstræti 11, 101 Reykjavík. Tillögur að breytingum á samþykktum og framboð til stjórnar verða birt á vefsvæði sjóðsins, islenskilif.is.

Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins hvetur sjóðfélaga til þess að mæta. Allar nánari upplýsingar má nálgast á vefsvæði sjóðsins, islenskilif.is eða hjá Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf Landsbankans í síma 410 4040.



Endalaust 365

ENDALAUST NET

1817 | 365.is

365


## Annar í mótmælum




Tæplega þúsund manns komu á mótmælin á Austurvelli í gær sem skipulögð voru af Beinum aðgerðum. Mótmælin voru færð að höfuðstöðvum Framsóknarflokksins við Hverfisgötu eftir klukkutíma og síðar að Valhöll, höfuðstöðvum sjálfstæðismanna. Áberandi mikið var af ungu fólki á svæðinu. Krafa mótmælenda var sú að afsögn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra væri ekki nóg. Bjarni Benediktsson væri ekki stikkfrí og þörf væri á kosningum að nýju. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Telja að ríkisstjórnin geti ekki setið áfram

**Stjórnarandstöðuflokkarnir hyggjast ekki starfa með ríkisstjórnarflokkunum.**

„Þetta er löskuð, úrvinda ríkisstjórn sem er að hefja sitt dauðastríð," segir Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, um komandi daga í stjórnmálunum. Hann segir það stórtíðindi hér á landi að almenningur, stjórnarandstaðan og fjölmiðlar hafi náð að knýja fram afsögn forsætisráðherra. Framsóknarflokkurinn leggur til að Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, verði forsætisráðherra.

„Það sorglega er að stjórnarflokkarnir virðast ekki kveikja mikið á þessu. En við skulum fyllast gleði og stolti yfir árangrinum og átta okkur á því að við gætum verið að búa til nýtt samfélag með málefnalegri umræðu og alvöru fjölmiðlum."

Árni segir ríkisstjórnarflokkana hafa dregið úr trú almennings á stjórnmálum. „Sigurður Ingi er í sérstökum vanda því hann er búinn að gefa fráleitar yfirlýsingar Sigmundi til varnar og hefur meðal annars tekið þátt í ógeðfelldri aðför Framsóknarflokksins að Ríkisútvarpinu."

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, tekur í sama streng. „Stóru tíðindi dagsins eru auðvitað þau að forsætisráðherra sté til hliðar. Mér finnst jafnframt mikilvægt að halda til haga hversu miklu fjölmiðlarnir skiptu í því máli og það er áminning fyrir okkur öll hve sjálfstæðir fjölmiðlar skipta miklu í lýðræðisríki. Svo auðvitað almenningur



Stjórnarandstaðan fylgdist í forundran með atburðarás gærdagsins og vissi á köflum ekki hvaðan á sig stóð veðrið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Þetta er búið að vera einn ótrúlegasti dagur sem ég hef upplifað og hef þó upplifað þá nokkra ótrúlega.
>
> Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata um gærdaginn

sem mætti og mótmælti. Það er bæði jákvæð merki fyrir lýðræðið."

Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, segir gærdaginn hafa verið ótrúlegan. „Þetta er búinn að vera einn ótrúlegasti dagur sem ég hef upplifað og hef þó upplifað þá nokkra ótrúlega. Ég fæ ekki séð hvernig menn hyggjast byggja aftur upp eitthvað traust á þessa ríkisstjórn. Nú eru komnir tveir ráðherrar sem hafa þurft að segja af sér. Þetta er komið út í svo djúpan absúrdisma að maður veltir fyrir sér hvernig í ósköpunum menn þykjast í þessum kringumstæðum byggja upp traust."

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur stjórnarandstaðan gert með sér samkomulag um að taka ekki þátt í stjórn með ríkisstjórnarflokkunum, né að verja annan hvorn flokkinn vantrausti fram að kosningum. snaeros@frettabladid.is



# EKKI BARA GÆÐI



## SOFTSHELL JAKKI OG BOLLI Í KAUPBÆTI

**15.900** m/vsk
Fullt verð 21.638



## ÖRYGGISSKÓR BICKZ

Plasttá, naglavörn í sóla, olíu- og sýruþolnir sólar.

**11.900** m/vsk
Fullt verð 23.500



## VINNU-BUXUR

Hangandi vasar að framan, hnjápúða-vasar. Litir: Svartur/blár.

**12.639** m/vsk
Fullt verð 15.799



## ÖRYGGISSKÓR „WALKSAFE"

Stáltá, stál í sóla olíu og sýru-þolnir sólar.

**18.792** m/vsk
Fullt verð 23.490



## T-BOLUR

V-háls. Litur: Svartur.

**2.586** m/vsk
Fullt verð 3.448



## HNJÁPÚÐAR GEL

Sterkir gel/plast hnjápúðar sem eru hannaðir til að endast lengi.

**4.900** m/vsk
Fullt verð 6.907



## BELTI

Teygjanlegt efni. Lengd: 1300 mm Breidd: 40 mm

**1.990** m/vsk
Fullt verð 3.448



## FLÍSPEYSA

Microfleece. Þunn og létt peysa.

**9.900** m/vsk
Fullt verð 14.569



## HÁSKÓLA-PEYSA

80% bómull/ 20% polyester. Litir: Svartur, grár, dökkblár og hvítur.

**1.900** m/vsk
Fullt verð 2.757



## HETTU-PEYSA OG BUFF Í KAUPBÆTI

**12.900** m/vsk
Fullt verð 17.686

PIPAR\TBWA • SÍA • 161540




www.sindri.is I sími 567 6000
Smiðjuvegi 1 grá gata, Kópavogi

SINDRI VINNUFÖT

PANAMA-SKJÖLIN

# Deginum lýst sem leikhúsi fáránleikans

**Ríkisstjórnin sprakk í gær í beinni útsendingu. Framsókn og sjálfstæðismenn ætla að reisa nýja á rústunum. Forseti Íslands niðurlægði Sigmund Davíð sem vildi vilyrði um þingrof. Sigmundur segir Ólaf Ragnar ljúga. Fólkið í landinu er orðlaust og spennan eykst enn.**

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Það var í anda dagsins þegar Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hélt sérstakan blaðamannafund um kvöldmatarleytið í gær til að bera af sér fullyrðingar Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra um að hann hafi logið að fjölmiðlum um erindi hans á fundi þeirra á Bessastöðum nokkrum tímum fyrr.

Það var lokahnykkur atburðarásar sem viðmælendur Fréttablaðsins lýsa sem leikhúsi fáránleikans.

Eftir fjölmennustu mótmæli íslenskrar sögu á Austurvelli á mánudag, þar sem afsögn Sigmundar Davíðs var krafist eftir hneykslismál hans og að ríkisstjórn hans skilaði umboði sínu, kom engum á óvart að atburðarásin yrði áfram söguleg.

Þeir Sigmundur Davíð og Bjarni, oddvitar ríkisstjórnarinnar, funduðu í morgunsárið, um leið og Bjarni hafði losað sig við ferðatöskuna, en hann kom fyrst til landsins í gærmorgun eftir frí erlendis. Fátt fréttist framan af degi um samtal þeirra, nokkuð sem Bjarni skýrði síðla dags. Þar sagði hann forsætisráðherra að ekki yrði haldið áfram án breytinga, sem engum duldist sem á hlýddu að þýddi að hann hafði sagt Sigmundi að hann yrði að víkja.



Sigmundur fékk þvert nei við erindi sínu á fundi á Bessastöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Svar Sigmundar birtist landsmönnum á Facebook-síðu hans þar sem hann þakkaði fjármálaráðherra fyrir góðan fund en birti hótun sem varð ekki misskilin um að ef þingflokkur Sjálfstæðisflokksins styddi hann ekki sem forsætisráðherra þá myndi hann sjá til þess að þing yrði rofið og boðað yrði til kosninga.

Að því sögðu bað hann um að fundi með Ólafi Ragnari yrði flýtt, en hann var ekki á dagskrá fyrr en einum og hálfum tíma síðar – eða klukkan eitt. Erindi fundarins lýsti Ólafur Ragnar á fundi með blaðamönnum – Sigmundur Davíð kom til að fá vilyrði fyrir því að rjúfa þing strax – eða síðar eftir hentugleikum hans. Því hafnaði Ólafur Ragnar, og með það svar hvarf Sigmundur á fund þingflokks síns sem hafði hafið fund í Alþingishúsinu án hans. Síðar kom í ljós að hann gerði það að tillögu sinni að víkja fyrir varaformanni sínum í stóli forsætisráðherra – en halda þingsæti sínu og leiða Framsóknarflokkinn áfram. Það var samþykkt af þingflokknum. Þetta kynnti Sigurður Ingi landsmönnum en Sigmundur Davíð hvarf á brott án þess að tala við fjölmiðla.

> **Nei, samstarfið hangir ekki á bláþræði vegna umræðu núna frekar en að umræða áður sem oft hefur verið hörð, valdi því að samstarfið hangi á bláþræði. Samstarf hangir eingöngu á bláþræði ef menn vilja ekki starfa saman.**
>
> Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra í Bítinu á Bylgjunni klukkan 8.15 í gærmorgun

Ólafur Ragnar sagði í hnotskurn eftir fundinn með Sigmundi að án vitneskju samstarfsflokks hans og þingflokks hefði aldrei komið til greina að samþykkja erindi forsætisráðherra – þingrof. Nokkuð sem Sigmundur Davíð sagði forsetann hafa logið um, eins og fyrr segir.

Í beinni útsendingu lýstu stjórnsýslu- og sagnfræðingar því að hér væri brotið blað í stjórnmálasögu Íslands – neitun af þessu tagi væri fordæmalaus – eins og dagurinn allur.

Á meðan á þessu stóð var hálfgert upplausnarástand í Alþingishúsinu þar sem formenn stjórnarandstöðuflokkanna lýstu undrun – og jafnvel viðbjóði – á atburðarásinni. Þingmenn stjórnarflokkanna tjáðu sig ekki lengi dags, með þeirri undantekningu að framsóknarmenn lýstu óánægju með að Sigmundur Davíð ráðfærði sig ekki við þingflokk sinn áður en hann hélt til Bessastaða – var ljóst að forsætisráðherra var með öllu einangraður í baráttunni fyrir að halda forsætisráðherrastólnum.

Seinnipart dags fundaði Bjarni Benediktsson með þingflokki sínum í Valhöll og hélt rakleiðis til Bessastaða að honum loknum. Þar var sú hugmynd kynnt og rædd að samstarf stjórnarflokkanna yrði endurnýjað með Sigurð Inga í forsæti.

Á meðan þessi atburðarás var rakin í fréttatímum sjónvarpsstöðvanna hélt stór hópur fólks gangandi upp að Valhöll, og reiði fólksins duldist engum. Virðist það vera upptaktur næstu daga enda ljóst að mörgum þykir erfitt að kyngja niðurstöðu stjórnarherranna.

## Sögulegur dagur – frá morgni til kvölds

**07.00 Ólafur Ragnar Grímsson**, forseti Íslands, og **Bjarni Benediktsson** fjármálaráðherra báðir komnir til landsins úr fríi.

**09.00 Sigmundur Davíð Gunnlaugsson** forsætisráðherra fundar með **Bjarna Benediktssyni.**

**11.16 Sigmundur Davíð** setur inn færslu á Facebook-síðu sína þar sem hann tilkynnir að ef þingmenn Sjálfstæðisflokksins styðji ekki ríkisstjórnina muni hann rjúfa þing og boða til kosninga.

**11.40 Sigmundur Davíð** kemur að Bessastöðum til fundar við forseta.

**12.00 Aukafréttatímar** á Stöð 2 og RÚV hefjast – lýkur á sjötta tímanum.

**12.30 Sigmundur Davíð** yfirgefur Bessastaði.

**12.40 Ólafur Ragnar gerir grein fyrir fundi sínum með forsætisráðherra og tilkynnir að hann hafi hafnað erindi hans um þingrof.**

**13.00** Þingflokkur Framsóknarflokksins fundar í Alþingishúsinu – án formanns síns. **Ólafur Ragnar** slítur blaðamannafundi á Bessastöðum á sama tíma.

**13.45 Sigmundur Davíð** gengur á fund þingflokks síns í Alþingishúsinu.

**14.15** Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins mætir til þingflokksfundar í Valhöll.

**14.25 Bjarni Benediktsson** mætir á þingflokksfundinn.

**15.00** Þingflokkar stjórnarandstöðunnar funda í Alþingishúsinu.

**15.05 Bjarni Benediktsson** yfirgefur fyrstur þingflokksfund Sjálfstæðisflokksins. Vill ekki tjá sig við fjölmiðla fyrr en eftir fund við Ólaf Ragnar forseta.

**15.15** Þingflokksfundi Framsóknarflokksins lýkur. Þingmenn segja ekkert. **Sigmundur Davíð** segir „... margt skemmtilegt og áhugavert að gerast.“

**15.18 Bjarni Benediktsson** kemur að Bessastöðum til fundar við forseta.



**15.31 Sigurður Ingi Jóhannsson, varaformaður Framsóknarflokksins, tilkynnir þá niðurstöðu þingflokksfundar að Sigmundur Davíð hafi ákveðið að stíga til hliðar sem forsætisráðherra en sitji áfram sem formaður flokksins. Hann taki við sem forsætisráðherra, nái hugmyndin fram að ganga.**

**16.15** Þingflokksformenn stjórnarandstöðuflokkanna ganga á fund **Einars K. Guðfinnssonar**, forseta Alþingis, og óska eftir því að þingfundur verði settur þegar í stað. Því er hafnað.



**16.30** Fundi **Bjarna Benediktssonar** og **Ólafs Ragnars** lýkur. Bjarni kynnir efni fundar síns með forseta – hugmynd um áframhaldandi samstarf stjórnarflokkanna.

**16.36 Tilkynning berst frá forsætisráðuneytinu þess efnis að formleg tillaga um þingrof hafi hvorki verið borin upp né kynnt forseta „eins og skilja mátti af ummælum forseta Íslands að fundi loknum“. Á mannamáli segir Sigmundur Davíð forseta Íslands ljúga.**

**17.00 Mótmæli** hefjast á Austurvelli. Áætlað er að um þúsund manns hafi safnast þar saman.

**17.15** Fundur forseta Íslands og forseta Alþingis.

**18.00** Þingflokkur Framsóknarflokksins sendir stuðningsyfirlýsingu við formann sinn – **Sigmund Davíð**.

**19:00** Stór hópur mótmælenda heldur fylktu liði að Valhöll og mótmælir kröftuglega – lögregla með nokkurn viðbúnað.

**19:20 Ólafur Ragnar** boðar til fundar við blaðamenn þar sem hann svarar Sigmundi Davíð – fullyrðingum hans um að forsetinn hafi logið.

VÍS

Framhaldsaðalfundur í Vátryggingafélagi Íslands hf

Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf. hefur í tilkynningum til aðalmarkaðar Kauphallar Íslands þann 16. mars og 30. mars sl. boðað til framhaldsaðalfundar í félaginu og verður hann haldinn í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3, 108 Reykjavík, í dag, miðvikudaginn 6. apríl 2016. Hann hefst stundvíslega kl. 17:00. Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig inn á hluthafafundinn á fundarstað frá kl. 16:30 á fundardegi. Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Dagskrá fundarins er svohljóðandi:

1. Kosning aðal- og varastjórnar.

Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa, sem hvorki hefur málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt. Hluthafa er þó heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd. Einnig getur hluthafi falið umboðsmanni sínum að sækja fyrir sig fund og skal hann þá leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Mælst er til þess að notað sé umboðseyðublað sem finna má á fjárfestasíðu félagsins www.vis.is/fjarfestar.

Stjórn hefur borist krafa um margfeldiskosningu innan tilskilins frests frá hluthöfum sem hafa yfir að ráða meira en 10% hlutafjár, sbr. 7. mgr. 63. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Margfeldiskosningu verður því beitt við stjórnarkjörið. Vakin er athygli á ákvæðum 19. gr. samþykkta félagsins um stjórnarkjör þar sem fjallað er um kynjakvóta.

Framhaldsaðalfundur er lögmætur án tillits til fundarsóknar ef hann er löglega boðaður.

Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa á hluthafafundi má finna á vefsíðu félagsins, www.vis.is/fjarfestar.

BAUHAUS

# Fagmenn í grilli








## Allt frá grillpinnum til hágæða gasgrilla

Við erum sérfræðingar í grillum og erum með eitt mesta úrval landsins af grillum og fylgihlutum. Hvort sem þig vantar kolagrill, hágæða gasgrill eða fylgihluti, þá getur þú verið viss um að finna það hjá okkur. Starfsfólk okkar er reiðubúið að aðstoða þig **- grillum saman á betra verði í sumar.**




### Go Anywhere kolagrill

41 x 21 cm.




### Mini Chef gasgrill

Brennari, 4,3 kW/klst. Grillflötur 42 cm í þvermál. Þrýstikveikjurofi. Grillflötur 39 cm. Einkaleyfisvarið trektarkerfi. Stórt svæði fyrir óbeina eldun. Hitamælir í loki. 2 hliðarborð. Lok á hjörum.




### Gasgrill Q3200

2 ryðfríir brennarar, 6,35 kW/klst. Rafstýrður kveikirofi. Grillflötur 63 x 45 cm, efri grind 44 x 11 cm. Tvískiptar grillgrindur úr pottjárni. Lok og botn úr álsteypu. Grátt. Hitamælir í loki. Niðurfellanleg hliðarborð.




### Canberra gasgrill

4 brennarar úr endingargóðu steypujárni, 12,8kW/klst. Rafstýrður kveikirofi. Grillflötur 47 x 45 cm, fjórskipt grind úr steypujárni. 4 læsanleg hjól. Hitamælir í loki. Skápur undir gaskút.




### Baron 440 gasgrill

4 Dual Tube ryðfríir brennarar, 11,4 kW/klst. Hliðarbrennari, 2,7 kW/klst. Grillflötur 64 x 44 cm. Skápur undir gaskút. Grillhilla og verkfæri fylgja.




### Regal XL gasgrill

4 + 2 brennarar, 17,6 kW/klst. Bakbrennari, grillteinn, 4,4 kW/klst. Hliðarbrennari, 2,7 kW/klst. Grillfletir 64 x 49 cm og 30 x 49 cm. Skápur undir gaskút. Þarf að sérpanta.

Tilboðið gildir frá miðvikudeginum 6. april til og með sunnudeginum 10. april. Gildir á meðan birgðir endast.

BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is



Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sagði blaðamönnum á Bessastöðum að hann hefði þakkað forsetanum fyrir að bregðast rétt við á viðkvæmu augnabliki þegar hann synjaði forsætisráðherra um þingrof. Hann sagðist sjálfur ekki gera kröfu um embætti forsætisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Skjótt skipast veður í lofti

Bessastaðir voru í gær hringamiðja sögulegra atburða í íslenskri stjórnmálasögu. Atburðarásin hófst á fundi fjármálaráðherra og forsætisráðherra í gærmorgun og var hröð fram á kvöld.



Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, greinir frá því um hádegisbil að hann hafi neitað forsætisráðherra um þingrof. Síðar um daginn hafnaði Sigmundur Davíð því að hann hefði óskað eftir þingrofi á fundinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Óttarr Proppé, þingmaður Bjartrar framtíðar, og Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pírata, fylgjast með fregnum af því að lagt sé til að Sigurður Ingi Jóhannsson, varaformaður Framsóknarflokksins, taki við forsætisráðherraembætti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, fráfarandi forsætisráðherra, mætir á Bessastaði til fundar við Ólaf Ragnar Grímsson, forseta Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

DEBENHAMS



# BLÁA BOMBAN

# 20%

**VIÐBÓTARAFSLÁTTUR** AF ALLRI ÚTSÖLUVÖRU*

# ÚTSALA

KONUR • *herrar* • BÖRN • *skór*





**Allt að 40% afsláttur af nýjum yfirhöfnum****

*Gildir ekki af vörum á föstu verði.
**Gildir út sunnudag.

Finndu okkur á facebook

**OPIÐ Í DAG 11:00 – 19:00**

DEBENHAMS SMÁRALIND

# Leyft að hefja byggingu lúxushótels á Hörpureit

**SKIPULAGSMÁL** Félagið Reykjavik Development hefur fengið takmarkað byggingarleyfi til að hefja byggingu lúxushótels við hlið Hörpunnar.

Samkvæmt umsögn skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar um umsókn um hótelbygginguna liggja fyrir teikningar af mannvirkinu hjá embættinu. Afrit af þeim fæst hins vegar ekki afhent.

Í svari við beiðni Fréttablaðsins segir að ekki sé hægt að senda „vinnugögn sem geta hæglega breyst í meðferð nefnda og ráða“ en að þegar byggingarfulltrúi samþykki byggingarleyfið sé unnt að senda endanlega uppdrætti.

Hönnunarstjóri hótelbyggingarinnar hjá T.Ark Arkitektum hefur ekki svarað ítrekuðum skilaboðum frá Fréttablaðinu þar sem óskað er eftir teikningum sem sýna útlit hótelsins. Fram hefur komið að alþjóðlega hótelkeðjan Marriott stendur að verkefninu.



Opna á 250 herbergja hótel á Austurbakka árið 2018. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**» Borgin afhendir ekki teikningar sem liggja fyrir af nýju hóteli við Hörpu.**

Fyrrnefnt takmarkað byggingarleyfi sem byggingarfulltrúi samþykkti að veita í gær lýtur aðeins að jarðvinnu, undirstöðum og botnplötu og kjallaraveggjum ásamt innsteyptum lögnum í vatnsheldan hjúp bílakjallara, að því er kemur fram í fundargerð embættisins. **– gar**

## Hjólastyrkir til auðmanna

**NOREGUR** Milljónamæringar, forstjórar og ritstjórar eru á lista yfir þá íbúa Oslóar sem fengið hafa styrk frá borginni til að kaupa rafmagnshjól, að því er norska blaðið Dagbladet greinir frá.

Fulltrúi í umhverfis- og samgönguráði borgarinnar segir markmiðið að fá fólk til að skipta bílnum út fyrir rafmagnshjól. Það gildi hvort sem menn eru fátækir eða ríkir. Nú eigi að kanna hvort þetta hafi haft tilætluð áhrif. **– ibs**

## Arabíska er næstalgengasta málið í Svíþjóð

**SVÍÞJÓÐ** Fjölgun innflytjenda í Svíþjóð og hærri meðalaldur finnskumælandi íbúa hefur orðið til þess að arabíska er að fara fram úr finnsku sem næstalgengasta tungumál landsins. Þetta er mat málvísindamanns sem rannsakað hefur þann fjölda sem talar hin ýmsu tungumál í landinu.

Sænska ríkisútvarpið hefur það eftir Mikael Parkvall, sem byggir mat sitt á tölum frá 2012, að efnið sé viðkvæmt. Flest viðbrögðin hafi verið neikvæð en hann kunni ekki skýringu á því. **– ibs**

## Hafa fengið stöðumælaverði í öryggisvesti

**SVÍÞJÓÐ** Stöðumælaverðir í Linköping í Svíþjóð ganga nú í öryggisvestum. Fulltrúi bílastæðasjóðs í borginni segir þetta gert í fyrirbyggjandi skyni. Hótanir hafi ekki orðið verri.

Stöðumælaverðirnir, sem ganga með senditæki til að geta gert viðvart þegar hætta steðjar að, hafa nokkrum sinnum á ári verið beittir ofbeldi eða þeim verið hótað. **– ibs**

# Segir verkefnastjórn vaða í villu

**Iðnaðarráðherra gefur lítið fyrir vinnu verkefnisstjórnar rammaáætlunar. Segir niðurstöður hennar dæmi um skilningsleysi á samspili orku- og loftslagsmála. Vonar að niðurstöðum um virkjanakosti verði hnekkt.**



Ekkert fer á milli mála að ráðherra mislíkar tillaga verkefnisstjórnar rammaáætlunar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**ORKUMÁL** Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sagði á vorfundi Landsnets í gær að tillögur verkefnisstjórnar rammaáætlunar í síðustu viku um flokkun virkjanakosta í þriðja áfanga rammaáætlunar væru „ágætt dæmi um skort á skilningi á samspili orkumála og loftslagsmála“.

Þessa fullyrðingu byggði Ragnheiður Elín á því að tillögurnar byggja á niðurstöðum tveggja faghópa af fjórum; þeim sem fjalla um náttúruverðmæti, menningarminjar auk ferðaþjónustu og hlunninda en ekki þeim faghópum sem fjalla um samfélagsleg og efnahagsleg áhrif.

Ráðherra vitnaði í lögin um rammaáætlun í þessu samhengi og sagði skýrt að þetta væri óásættanlegt, en í lögunum, sem Ragnheiður Elín vitnaði til, segir: „Í verndar- og orkunýtingaráætlun skal í samræmi við markmið laga þessara lagt mat á verndar- og orkunýtingargildi landsvæða og efnahagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg áhrif nýtingar.“

„Þarna virðist því skorta nokkuð upp á „stóru myndina“ í framkomnu mati verkefnisstjórnar á virkjanakostum. Ekki verður séð af tillögum verkefnisstjórnar að til dæmis hafi verið lagt mat á sparnað á losun CO2 [koltvísýrings] af þeim virkjunarkostum sem til skoðunar voru. Út frá þeim þremur víddum sjálfbærrar þróunar sem lögin gera ráð fyrir, það er mati á efnahagslegum, umhverfislegum og samfélagslegum áhrifum nýtingar, ber að taka slíkt mat með í reikninginn, ásamt öðru, til að fá fram heildaráhrifin.“

Að þessu sögðu vísaði ráðherra til tólf vikna umsagnarferlis sem hefst á næstu vikum, þar sem hún gerði ráð fyrir að yfir þetta yrði farið „þannig að unnt verði að bregðast við áður en málið verður lagt fram á Alþingi næsta haust“. Fyrr í ræðu sinni hafði Ragnheiður Elín sagt: „Mér finnst það oft gleymast í umræðunni að endurnýjanleg orka á Íslandi skilar einmitt miklum ávinningi til umhverfis- og loftslagsmála heimsins. Einhverra hluta vegna er sparnaður í losun gróðurhúsalofttegunda oft ekki tekinn með í reikninginn þegar mat er lagt á ávinning virkjanakosta á Íslandi.“

Pílan til verkefnisstjórnar varðar drög að tillögu hennar um flokkun virkjanakosta. Þar eru helstu drættir að vatnasvið Skjálfandafljóts, Skaftár og Héraðsvatna og þar með stóru Jökulsánna í Skagafirði falla að óbreyttu í verndarflokk. Sjö nýir kostir falla í nýtingarflokk til viðbótar við þá níu sem fyrir voru. Þar á meðal tveir mjög svo umdeildir í neðri hluta Þjórsár – Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun.

svavar@frettabladid.is

> **Einhverra hluta vegna er sparnaður í losun gróðurhúsalofttegunda oft ekki tekinn með í reikninginn þegar mat er lagt á ávinning virkjanakosta á Íslandi.**
>
> Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra

### Ráðherra vill að þetta sé haft hugfast

- Uppsafnaður sparnaður í losun CO2 með endurnýjanlegri orku í stað olíu á Íslandi frá árinu 1944 er um 350 milljón tonn af CO2. Það jafngildir um 175 milljörðum trjáa í bindingu á CO2 og samsvarar skógi á stærð við Frakkland og Bretland samanlagt.
- Árlegur sparnaður í losun með nýtingu endurnýjanlegrar orku á Íslandi er 18 milljón tonn af CO2. Það jafngildir 9 milljörðum trjáa í bindingu á CO2, eða 43 þúsund ferkílómetrum af skógi – tæplega helmingi alls Íslands.
- 100 MW virkjun sparar árlega um 400.000 tonn af CO2 sem jafngildir um 200 milljónum trjáa í bindingu á CO2, eða 950 ferkílómetrum af skógi.




# Rýmingarsala!

## á völdum baðinnréttingum

**Við rýmum fyrir nýjum vörum og bjóðum veglegan afslátt.
Grípið tækifærið og gerið góð kaup!**




**Hefst í dag!**

# Gæði, úrval og gott verð!

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 til 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332

**i-t.is**

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

# FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

## Starfsstjórn



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Í ljósi þeirra mikilvægu verkefna sem eru ókláruð í ríkisstjórnarsamstarfinu og háværrar kröfu frá stjórnarandstöðu og hluta þjóðarinnar um kosningar væri eðlilegast að mynda starfsstjórn í nokkra mánuði og boða til kosninga í haust.

Atburðir síðustu tveggja sólarhringa munu vafalaust fá sinn sess í stjórnmálasögunni og 5. apríl 2106 mun seint líða mönnum úr minni. Svo virðist sem Sigmundur Davíð Gunnlaugsson eigi stóran þátt í því að gera eigin afsögn óumflýjanlega með samskiptaleysi við aðra ráðherra og samstarfsflokk sinn í ríkisstjórn. Mönnum varð ljóst þegar þáttur Kastljóss var sýndur á sunnudagskvöld að forsætisráðherra hafði þá haft rúmar þrjár vikur til að upplýsa um viðtal sem gæti orðið banabiti ríkisstjórnar hans. Á þessum þremur vikum hefði Sigmundur getað upplýst aðra ráðherra um málið. Hann hefði getað mætt í önnur viðtöl til að skýra mál sitt og draga úr því tjóni sem var í vændum. En hann kaus að þegja og bíða. Hann kaus að bíða eftir eigin pólitískum dauðdaga fremur en að sporna gegn honum með samráði við samstarfsfólk sitt.

Það er kaldhæðnislegt að síðar sama dag og viðtalið örlagaríka var tekið, föstudaginn 11. mars, voru forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra að skemmta sér í ráðherrabústaðnum í Tjarnargötu með mörgum af æðstu embættismönnum ríkisins og ráðgjöfum stjórnvalda, þeim Anne Krueger og Lee Buchheit, til að fagna góðum árangri í vinnu við afnám fjármagnshafta. Sigmundur kaus að segja ekkert þá frekar en síðar þótt hann vissi að fyrr um daginn hefði hann verið í viðtali sem yrði stórkostlega óþægilegt fyrir hann sjálfan og ríkisstjórnina. Það er hins vegar virðingarvert af forsætisráðherra að stíga til hliðar og segja af sér embætti á þessum tímapunkti en hann er fimmti ráðherrann sem það gerir í lýðveldissögunni.

Ísland er í mjög viðkvæmri stöðu og tiltrú útlendinga á íslensku efnahagslífi er á ákveðnum tímamótum. Núverandi ríkisstjórn hefur náð gríðarlegum árangri í vinnu við afnám fjármagnshafta með lausn á málefnum slitabúa föllnu bankanna. Fram undan er stórt verkefni tengt útboði svokallaðra aflandskróna sem er mikilvægur liður í afnámi hafta. Það eru miklir hagsmunir undir fyrir allt þjóðarbúið, að það takist vel. Besti valkosturinn í stöðunni núna, eftir að forseti hefur fallist á lausnarbeiðni forsætisráðherra, er að skipa starfsstjórn í nokkra mánuði, til dæmis fram á haust, til að ljúka þeim mikilvægu verkefnum sem eru á borðinu. Það væri mjög óábyrgt af stjórnarandstöðunni að styðja ekki starfsstjórn á meðan leyst er úr þessum verkefnum. Sú viðkvæma pólitíska staða sem er uppi er þegar farin að hafa áhrif enda rauk ávöxtunarkrafa á óverðtryggð ríkisskuldabréf upp í gær og í fyrradag. Að þessu sögðu er ekki víst að Sigurður Ingi Jóhannsson hafi þá pólitísku innistæðu sem er nauðsynleg til að gegna embætti forsætisráðherra í starfsstjórn fram á haust. Þar er æskilegt að breið samstaða sé um forsætisráðherraefni í slíkri stjórn og að einstaklingur sem gegnir embættinu njóti trausts þvert á flokka. Í því sambandi gæti sitjandi forseti Alþingis verið góður kostur, skorist hann ekki undan ábyrgð.

> **Ísland er í mjög viðkvæmri stöðu og tiltrú útlendinga á íslensku efnahagslífi er á ákveðnum tímamótum.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Afsögn, en samt ekki**

**Síðustu 48 klukkustundir hafa verið skringilegar í íslenskum stjórnmálum. Forsætisráðherra fer einn síns liðs á fund forseta og óskar eftir leyfi til að rjúfa þing. Forseti heldur kennslustund í stjórnskipunarrétti í beinni og vísar honum á dyr. Því næst kemur upp úr dúrnum að forsætisráðherra hafi hvorki haft sinn þingflokk með í ráðum né samstarfsflokkinn. Því næst setur þingflokkur forsætisráðherra hann af. Ef eitthvað getur kallast pólitískur ómöguleiki er það að Sigmundur Davíð geti stigið til hliðar, verið áfram formaður flokksins og setið sem óbreyttur þingmaður.**

**Að máta skó forseta**

**Forseti Íslands flýtti för sinni til Íslands vegna válegra tíðinda. Það má með sanni segja að forsetinn hafi leikið lykilhlutverk í þætti gærdagsins. Aldrei áður hefur forseti neitað sitjandi forsætisráðherra um þingrof, hirt hann opinberlega síðar í beinni útsendingu Stöðvar 2 og þurft að bera til baka rangfærslur forsætisráðherra. Í nýju ljósi má skoða þá frambjóðendur sem boðið hafa fram krafta sína til að gegna embætti forseta Íslands. Nú er stutt í kosningar til embættis forseta. Má því ætla að gærdagurinn verði notaður til að máta frambjóðendur; hvernig hefðu þeir tekið á málum í gær?**

**sveinn@frettabladid.is**

## Nýtum tækifærið



Magnús Orri Schram
varaþingmaður og frambjóðandi til formanns Samfylkingarinnar

Stjórnmálamenn sem virða ekki hlutverk sitt, og sýna almenningi hroka og yfirlæti; tilheyra stjórnmálum gærdagsins. 22 þúsund manns á Austurvelli gáfu skýr skilaboð. Fólk vill breytingar. Hávær mótmæli almennings voru þverpólitísk og það væri mikil einföldun að túlka þau út frá hefðbundnum flokkadráttum eða reyna að eigna sér þau með einhverjum hætti. Mótmælin voru ákall um heiðarleika og traust og fólu í sér andúð á siðrofinu.

Það er því ekki valkostur fyrir stjórnmálaflokka að mæta til leiks án verulegra breytinga á því hvernig þeir stunda sína pólitík. Fólkið er að kalla eftir nýrri stjórnmálamenningu og hvernig stjórnmálamenn umgangast vald. Fólk vill auðmýkt og heiðarleika, siðferðislega endurreisn stjórnmála og samfélags. Að unnið sé fyrir almannahagsmunum, ekki sérhagsmunum. Að verkefnið skipti máli, en ekki egóið, flokkurinn eða klíkan. Nú þarf að leggja af klækjastjórnmál. Gera breytingar á vinnulagi og talsmáta, tala öðruvísi og vinna öðruvísi. Nú þarf að siðvæða íslensk stjórnmál.

Hér getur ný stjórnarskrá markað upphafið. Hún er táknrænn samfélagssáttmáli, ritaður af fólkinu og setur ramma um stjórnmálin. Þar er t.d. tekið á mikilvægi opinna gagna, sannleiksskyldu ráðherra, ábyrgð ráðherra, mannréttindum, sjálfstæði dómskerfisins, og hagsmunaskráningu og vanhæfi þingmanna. Um leið opnar hún fyrir þjóðaratkvæðagreiðslur og virkara lýðræði, enda er það úrelt fyrirkomulag að þjóðin komi aðeins að ákvarðanatöku á fjögurra ára fresti. Þess á milli geti stjórnmálamenn hagað sér að vild. Þar hefur fulltrúalýðræðið ekki staðist tímans tönn. Þess vegna þurfum við nýja stjórnarskrá.

Nú kemur í ljós hvort stjórnmálamenn ætla að mæta kalli tímans. Mæta almenningi af heiðarleika og auðmýkt. Nálgast vald á nýjan hátt. Breyta vinnulagi og talsmáta. Vinna fyrir opnum tjöldum og setja hagsmuni almennings ofar persónulegum metnaði eða flokkshollustu. Annars eru þeir ekki að mæta kalli tímans.

> **Mótmælin voru ákall um heiðarleika og traust og fólu í sér andúð á siðrofinu.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Er ein kráka í hendi betri en tvær í skógi?



Þorkell Helgason
áhugamaður um bætta stjórnarskrá og sat í stjórnlagaráði

Greinarhöfundur fjallaði hér í Fréttablaðinu 2. apríl sl. um innihaldið í frumvarpsdrögum stjórnarskrárnefndar sem kynnt hafa verið. (Því miður hefur uppsetningin brenglast lítillega í blaðinu en rétt upp setta má finna greinina á vefsíðunni visir.is; sjá http://www.visir.is/hvad-sagdi-stjornlagarad-um-tillogur-stjornarskrarnefndar-/article/2016160409845)

Nú verður haldið áfram og hugað að framvindu málsins.

**Staðan nú**

Nú, nær fimm árum eftir að stjórnlagaráð lagði fram heildardrög að nýrri stjórnarskrá, búum við enn við þá gömlu, óbreytta. Við, sem viljum nýja stjórnarskrá byggða á þeim grundvelli sem stjórnlagaráð lagði, verðum að spyrja okkur hvort við teljum tillögur stjórnarskrárnefndar spor í rétta átt, áfangasigur, sem beri að fagna, eða leiðarenda málsins og um leið blindgötu. Hvort tillögurnar séu viðunandi áfangi fer að talsverðu leyti eftir því hvernig nefndin tekur á þeim ábendingum um lagfæringar sem hún hefur fengið. Verði niðurstaðan sú að endanlegar tillögur nefndarinnar séu kráka í hendi ber þá ekki að fagna því og þiggja? Hinar krákurnar tvær í skógi ættu að geta náðst síðar. Ef ekki, er þá ekki þessi eina í hendi skárri en engin? Látum svörin bíða þess sem fram vindur.

**Hvað svo?**

En jafnvel þótt stjórnarskrárnefndin nýja skili af sér viðunandi tillögum, er kálið ekki sopið þó að í ausuna sé komið. Við tekur umfjöllun á Alþingi og atkvæðagreiðsla þar. Frumvörp stjórnarskrárnefndar verða að fá stuðning 2/3 hluta greiddra atkvæði á þinginu, atkvæði 42 þingmanna, ef hinir 21 eru allir á móti. Það eitt kallar á stuðning minnst þriggja þingflokka. Þingmenn kunna að vera andvígir umræddum stjórnarskrárbreytingum, bæði þeir sem vilja sem minnstu breyta svo og hinir sem telja of skammt gengið. Að málinu yrði því sótt úr tveimur áttum.

Hljóti frumvörpin, eitt, tvö eða öll þrjú, tilskilin stuðning á þingi fer málið í þjóðaratkvæðagreiðslu, en þar eru líka settar skorður. Ekki nægir að meiri hluti þeirra, sem þátt taka, ákveði endanlega um afdrif breytingarfrumvarpanna heldur verða 40% kjósenda á kjörskrá að styðja hvert frumvarpanna til að það teljist samþykkt. Þetta er strangt skilyrði. Jafnvel þótt kosningaþátttaka yrði þokkaleg, segjum 60%, þurfa 2/3 þeirra sem þátt taka að vera fylgjandi breytingunni. Rúmur þriðjungur nær á hinn bóginn að fella málið. Eins og á þingi kynnu þá andstæðingar að sameinast gegn breytingunum.

Til þess að slíkar stjórnarskrárbreytingar nái fram að ganga, þarf því að virkja stóran hluta kjósenda til þátttöku og megnið af þeim verður að sannfærast um ágæti frumvarpanna.

Af þessu sést að brýnt er að undirbúa hugsanlega þjóðaratkvæðagreiðslu vel, hafa góða kynningu – með og móti – og síðast en ekki síst að velja réttan tíma. Að mínu mati væri, úr því sem komið er, æskilegast að hafa atkvæðagreiðslu um stjórnarskrárbreytingar samhliða næstu þingkosningum. Samkvæmt ákvæðum stjórnarskrár og kosningalaga verða þingkosningar að fara fram í síðasta lagi 29. apríl 2017. Bráðabirgðaákvæðið um verklagið við stjórnarskrárbreytingu, sem til stendur að nýta, fellur úr gildi degi síðar, eða 30. apríl 2017. Þannig væri enn borð fyrir báru.

> **Nú, nær fimm árum eftir að stjórnlagaráð lagði fram heildardrög að nýrri stjórnarskrá, búum við enn við þá gömlu, óbreytta.**

Nú kann að vera sagt að óheppilegt sé að tengja saman þjóðaratkvæðagreiðslu og þingkosningar. Forseti lýðveldisins hefur tekið svo stórt upp í sig að segja það „jafnvel andlýðræðislegt í eðli sínu" að þjóðaratkvæðagreiðsla blandaðist komandi forsetakosningum. Ekki verður tekið undir þá skoðun auk þess sem hér er ólíku saman að jafna. Það er einmitt tilvalið að spyrða saman þingkosningar og stjórnarskrármál. Stjórnarskráin mun þá verða einna efst á baugi í aðdraganda þingkosninganna. Þjóðinni gefst þannig tækifæri til að hafa samræmi í gerðum sínum, að taka afstöðu til stjórnarskrárbreytinga og kjósa jafnframt þá á þing sem vilja fylgja eftir frekari stjórnarskrárbreytingum – jafnvel á grundvelli tillagna stjórnlagaráðs. Hinir sem vilja sem fæstu breyta kjósa þá kyrrstöðuflokka.

Þessi þráður verður ekki spunninn lengra að sinni. Nú er þess að bíða að stjórnarskrárnefnd skili af sér – og þá vonandi bættum tillögum.

# Skerðing vegna atvinnutekna aldraðra eykst!



Björgvin Guðmundsson
viðskiptafræðingur

> **Við þessar upplýsingar er því við að bæta að samkvæmt nýju tillögunum hefst skerðing grunnlífeyris á ný.**

Fyrir alþingiskosningarnar 2013 skrifaði Bjarni Benediktsson formaður Sjálfstæðisflokksins bréf til eldri borgara. Í bréfinu lofaði Bjarni að afnema allar tekjutengingar vegna aldraðra í kerfi almannatrygginga. Þetta var stórt loforð og hefði skipt miklu máli, ef það hefði verið efnt. Bjarni varð fjármálaráðherra og hefur því verið í góðri stöðu til þess að efna loforðið en það hefur ekki verið gert enn.

Lagðar hafa verið fram nýjar tillögur um breytingar á almannatryggingum. Eru tekjutengingar afnumdar þar? Nei. Þvert á móti eru skerðingar lífeyris aldraðra hjá TR auknar vegna atvinnutekna. En hvað með skerðingar vegna greiðslna úr lífeyrissjóði? Það er sáralítið dregið úr þeim. Til dæmis mun einhleypur eldri borgari, sem hefur 200 þúsund krónur á mánuði úr lífeyrissjóði sæta 90 þúsund króna skerðingu hjá TR á mánuði eftir skatt í nýja kerfinu en það er sama skerðing og er í dag. Ávinningur er enginn. Sá, sem hefur 300 þúsund á mánuði úr lífeyrissjóði, mun fá 135 þúsund króna skerðingu á mánuði eftir skatt (einhleypur) en í dag er skerðing hjá honum 140 þúsund kr. á mánuði eftir skatt. Ávinningur er 5 þúsund á mánuði.

**Skref stigið til baka**

Hjá kvæntum eldri borgara lítur dæmið svona út: Eldri borgari í hjónabandi eða sambúð með 200 þúsund á mánuði úr lífeyrissjóði sætir 86 þúsund króna skerðingu á mánuði eftir skatt í dag en í nýja kerfinu verður skerðingin 90 þúsund á mánuði eftir skatt. Staðan versnar m.ö.o. um fjögur þúsund á mánuði. Og hjá þeim, sem hefur 300 þúsund á mánuði úr lífeyrissjóði, er 124 þúsund króna skerðing hjá TR á mánuði eftir skatt en í nýja kerfinu verður skerðingin 135 þúsund krónur á mánuði eftir skatt. Skerðingin eykst m.ö.o. um 11 þúsund á mánuði. Við þessar upplýsingar er því að bæta að samkvæmt nýju tillögunum hefst skerðing grunnlífeyris á ný. En hún var afnumin vorið 2013 eftir harða baráttu Félags eldri borgara í Rvk og LEB. Þarna verður stigið skref til baka.

Dregið verður hins vegar úr skerðingum vegna fjármagnstekna. Skerðingin er óhemju mikil í dag, þar eð frítekjumark vegna fjármagnstekna er aðeins rúmar 8 þúsund krónur á mánuði. En nú verður skerðing 45%. Skerðing minnkar því nema á allra lægstu fjármagnstekjum. Hins vegar munu fjármagnstekjur áfram vega 100% en ekki 50% eins og núverandi stjórn lofaði í stjórnarsáttmálanum. Um áramótin 2008/2009 var ákveðið að fjármagnstekjur mundu vega 100% í stað 50% áður. Þetta lofaði núverandi stjórn að leiðrétta. Hún stendur ekki við það.

# Valdníðsla hjá Félagi leiðsögumanna?



Jakob S. Jónsson
leiðsögumaður

Í Fréttablaðinu 25. febrúar sl. benti ég á nauðsyn þess að Félag leiðsögumanna yrði opnað öllum starfandi leiðsögumönnum enda væri það eina leiðin til að efla samtakamátt stéttarinnar. Leiðsögumenn þurfa samtakamátt til að bæta kjör sín, standa vörð um menntun innan greinarinnar og til að geta orðið marktækt afl í stefnumótun um ferðaþjónustu á Íslandi.

Í þessu augnamiði lagði ég við annan mann á nýafstöðnum aðalfundi Félags leiðsögumanna þann 29. febrúar sl. fram með tilskildum fyrirvara tillögur til breytinga á lögum félagsins, sem miðuðu að því að efla það sem stéttarfélag og gera það meira aðlaðandi fyrir alla starfandi leiðsögumenn eins og eðlilegt á að vera um stéttarfélög.

Þessar lagabreytingartillögur komu að segja má fram á hárréttum tíma, því nýlega hefur komið í ljós að engin námskrá um leiðsögunám er viðurkennd eða staðfest af ráðuneyti menntamála og þar með er grundvöllurinn fyrir tvískiptingu Félags leiðsögumanna í svonefnt fagfélag og stéttarfélag úr sögunni (sjá grein mína í Fréttablaðinu 17. mars sl.). Þar með hafa skapast forsendur til að vinna að menntunarmálum leiðsögumanna á nýjum grunni. Auk þess fengist sterkari samtakamáttur með því að fjöldi starfandi leiðsögumanna sem hingað til hefur ekki talið sig eiga erindi í Félag leiðsögumanna sæi félagið tilbúið til að breiða út faðm sinn til þeirra og bjóða þá velkomna til þátttöku í að efla samtök leiðsögumanna.

En á aðalfundi Félags leiðsögumanna var lagabreytingartillaga okkar félaga slegin út af borðinu án kynningar og umræðu. Þegar kom að því að kynna átti lagabreytingartillögur okkar var borin var upp tillaga, kynnt sem dagskrártillaga en sem fundarstjóri tók til afgreiðslu án umræðu eins og um frávísunartillögu væri að ræða. Að áliti lögfræðinga er slík afgreiðsla á lagabreytingartillögu í meira lagi hæpin og í andstöðu við félagsrétt. Dagskrá aðalfundar FL er tilgreind í lögum félagsins eins og venja er í félagslögum. Þar af leiðandi hefur hún sérstakt vægi; henni verður ekki breytt með einfaldri dagskrártillögu, enda væri þá meirihluta fundarmanna í lófa lagið að slá tillögur minnihluta af borðinu. Það væri auðvitað gerræði og valdníðsla eins og hver maður sér. Þá er það í fullkominni andstöðu við fundarsköp að afgreiða dagskrármál sem hvorki hefur verið kynnt eða rætt með frávísun eins og fundarstjóri gerði. Á þessum aðalfundi Félags leiðsögumanna verður sennilega eingöngu kennt um handvömm fundarstjóra hvernig fór, því stjórn félagsins vill áreiðanlega ekki láta orða sig við gerræði og valdníðslu. Þá er það örugglega einnig handvömm hjá fundarstjóra að hann sjálfur greiddi dagskrártillögunni atkvæði fyrstur fundarmanna með handauppréttingu.

> **En á aðalfundi Félags leiðsögumanna var lagabreytingartillaga okkar félaga slegin út af borðinu án kynningar og umræðu.**

**Hlýtur að vera miður sín**

Stjórn Félags leiðsögumanna hlýtur að vera miður sín yfir því að þessi klaufalega fundarstjórn hafi orðið þess valdandi að mikilvægt hagsmunamál leiðsögumanna var slegið út af borði aðalfundar umræðulaust. Auðvitað vill stjórn FL að hagsmunamál leiðsögumanna séu rædd og reifuð og að öll sjónarmið, meirihluta sem minnihluta, fái að koma fram á fundum félagsins.

Ég hef því sent stjórn Félags leiðsögumanna bréf og óskað að boðað verði til framhaldsaðalfundar 2016 við fyrsta tækifæri þar sem haldið verður áfram að ræða lagabreytingar í samræmi við lög félagsins um aðalfund og að þá verði rædd og afgreidd sú lagabreytingartillaga sem lögð var fyrir aðalfundinn.

Ég er þess fullviss að stjórn Félags leiðsögumanna vill að félagið sé á hverjum tíma sem best í stakk búið til að sinna kjaramálum leiðsögumanna, að það standi vörð um menntun leiðsögumanna og sé marktækt afl í umræðu um stefnumótun ferðaþjónustu á Íslandi. Lagabreytingartillagan sem við félagar lögðum fyrir aðalfund er í fullu samræmi við það. Hún miðar að því að efla félagið og styrkja leiðsögumenn í starfi sínu.

AÐALFUNDUR BYGGIÐNAR
– FÉLAGS BYGGINGAMANNA
verður haldinn fimmtudaginn 7. apríl kl. 18:00
í BORGARTÚNI 30, REYKJAVÍK
og SKIPAGÖTU 14, AKUREYRI.
Venjuleg aðalfundarstörf, kosningar á þing Samiðnar og ASÍ.
Stjórnin.
Málsvari byggingamanna
BYGGIÐN
Félag byggingamanna

Við finnum rétta einstaklinginn í starfið
capacent
Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.
www.capacent.is

## Snæfell komið í úrslit en Haukar eru ekki búnir að gefast upp



Ekki búið enn Haukastúlkur áttu á hættu að fara í snemmbúið sumarfrí í gær en tóku það ekki í mál. Þær sýndu klærnar gegn Grindvíkingum og keyptu sér í það minnsta einn leik til viðbótar í einvíginu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Munum kíkja á varnarleikinn

**Geir Sveinsson landsliðsþjálfari segir að það þurfi að skoða ýmislegt eftir tvö töp gegn Noregi ytra í gær. Fyrstu töpin síðan 2008. Íslenska liðið varð fyrir áfalli þegar Snorri Steinn Guðjónsson meiddist.**

HANDBOLTI „Þetta snerist aðeins við núna. Á sunnudag vorum við sáttari við seinni hálfleik en þann fyrri en það var á hinn veginn núna," segir Geir Sveinsson landsliðsþjálfari en strákarnir hans voru teknir í bakaríið, 34-27, af Norðmönnum í Þrándheimi í kvöld.

Íslenska liðið tapaði því báðum leikjum sínum gegn Noregi en á sunnudag töpuðu strákarnir 29-25.

„Það er auðvitað margt jákvætt inn á milli en ég er eðlilega aldrei ánægður með að tapa og hvað þá með sjö marka mun," segir Geir en það munaði aðeins tveimur mörkum á liðunum í hálfleik, 15-13, en svo hrundi leikur íslenska liðsins eins og spilaborg. Norðmenn náðu mest níu marka forskoti.

„Það var þá sem við tókum við okkur og minnkuðum forskotið í fjögur mörk. Við gefum þeim síðan boltann og fáum á okkur allt of mikið af hraðaupphlaupsmörkum."

### Leitin að þristaparinu

Það vantaði lykilmenn eins og Aron Pálmarsson og Guðjón Val Sigurðsson í þessa leiki og Geir notaði leikina til þess að prófa ýmislegt.

„Við erum að leita að pari fyrir miðri vörninni sem hentar best fyrir okkur. Svo keyrðum við mikið á ungum leikmönnum í þessum leikjum og þeir gáfu okkur ákveðin svör. Við prófum Stefán Rafn sem tvist í vörninni líka. Það kom margt jákvætt úr því og ánægjulegt að hafa getað prófað marga hluti í þessum leikjum," segir Geir en er hann búinn að finna þristaparið sitt sem stendur í miðri vörninni?



Geir þarf að laga ýmislegt hjá landsliðinu á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

> Mér fannst liðsandinn og dugnaðurinn mjög góður. Menn voru að leggja sig fram en við gerum of mörg mistök í þessum leikjum.
>
> Geir Sveinsson

„Við spiluðum á öllum þeim kostum sem koma til greina núna í þessum leikjum. Nú skoðum við þetta í rólegheitunum og berum leikina saman. Vonandi gefur það okkur einhverja niðurstöðu."

### Engin markvarsla

Aron Rafn Eðvarðsson varði ágætlega í fyrri leik liðanna en markvarslan í gær var nánast engin og munar um minna.

„Það er klárt að markvarslan hefur verið betri og ég efast um að við höfum verið með tíu varða bolta. Auðvitað spilar varnarleikurinn þar aðeins inn í líka en við fáum samt á okkur 15 mörk í fyrri hálfleik en verjum aðeins þrjú skot."

Geir var ráðinn aðeins þremur dögum fyrir fyrri leikinn og náði einni æfingu áður en haldið var í leik. Niðurstaðan engu að síður tvö töp gegn liði sem Ísland gat ekki tapað fyrir og hafði ekki tapað fyrir síðan 2008.

„Mér finnst ekki sanngjarnt að tala mikið um að þetta séu fyrstu töpin gegn Noregi síðan 2008 því Norðmenn eru með sitt allra besta lið hérna og á leið í undankeppni Ólympíuleikanna. Á móti kemur að það vantar menn í okkar lið og við erum að prófa unga menn og annað. Það er allt önnur hvatning í gangi," segir Geir.

„Engu að síður þurfum við að skoða okkar stöðu út frá þessum leikjum. Við Óskar Bjarni munum setjast yfir þetta og komast að einhverri niðurstöðu um handboltann hjá liðinu."

### Góður liðsandi

Geir talaði um þegar hann var ráðinn að hann og menn ættu að vera tilbúnir að fórna sér fyrir landsliðið. Þeir ættu að vera hungraðir í að ná árangri með liðið.

„Mér fannst liðsandinn og dugnaðurinn mjög góður. Menn voru að leggja sig fram en við vorum að gera of mörg mistök í þessum leikjum. Við prófuðum marga leikmenn sem hafa ekki of mikla reynslu. Svo vorum við líka að spila við mjög gott lið sem var ekki fjarri því að spila til úrslita á EM."

Geir fær að halda strákunum út vikuna og mun vera með liðið á æfingum hér heima. Hvað ætlar hann helst að leggja áherslu á?

„Þegar maður fær á sig 34 mörk þá gefur auga leið að það þarf að kíkja á varnarleikinn. Hann var langt í frá að vera nógu góður fyrstu 15 mínútur seinni hálfleiks í dag. Svo eru það hraðaupphlaupsmörkin sem við fáum á okkur. Við verðum að finna lausnir á þessu," segir Geir sem ætlar ekki að gera neina stórkostlegar breytingar á liðinu.

„Það er enginn að spila sig út úr liðinu. Núna fáum við Aron og Guðjón Val á æfingar með okkur. Við nýtum þessa daga til að vinna í því sem við viljum koma á framfæri til strákanna. Það er helst að við viljum spila betri handbolta og það er alls staðar hægt að drepa niður fæti þar."

### Snorri meiddist

Snorri Steinn Guðjónsson meiddist í leiknum í gær og óttast að hann sé ristarbrotinn. Það þýðir að leikirnir gegn Portúgal í júní um laust sæti á HM gætu verið í uppnámi hjá honum.

„Hann gæti verið ristarbrotinn. Það var hugað að honum á staðnum og hann fór síðan upp á sjúkrahús eftir leikinn. Við vonum samt það besta að sjálfsögðu."

henry@frettabladid.is

## Nýjast

**Meistaradeild Evrópu, 8 liða úrslit**

**Barcelona - Atlético 2-1**
0-1 Fernando Torres (25.), 1-1 Luis Suarez (63.), 2-1 Luis Suarez (74.).
Rautt spjald: Fernando Torres (35.).
***Þetta var fyrri leikur liðanna.***

**Bayern - Benfica 1-0**
1-0 Arturo Vidal (2.).
***Þetta var fyrri leikur liðanna.***

**Domino's-deild kvenna, undanúrslit**

**Haukar - Grindavík 72-45**
**Haukar:** Helena Sverrisdóttir 30/11 fráköst/7 stoðsendingar, Dýrfinna Arnardóttir 11, Sylvía Rún Hálfdanardóttir 11/7 fráköst/3 varin skot, María Lind Sigurðardóttir 8/6 fráköst, Sólrún Inga Gísladóttir 5.
**Grindavík:** Whitney Michelle Frazier 13/6 fráköst, Íris Sverrisdóttir 7, Helga Einarsdóttir 6, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 5/7 fráköst, Petrúnella Skúladóttir 4/4 varin skot.
***Staðan í einvíginu er 1-2 fyrir Grindavík.***

**Snæfell - Valur 77-71**
**Snæfell:** Bryndís Guðmundsdóttir 22/14 fráköst, Haiden Denise Palmer 20/13 fráköst/8 stoðsendingar/5 stolnir, Alda Leif Jónsdóttir 15/9 fráköst/3 varin skot, Berglind Gunnarsdóttir 11/8 fráköst/5 stoð..
**Valur:** Karisma Chapman 19/22 fráköst/5 stolnir, Bergþóra Holton Tómasdóttir 11/5 fráköst, Guðbjörg Sverrisdóttir 10, Hallveig Jónsdóttir 9, Dagbjört Karlsdóttir 9.
***Snæfell vann einvígið, 3-0, og er komið í úrslitaeinvígið.***

**Vináttulandsleikur**

**Noregur - Ísland 34-27**
**Noregur:** Bjarte Myrhol 5, Magnus Jöndal 5, Kristian Björnsen 5, Sander Sagosen 4, Christoffer Rambo 4, Harald Reinkind 3, Espen Lie Hansen 3, Magnus Gullerud 2, Thomas Kristensen 1, Petter Överby 1, Christian O'Sullivan 1.
**Ísland:** Ásgeir Örn Hallgrímsson 5, Arnór Þór Gunnarsson 5, Rúnar Kárason 3, Róbert Gunnarsson 3, Stefán Rafn Sigurmannsson 3, Ólafur Guðmundsson 2, Bjarki Már Elísson 2, Guðmundur Árni Ólafsson 2, Arnór Atlason 1, Bjarki Már Gunnarsson 1.

### KSÍ GREIÐIR EKKI FYRIR GRAS

Vefmiðillinm ledauphine.com hélt því fram að KSÍ myndi greiða 10 milljónir króna til að koma æfingavelli liðsins í Annecy í Frakklandi í almennilegt stand.

Strákarnir okkar halda til í bænum Annecy á meðan dvöl þeirra á EM í Frakklandi.

„Völlurinn var ekki í besta gæðaflokki þegar við sáum hann í haust en það voru hafnar framkvæmdir við að endurnýja völlinn og gera hann tipp topp. Kostnaðurinn við það er ekkert á okkar herðum samt," sagði Geir við íþróttadeild og vísar því á bug að KSÍ greiði fyrir grasið.

Formaðurinn sagði enn fremur að Knattspyrnusamband Evrópu, UEFA, sæi alfarið um að halda æfingavöllum þátttökuþjóðanna í sómasamlegu standi og útgjöldin væru á herðum þess.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.35 | PSG - Man. City | Sport |
| 18.35 | Wolfsburg - Real M. | Sport2 |
| 19.00 | Tindastóll - Haukar | Sport3 |
| 19.23 | The Masters | Golfstöðin |
| 20.45 | Meistaradeildarmörk | Sport |
| 19.30 | KA/Þór - Stjarnan | KA-hús |
| 19.30 | Selfoss - FH | Selfoss |
| 19.30 | ÍR - Fylkir | Austurberg |
| 19.30 | UMFA - Grótta | N1-Höllin |
| 19.30 | Fram - Valur | Framhús |
| 19.30 | Fjölnir - ÍBV | Dalhús |
| 19.30 | Haukar - HK | Schenker-höll |
| 19.15 | Tindastóll - Haukar | Síkið |




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 6. apríl 2016 | 14. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



## 3.380 milljóna niðurskurður

**Reykjavíkurborg ætlar að skera niður rekstur borgarinnar um næstum 3,4 milljarða króna. Þar af verður sparað um 1,8 milljarða á þessu ári. Borgarstarfsmönnum hefur fjölgað um 244 frá árinu 2010.** »6

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**»2**
**Vilja sushi**
Á meðal tíu vinsælustu veitingastaðanna eru þrír sushi-staðir.

**»4**
**Lítið fundað**
Stjórnstöð ferðamála hefur haldið þrjá fundi frá stofnun í nóvember.

**»8**
**Svipmyndin**
Guðbrandur Sigurðsson
Hættur í fjallgöngum og farinn í golf.

**»10**
**Hrakspár Lars**
Lars Christensen skrifar um öfgastefnur.

**»12**
**Einn sökudólgur**
Stjórnarmaðurinn spáir í stöðu Sigmundar.



## SKJÓÐAN

# Höfum við efni á Sigmundi Davíð?

**YFIRLEITT** eru stjórnarkreppur hér á landi til heimabrúks. Áhrif þeirra eru lítil utan landsteina. Svo er ekki nú. Ísland er forsíðuefni um víða veröld. Dæmalaust viðtal forsætisráðherra, þar sem hann reyndi að ljúga sig út úr viðtali við sænskan fréttamann, er eitthvert vinsælasta myndefnið á veraldarvefnum.

**SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON** er nefndur sem hluti ósvífnu tylftarinnar (dirty dozen). Þar er hann í hópi með fyrirlitlegum einræðisherrum. Að sönnu er Sigmundur Davíð hvorki harðstjóri né fjöldamorðingi eins og sumir á þessum lista enda listanum ekki ætlað að sýna fram á glæpi heldur siðleysi og spillingu.

**ÞEGAR** þetta er skrifað hafa forystumenn í íslensku atvinnulífi lýst áhyggjum sínum af því fjárhagstjóni, sem seta Sigmundar Davíðs í embætti forsætisráðherra getur valdið íslenska þjóðarbúinu. Þegar virðist farið að bera á afpöntunum erlendra ferðamanna á ferðum hingað til lands og forsvarsmenn útflutningsgreina hafa áhyggjur af því að spilltur forsætisráðherra og ríkisstjórn geti spillt mikilvægum mörkuðum.

**FRÁ HRUNI** hefur það orð farið af okkur Íslendingum, með réttu eða röngu, að við höfum tekið af festu á hruninu og orsökum þess. Vitnað er til þess að á Íslandi hafi bankamennirnir verið settir í fangelsi og hér sett ný stjórnarskrá. Íslenskir útflytjendur hafa fundið fyrir jákvæðum áhrifum vegna þessa á erlendum mörkuðum.

**NÚ ER** íslenski forsætisráðherrann á forsíðum helstu fjölmiðla í heimi sem eitt helsta dæmið um spilltan stjórnmálamann sem skarar eld að eigin köku og skapar sér og sínum annan efnahagslegan veruleika en hann ætlar þjóð sinni. Með réttu eða röngu er þetta staðreynd málsins.

**ÞANNIG ER** núverandi stjórnarkreppa ekki til heimabrúks eingöngu. Nú veit allur heimurinn að forsætisráðherrann er ósannindamaður sem varðveitir peningana sína í alþekktu skattaskjóli. Orð hans um að allt hafi verið gefið upp og greiddir af skattar eru léttvæg. Hann hefur þegar orðið uppvís að því að fara frjálslega með sannleikann. Á meðan slíkur maður situr í embætti forsætisráðherra geta útflutningsmarkaðir glatast.

**EF SJÁLFUR** forsætisráðherrann treystir sér ekki til að geyma peninga sína í heimalandinu og í gjaldmiðli eigin þjóðar hví skyldu erlendir fjárfestar treysta þessu landi? Hvernig ætla menn að afnema gjaldeyrishöftin og byggja upp trúna á hagkerfinu þegar sjálfur forsætisráðherrann gætir þess vandlega að hans eigin peningar komi þar hvergi nærri?

**ÞAÐ ER** óþekkt í vestrænum lýðræðisríkjum að kjörnir fulltrúar og ráðamenn geymi peninga í aflandsskattaskjólum og komist upp með það. Komist íslenskir ráðamenn upp með slíkt verður Ísland talið með þriðjaheimsríkjum en ekki vestrænum lýðræðisríkjum. Það getur haft afdrifaríkar og ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir útflutningstekjur og hag þjóðarinnar.

MARKAÐURINN

**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**

Umsjón **Jón Hákon Halldórsson** **jonhakon@365.is**

Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir** | Forsíðumynd **Stefán Karlsson**

Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is

FRÉTTABLAÐIÐ

59,9%

íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.*

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.




Gallup, okt.– des. 2015.

Allt sem þú þarft ...



Tokyo Sushi var með 17,1 prósents markaðshlutdeild meðal tíu vinsælustu veitingastaða í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Íslendingar vilja sushi

**Sushi er í miklu uppáhaldi hjá Íslendingum en þrír af tíu vinsælustu veitingastöðum Reykjavíkur, samkvæmt niðurstöðum Meniga, eru sushi-staðir. Mikill munur er á uppáhaldsveitingastöðum Íslendinga og ferðamanna.**

Tokyo Sushi var sá veitingastaður landsins sem Íslendingar versluðu mest við á þriggja mánaða tímabili sem náði til loka febrúar. Samkvæmt niðurstöðum Meniga nam markaðshlutdeild veitingastaðarins 17,1 prósenti meðal tíu vinsælustu veitingastaða Reykjavíkur og jókst hún um 0,6 prósent milli ára.

Í öðru sæti var Snaps Bistro sem var með 10,8 prósenta markaðshlutdeild, en tapaði 4,2 prósenta hlutdeild milli ára. Í þriðja sæti var svo VOX á Hilton Nordica. Sushi er greinilega vinsæll réttur meðal notenda Meniga en þrír af tíu vinsælustu stöðunum eru sushi-staðir og eiga þeir 36,1 prósents markaðshlutdeild meðal tíu vinsælustu veitingastaðanna.

Milli ára bætti Sushisamba við sig mestri markaðshlutdeild eða 1,4 prósentum. Á eftir Snaps lækkaði markaðshlutdeild Grillmarkaðarins mest, eða um 2,1 prósent.

Vegamót er vinsælasti staðurinn meðal yngsta aldurshópsins 16 til 25 ára, með 23 prósenta markaðshlutdeild. Tokyo Sushi er vinsælastur meðal aldurshópanna 26 til 55 ára, en 56 ára og eldri sækja mest VOX.

### Munur er á uppáhaldsstöðum Íslendinga og ferðamanna

| MENIGA Veitingastaðir | Markaðshlutdeild | tripadvisor Veitingastaðir |
|---|---|---|
| Tokyo Sushi | 17,1% | Friðrik V |
| Snaps Bistro | 10,8% | Ostabúðin |
| VOX | 10,6% | Resto |
| Ósushi | 9,8% | Matur og drykkur |
| Apotek restaurant | 9,7% | Fiskmarkaðurinn |
| Vegamót | 9,5% | Kaffivagninn |
| Sushisamba | 9,2% | Old iceland Restaurant |
| Slippbarinn | 8,9% | Sjávargrillið |
| Grillmarkaðurinn | 7,7% | Forréttabarinn |
| Tapas barinn | 6,7% | Fiskfélagið |

Það kemur ekki á óvart að yngsti aldurshópurinn ver lægstri upphæð þegar hann fer út að borða, eða 2.667 krónum að meðaltali, 46-55 ára hópurinn eyðir mestu, eða 5.347 krónum.

Ljóst er að mikill munur er á uppáhaldsstöðum Íslendinga og ferðamanna í Reykjavík. Engan af vinsælustu veitingastöðunum samkvæmt niðurstöðum Meniga er að finna á topp tíu vinsælustu stöðum í Reykjavík samkvæmt TripAdvisor. TripAdvisor er ferðasíða sem ferðamenn nýta sér til að finna veitingastaði, hótel og afþreyingu á ferðalögum. Þeir geta svo gefið einkunn eftir ánægju.

Þegar litið er á topp tuttugu listann á TripAdvisor má hins vegar sjá tvo veitingastaðina sem vinsælastir eru samkvæmt niðurstöðum Meniga; Grillmarkaðinn og Apótekið.

Úrvinnsla Meniga byggir á tölfræðilegum samantektum sem aldrei eru persónugreinanlegar.

saeunn@frettabladid.is

## Vikan sem leið

**414**

aflandsfélög voru stofnuð af Landsbankanum í Lúxemborg, dótturfélagi gamla Landsbankans. Þetta kom fram í umfjöllun Kastljóss um Panama-skjölin svokölluðu um aflandsfélög í skattaskjólum. Gögnin koma frá lögmannsstofunni Mossack Fonseca í Panama. Bankinn var langumsvifamestur íslenskra banka við stofnun aflandsfélga.

**6,5**
**prósent vextir**

Seðlabanki Indlands hefur lækkað vexti á lánum sínum til banka um 0,25 prósent, niður í 6,5 prósent. Vextirnir hafa ekki verið lægri í fimm ár. Vonast er til að með lægri vöxtum munu fjárfestar opna pyngjur sínar á ný og auka fjárfestingar. Hagvöxtur um þessar mundir er hærri á Indlandi en í Kína.

**645,8**
**milljarða útgjöld**

Heildarútgjöld ríkissjóðs á árinu 2015 námu 645,8 milljörðum króna að því er fram kemur í bráðabirgðaársuppgjöri sem sýnir stöðu fjármála á árinu hjá einstökum ríkisaðilum í A-hluta ríkissjóðs með hliðsjón af veittum fjárheimildum. Samtals voru 10,3 milljarðar króna innan fjárheimilda ársins.

## Á döfinni

**Miðvikudagur 6. apríl**
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum.
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Vöruviðskipti við útlönd, mars 2016, bráðabirgðatölur.

**Föstudagur 8. apríl**
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** Trúfélagsbreytingar.

**Mánudagur 11. apríl**
**LÁNAMÁL RÍKISINS** Mánaðarlegar markaðsupplýsingar Lánamála ríkisins.
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Efnahagslegar skammtímatölur í apríl 2016.

**Þriðjudagur 12. apríl**
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** Fjöldi þinglýstra leigusamninga um íbúðarhúsnæði eftir landshlutum.
**EIK** Aðalfundur 2016.

**Fimmtudagur 14. apríl**
**VESTMANNAEYJABÆR** Breyting á uppgjörsdegi vegna ársreiknings 2015.
**LANDSBANKINN** Aðalfundur.

**Föstudagur 15. apríl**
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Samræmd vísitala neysluverðs í mars 2016.
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Fiskafli mars 2016.
**VINNUMÁLASTOFNUN** Atvinnuleysistölur Vinnumálastofnunar.

**Mánudagur 18. apríl**
**FÍ FASTEIGNAFÉLAG** Aðalfundur FÍ fasteignafélags slhf.

**Þriðjudagur 19. apríl**
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu.

# SOCIAL PROGRESS WHAT WORKS?

**28 APRIL 2016**
HARPA Conference Centre, Reykjavík, Iceland
Norðurljós Hall: 08:30-15:00
Silfurberg: 16:00-18:00
Moderator: Michael Green, CEO of SPI

Join Professor **Michael E. Porter** for a meeting of social innovators from around the globe to identify solutions to some of the world's biggest problems.



The conference will be a watershed discussion of how countries, cities and regions have achieved standout social progress results. Insight from the Social Progress Index will anchor these conversations.

**Space is limited, so register now: www.gekon.is**

## SESSION 1: BASIC HUMAN NEEDS

**Dr. Swarnim Wagle, Nepal**
Former Member, Nepal Planning Commission

**Francis Gatare, Rwanda**
Chief Executive Officer, Rwanda Development Board

## SESSION 2: FOUNDATIONS OF WELLBEING

**Dr. Gunnar Haraldsson, Iceland**
Chief Economist, Gekon

**Mr. Beto Verissimo, Brazil**
Co-founder, Imazon

## SESSION 3: OPPORTUNITY

**Dr. Girol Karacaoglu, New Zealand**
Chief Economist, New Zealand Treasury

**Angel Toña**
Basque Minister of Employment and Social Affairs

## SESSION 4: SOCIAL PROGRESS IN AGGREGATE

**Victor Umaña, Costa Rica**
Director CLACDS, INCAE Business School

**City of Medellin representative (TBD)**

## OTHER SPEAKERS

**Prime Minister of Iceland**
**Ms. Liv Bergþórsdóttir,** CEO, NOVA
**Mr. Dagur B. Eggertsson,** Mayor, City of Reykjavík
**Mr. Matthew Bishop,** The Economist
**Dr. Jón Atli Benediktsson,** President, University of Iceland
**Prof. Martha Minow,** Dean, Harvard Law School
**Prof. Marc Fleurbaey,** Chair, International Panel on Social Progress
**Ms. Mette Lindgaard,** Partner, Deloitte
**David Erasmus & Louis Cole,** founders of The Solvey Project

**More information and full program here: www.socialprogressimperative.org**

Prime Minister's Office
NOVATOR
Sigillum Universitatis Islandiae
GEKON – a better move
WOW air
Arion banki
Deloitte.
REYKJAVÍK LOVES #reykjavikloves
SOCIAL PROGRESS IMPERATIVE



Sigurður Hannesson segir Sigmund ekki hafa rætt persónuleg fjármál sín eða eiginkonu sinnar við sig áður en sagt var frá Wintris opinberlega. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sigurður segist ekki hafa vitað af Wintris

Sigurður Hannesson, fulltrúi Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar í framkvæmdahópi um afnám fjármagnshafta, segir að sér ekki hafa verið kunnugt um eðli félagsins Wintris áður en sagt var frá því í fjölmiðlum. „Mér var ekki kunnugt um það að þau ættu kröfur á föllnu bankana, hvers eðlis félagið Wintris væri eða hvar í heiminum það væri staðsett,“ segir Sigurður í skriflegu svari til Markaðarins.

Sigmundur seldi helmingshlut í Wintris til Önnu Sigurlaugar Pálsdóttur, eiginkonu sinnar, á gamlársdag 2009. Félagið lýsti kröfum að verðmæti hálfs milljarðs króna í þrotabú föllnu bankanna.

Sigurður segir Sigmund ekki hafa rætt við sig um persónuleg fjármál sín eða Önnu Sigurlaugar Pálsdóttur fyrr en fjallað hafi verið um málið á opinberum vettvangi.

Sigurður var skipaður af Sigmundi sem formaður sérfræðingahóps um höfuðstólslækkun verðtryggðra húsnæðislána árið 2013. Þeir voru einnig saman við nám í Oxford á Bretlandi.

Anne Krueger, fyrrverandi aðstoðarframkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem starfaði sem hagfræðilegur ráðgjafi stjórnvalda við haftalosun, segist ekki vita neitt um Wintris og vill því ekki tjá sig frekar.

Óskað var eftir viðtali við Lee Buchheit, sem starfað hefur sem ráðgjafi stjórnvalda við haftalosun og við Icesave-samningaviðræðurnar en ekki var orðið við þeirri beiðni. – ih

# Veita ekki ráðgjöf vegna stofnunar aflandsfélaga

Talsmenn viðskiptabankanna þriggja segja allir að frá því að bankarnir voru stofnaðir haustið 2008 hafi þeir ekki aðstoðað einstaklinga eða lögaðila við að stofna reikninga eða félög á aflandssvæðum.

Óhætt er að segja að umrædda umræða um aflandsfélög hafi skekið íslenskt samfélag undanfarið eftir að Anna Sigurlaug Pálsdóttir, eiginkona Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra, sagði frá því að hún ætti félagið Wintris sem skráð er á Bresku Jómfrúaeyjunum. Síðar hefur komið í ljós að tveir ráðherrar Sjálfstæðisflokksins og tveir borgarfulltrúar tengdust aflandsfélögum. Þá var greint frá því í Kastljósþætti að sex hundruð íslenskir einstaklingar eða lögaðilar ættu 800 félög sem skráð væru á aflandssvæðum.

Komið hefur fram að mörg þeirra félaga sem voru stofnuð voru stofnuð með aðstoð Landsbankans í Lúxemborg sem var dótturfélag gamla Landsbankans. Í yfirlýsingu sem birtist á vef nýja Landsbankans í gær kemur fram að bankinn hafi ekki veitt sambærilega ráðgjöf frá því að hann var stofnaður og muni ekki gera. Þetta er í samræmi við stefnu sem Landsbankinn hf. setti árið 2010 þar sem mikil áhersla er lögð á samfélagslega ábyrgð.

Haraldur Guðni Eiðsson, upplýsingafulltrúi Arion banka, segir jafnframt að bankinn veiti ekki þjónustu af þessu tagi og Edda Hermannsdóttir, upplýsingafulltrúi Íslandsbanka, segir hið sama. „Íslandsbanki hefur hvorki aðstoðað einstaklinga né lögaðila við að stofna reikninga eða hlutafélög á aflandssvæðum. Slík þjónusta hefur ekki verið hluti af skilgreindu vöruframboði bankans eftir að hann var stofnaður í október 2008,“ segir í svari Eddu. – jhh



Tveir starfsmenn vinna hjá Stjórnstöðinni. Kostnaður ríkisins við Stjórnstöðina er 65 milljónir á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Stjórn ferðamála hefur þrisvar komið saman

**Stjórn Stjórnstöðvar ferðamála hefur haldið þrjá fundi frá stofnun stöðvarinnar 1. nóvember síðastliðinn. Fréttablaðinu er neitað um aðgang að fundargerðum. Sjötíu milljónum króna af skattfé verður varið til Stjórnstöðvarinnar í ár.**

Stjórn Stjórnstöðvar ferðamála hefur aðeins komið þrisvar saman frá því að Stjórnstöðin var sett á laggirnar þann 1. nóvember á síðasta ári. Þegar stjórnstöðin var sett á fót sagði ráðherra ferðamála mikið vera undir þar sem í ferðaþjónustu og uppbyggingu hennar fælust mikil sóknarfæri til aukinnar hagsældar samfélagsins.

Stjórn Stjórnstöðvar ferðamála er samansett af ráðherrum, fulltrúum ferðaþjónustunnar og fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hún kom tvisvar saman í nóvembermánuði og einu sinni í byrjun marsmánaðar. Stjórnstöð ferðamála fær 65 milljónir frá hinu opinbera til rekstursins. Tveir starfsmenn eru starfandi hjá Stjórnstöðinni sem stendur.

Hörður Þórhallsson, framkvæmdastjóri Stjórnstöðvar ferðamála, segist ekki geta veitt aðgang að fundargerðum Stjórnstöðvarinnar og bendir á Ragnheiði Elínu Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sem er formaður stjórnarinnar. „Verkefni Stjórnstöðvarinnar eru gríðarstór. Það er ekki eins og það komi inn ný verkefni í hverri viku. Ef vel gengur erum við að vinna verkefni í upp undir hálft ár,“ segir Hörður. „Það er því algjör óþarfi að halda öra fundi í stjórn Stjórnstöðvarinnar. Ég bað meira að segja um að sleppa einum fundi. Þegar á þarf að halda, þá eru fundir haldnir í stjórninni.“

Svar ráðuneytis Ragnheiðar við beiðni Fréttablaðsins um að fá aðgang að fundargerðum stjórnarinnar var að því væri hafnað. Voru svörin á þá leið að fundargerðir stjórnar væru vinnugögn og því undanþegin upplýsingarétti og leynd hvíldi yfir fundum stjórnarinnar.

Hörður var ráðinn sem verktaki til sex mánaða og rennur samningur hans út á næstu vikum. Hann sagði umræður um framtíð sína hjá Stjórnstöðinni vera hafnar milli hans og stjórnarinnar.

Fréttablaðið reyndi að ná tali af Ragnheiði Elínu Árnadóttur við vinnslu fréttarinnar. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir bar það ekki árangur. sveinn@frettabladid.is

SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI,
VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA
SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

HANDAFL EHF s. 777 2 333

# Óvissan hefur áhrif á skuldabréfamarkað

Ávöxtunarkrafa á flesta flokka ríkisbréfa hefur hækkað eftir helgina. Jón Bjarki Bentsson, sérfræðingur hjá Greiningu Íslandsbanka, telur að þetta tengist óvissu um framtíð ríkisstjórnarinnar. Tímasetning aflandskrónuútboðs er háð lagafrumvarpi frá Alþingi og pólitísk óvissa gæti haft áhrif á afdrif þess máls. Jón Bjarki segir að ávöxtunarkrafa á lengri flokka ríkisbréfa hafi hækkað um 0,3 prósent. „Það eru virkustu viðskiptin með þá þannig að þeir eru ágætis mælikvarði á stemninguna á markaði frekar en styttri flokkarnir,“ segir hann.

Jón Bjarki segir hækkunina tengjast almennri skammtímaóvissu vegna óróa á stjórnarheimilinu en ekki síður því að menn hafa áhyggjur af því að erlendir fjárfestar haldi sig til hlés í bili. „Þeir hafa haft mikil áhrif á markaðinn síðustu mánuðina og væntingar um þeirra hegðun er ekki hvað síst drifkraftur.“

Jón Bjarki segir rétt að halda því til haga að þrátt fyrir þessar hreyfingar þá sé ávöxtunarkrafan á ríkisbréf ekkert tiltakanlega há miðað við undanfarnar vikur. „Þó velta hafi verið töluverð og meiri svartsýni ríkjandi á markaði þá er eftir sem áður yfirvegun frekar en að það sé einhver allsherjar flótti á markaði,“ segir Jón Bjarki. – jhh




## Fiskislóð 10

625 m² á 2. hæð

Skrifstofuhúsnæði á vinsælu svæði nálægt höfninni. Nýr sérinngangur á austurhlið væntanlegur. Möguleiki á að innrétta eftir þörfum leigutaka.








## Dalshraun 3

400 m² á jarðhæð, sérinngangur

Bjart og rúmgott skrifstofu- eða þjónustuhúsnæði. Reitir innrétta húsnæðið í samræmi við þarfir leigutaka.

## Hátún 2b

365 m² á 2. hæð

Vandaðar skrifstofur með parketi og gólfsíðum gluggum. Rúmgóð rými í kjallara bjóða upp á ýmsa nýtingarmöguleika.

## Höfðabakki 9

416 m² á 5. hæð

Skrifstofuhúsnæði á 5. hæð í þessari glæsilegu byggingu.Möguleiki á að innrétta og endurnýja eftir þörfum leigutaka.

# TIL LEIGU

Allar nánari upplýsingar, myndir og teikningar, má nálgast á **www.reitir.is** og hjá Halldóri Jenssyni sölustjóra í **840 2100** eða **halldor@reitir.is.**

Kringlan 4–12 103 Reykjavík www.reitir.is 575 9000

: REITIR

*Velkomin til starfa*



Halldór Halldórsson, oddviti sjálfstæðismanna, tók til máls þegar borgarstjórn kom saman til fundar í Ráðhúsi Reykjavíkur eftir hádegið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Borgarstarfsmönnum fjölgað um 244

**Starfsmönnum Reykjavíkurborgar hefur fjölgað um 244 frá 2010, að sögn formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga. Nú verður breytt um kúrs og hagrætt um rúma þrjá milljarða á þremur árum. Starfsmönnum fækkar, húsnæði verður nýtt betur og hagrætt í innkaupum.**

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is

Borgarstjórn Reykjavíkurborgar áætlar að hagræða í rekstri á næstu þremur árum um 3,38 milljarða króna á föstu verðlagi til og með árinu 2018. Meirihluti hagræðingar kemur fram strax í ár, eða 1,78 milljarðar króna. Stærstur hluti þeirrar hagræðingar, eða um 670 milljónir króna, er á skóla- og frístundasviði.

Hagræðingaraðgerðirnar hafa ekki síst komið illa við leikskólastjóra sem funduðu með yfirmönnum skóla- og frístundasviðs undir lok síðustu viku. Í fjölmiðlum hefur komið fram að þeir sjá ekki fram á að geta rekið leikskólana komi til aukins niðurskurðar í rekstri þeirra. Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, sagðist í samtali við Stöð 2 á föstudag vera sammála leikskólakennurunum um að sparnaður í leikskólum væri kominn að þolmörkum. En hann telur fullvíst að leikskólabörn þurfi ekki að búa við skerta þjónustu. „Þetta á ekki að koma beint við þjónustuna við börnin. Það sem við erum fyrst og fremst að hagræða á þessu ári er í kaupum á vörum og þjónustu,“ segir Helgi.

Undir þetta tekur Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og bendir á að skóla- og frístundasvið sé langstærsta svið borgarinnar. „Við erum að spara minna hlutfallslega á skóla- og frístundasviði en í borgarrekstrinum í heild sinni.“ Þetta tiltekna svið fái um 40 prósent af útgjöldum borgarinnar.

„Stærð skóla- og frístundasviðs er einfaldlega þannig að ef við ætlum að loka þessu gati þá getum við ekki sleppt því að horfa líka þangað,“ segir Dagur. Hann segist ánægður með að skóla- og frístundasvið hafi lagt áherslu á að skerða ekki þjónustu við börnin.

„Það er verið að horfa á innkaup, verið að horfa á húsnæðismál, skipulagsmál og sparnað í yfirstjórn. En þessi óróleiki og óánægja sem maður skynjar tengist ekki bara því að það þurfi að hagræða heldur því að við erum að innleiða meira aðhald í fjármálin í heild sinni í öllu borgarkerfinu. Við tókum upp reglu sem reyndist mjög vel fyrir hrun þannig að þeir sem skila afgangi taki þann afgang með sér milli ára. Og þar sem um halla er að ræða, sem megi ekki rekja til óhagstæðra ytri skilyrða heldur ákvarðana í stjórnun, þá taki þeir með sér þann halla milli ára,“ segir Dagur.

### Veltufé frá rekstri sem hlutfall af heildartekjum




### Vill hagræða árlega

Í erindi sem Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar, hélt á ráðstefnu um kynjaða hagstjórn í síðustu viku sagði hann að það ætti að vera árlegur viðburður hjá hverju sveitarfélagi að hagræða um 1,5 prósent. Sagði hann að þetta væri regla hjá dönskum sveitarfélögum og þætti ekki mikið mál.

Birgir Björn sagði að í desember síðastliðnum hefði verið gert ráð fyrir því að halli á A-hluta borgarsjóðs (það er sá hluti borgarsjóðs sem er fjármagnaður með skatttekjum) yrði 13,4 milljarðar árið 2015. Þetta væri verulegt áhyggjuefni. Hann sagði það jafnframt vera áhyggjuefni að veltufé frá rekstri (þ.e. afgangur af rekstrarfé), sem hlutfall af tekjum, færi minnkandi. Það var 8,8% árið 2013, 5,4 prósent ári seinna og fimm prósent árið 2015. Birgir sagði að hugsanlega mætti rekja þá ástæðu til þess að ekki væri tekið reglulega til í rekstri borgarinnar.

Dagur borgarstjóri segir í samtali við Markaðinn að ástæða versnandi rekstrarstöðu borgarinnar sé sú að launin taki hærra hlutfall af rekstrarfé. „Það er í raun glíman sem meira og minna öll sveitarfélög hafa átt við að stríða síðastliðin tvö ár. Það er búið að gera löngu tímabæra, en óneitanlega býsna framþunga, kjarasamninga við allar stóru stéttirnar hjá sveitarfélögunum,“ segir Dagur. Af þessari ástæðu þurfi að spara í rekstri sveitarfélagsins til lengri tíma. „Við viljum hafa jafnvægi milli reglulegra gjalda og tekna.“

### Sömu vinnubrögð og í OR

Dagur segir að unnið sé faglega og skipulega að því að draga úr kostnaði. „Við erum að nota sömu vinnubrögð og við notuðum í Orkuveitunni, þótt skalinn og stærðargráðurnar séu allar miklu minni.“

### Dregið úr launakostnaði

Undir lok síðasta árs var ráðist í aðgerðaráætlun til þess að takast á við rekstrarstöðu borgarinnar. Áætlunin miðar að því að draga úr launakostnaði og öðrum rekstrarkostnaði og ná fram jafnvægi í rekstri borgarinnar árið 2018 þannig að veltufé frá rekstri komist upp í níu prósent.

Birgir Björn segir að við áætlun um niðurskurð hafi verið horft til mannréttindastefnu borgarinnar og þess að staðinn yrði vörður um grunnþjónustu borgarinnar. „Og þetta átti líka við árið 2009, þegar við fórum í aðgerðirnar þá. Að standa vörð um grunnþjónustuna í merkingu félagsþjónusta, skólar og svo framvegis. Síðan var ákveðið með gjaldskrárnar að standa vörð um hagsmuni barnafjölskyldna á meðan við sáum atvinnulífið frekar þurfa að taka á sig verðlagsbreytingar og kostnaðarbreytingar,“ sagði Birgir. En hann segir að það þurfi að hægja á ráðningum starfsmanna og jafnvel fækka starfsmönnum. Nýta þurfi það húsnæði sem borgin eigi betur og standa betur að rammasamningum um innkaup.

Halldór Halldórsson, oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, telur að borgin geti hagrætt meira þegar kemur að launakostnaði. Hann bendir á að stöðugildum



Karl Ágúst Úlfsson fer með hlutverk rithöfundarins Haseks í Góði dátinn Svejk og Hasek vinur hans. Á vinstri hönd hans situr Eyvindur Karlsson sem leikur Stepanek, ritara Haseks, og nokkur önnur hlutverk auk þess að semja og flytja alla tónlist verksins. Yfir þeim stendur sjálfur Svejk, leikinn af Hannesi Óla Ágústssyni. Aðrir leikarar eru Þórunn Lárusdóttir sem leikur Shura, eiginkonu Haseks. MYND/ANTON BRINK

# ÓBORGANLEG SNILLD Á FERÐ

Næsta sunnudag verður frumsýnt í Gaflaraleikhúsinu nýtt leikrit eftir Karl Ágúst Úlfsson sem byggir á bókinni vinsælu Góði dátinn Svejk og ævi höfundar hennar, Jaroslavs Hasek. Karl Ágúst las bókina fyrst 13 ára og féll strax fyrir henni.

Ævintýrið um góða dátann Svejk hefur lifað góðu lífi með þjóðinni frá því bókin kom út í íslenskri þýðingu Karls Ísfeld snemma á fimmta áratug síðustu aldar. Um helgina frumsýnir Gaflaraleikhúsið gleðiharmleikinn Góði dátinn Svejk og Hasek vinur hans eftir Karl Ágúst Úlfsson en verkið er byggt á ævi höfundarins, Jaroslavs Hasek og skáldsögunni ástsælu.

Sjálfur var Karl Ágúst þrettán ára þegar hann kynntist Svejk fyrst en þá lék hann í sýningu Brúarlandsskóla í Mosfellssveit á leikgerð sem hafði verið leikin í Þjóðleikhúsinu 20 árum áður. „Þessi sýning var vafalaust mikill örlagavaldur í lífi mínu því þarna datt mér í fyrsta sinn í hug að hægt væri að vera leikari að atvinnu.

Þegar sýningum lauk náði ég mér í bókina á bókasafninu og las hana upp til agna. Og þá urðu önnur straumhvörf. Ég skynjaði strax við fyrsta lestur að þarna var einhver óborganleg snilld á ferðinni. Síðar heyrði ég Gísla Halldórsson lesa söguna í Ríkisútvarpinu meðan ég var í leiklistarskólanum. Ég var mikill aðdáandi Gísla fyrir en túlkun hans á sögunni dugði nánast til þess að ég tæki hann í guðatölu.“

## BYRJAÐI Á FACEBOOK

Tilurð leikritsins er í stíl við bókina, frekar skondin. Fyrir nokkrum árum skrifaði hann að eigin sögn sakleysislegan status á Facebook. „Hann var einhvern veginn svona: „Á meðan ég hljóp um Elliðaárdalinn hlustaði ég á Gísla Halldórsson lesa »







» Góða dátann Svejk. Gísli: Mikið sakna ég þín. Og Jaroslav: Hvers vegna þurftirðu að drekka þig í hel langt fyrir aldur fram? Heimurinn átti skilið fleiri snilldarverk frá þér.“ Ég ýtti á Post og næstum því samstundis varð til þessi hugmynd: Því ekki að loka þessum hring og stefna okkur öllum saman í einn punkt, mér, Svejk, Hasek, Karli Ísfeld og Gísla? Síðan þá hefur öll þessi vinna átt sér stað og hér erum við í dag.“

**SKRAUTLEGAR PERSÓNUR**

Verkið gerist að stórum hluta á þorpskránni í Lipnice í Tékkóslóvakíu en það er þorpið þar sem Hasek eyddi síðustu mánuðunum við að skrifa söguna um Svejk. „Shura konan hans, sem var rússnesk, vaktar hann og reynir að halda honum að verki og ritarinn Stepanek reynir eftir bestu samvisku að skrá niður sögurnar sem streyma út úr þessum fordrukkna snillingi. Persónur skáldsögunnar lifna við innan um gesti kráarinnar og þannig fáum við að kynnast Svejk og öllu því skrautlega galleríi af manneskjum sem varða leið hans í gegnum hildarleik fyrri heimstyrjaldarinnar. En um leið getur Hasek ekki stillt sig um að segja sögur úr eigin lífi og um leið áttum við okkur á því hvað saga Svejks er nátengd ævi og upplifunum Haseks sjálfs.“

**MÓTSAGNAKENNDUR MAÐUR**

Eftir að hafa skoðað ævi rithöfundarins sá Karl Ágúst fljótlega hversu gríðarlega mótsagnakennd persóna hann var. „Hann er ekki síður heillandi og spennandi persóna. Fólk er ekki sjálfu sér samkvæmt, það er nú bara þannig, og Hasek lifði lífi þar sem tókust á hugsjónir, tilfinningar, hagsmunir, eigingirni og fíknir svo eitthvað sé nefnt. Allt hafði þetta áhrif á söguna af Svejk.“

Eftir því sem hann kynntist Hasek betur fóru ákveðnir kaflar í bókinni að öðlast nýja merkingu fyrir honum. „Mér finnst samband Svejks og herprestsins endalaust skemmtilegt og finnst það jafnvel stundum ígildi sambands höfundarins og persónunnar, þó að Hasek hafi að vísu verið trúlaus og hefði seint sett sjálfan sig í hlutverk örlagabyttunnar Katz.“

**SKERANDI ATHUGASEMDIR**

Bókin nýtur alltaf jafn mikilla vinsælda og nýjar kynslóðir taka ástfóstri við hana. Karl Ágúst segir skýringuna m.a. að leita í Svejk sjálfum, sem sé í raun litli maðurinn sem lifir af þó að hann standi andspænis miskunnarlausu kerfi, forheimskuðu bákni sem búið er að missa öll tengsli við mennsku og samlíðan. „Svejk er æðrulaus, einlægur og umhyggjusamur á meðan kerfið er kalt og ósveigjanlegt. En með einfeldningshætti sínum tekst honum að lifa af og gera valdið hlægilegt og kjánalegt. Hann er sá sem alltaf girðir niður um keisarann hversu mjög sem hann reynir að hysja upp um sig. Svejk hefur í rauninni sömu fúnksjón og hirðfíflið, athugasemdir hans og sögur eru oft svo skerandi sárar fyrir valdhafana einmitt fyrir það hvað þær eru einfeldningslegar og stundum næstum út í hött.“

**FÁBJÁNI EÐA SNILLINGUR?**

Alveg frá útgáfu bókarinnar hafa menn deilt um það hvort Svejk sé fullkominn fábjáni eða í raun afburða snillingur. „Voru hirðfíflin í gamla daga vitleysingar, eða voru þeir einmitt gáfuðustu menn hirðarinnar? Er flækingur Charlie Chaplins bara kjáni? Kannski. En samt nær hann að opna augu okkar og benda okkur á óvænt samhengi hlutanna. Ég held reyndar að Hasek hafi einmitt ætlast til þess að lesendur hans væru aldrei alveg vissir í sinni sök um það hvort Svejk væri vitleysingur eða bragðarefur. En ef maður skoðar vissa kafla sögunnar, þá hlýtur maður að sannfærast um að maður sem hagar sér svona gagnvart yfirboðurum sínum og segir nákvæmlega þessa hluti í nákvæmlega þessu samhengi – hann er enginn asni.“

Karl Ágúst Úlfsson fer með hlutverk Haseks í sýningunni en Svejk er leikinn af Hannesi Óla Ágústssyni. Aðrir leikarar eru Þórunn Lárusdóttir og Eyvindur Karlsson. Leikstjóri er Ágústa Skúladóttir. **starri@365.is**

**Frumsýning á Góða dátanum Svejk og Hasek vini hans er 10. apríl í Gaflaraleikhúsinu. Nánari upplýsingar má finna á www.gaflaraleikhusid.is og á Facebook undir Góði dátinn Svejk.**



**„En ef maður skoðar vissa kafla sögunnar, þá hlýtur maður að sannfærast um að maður sem hagar sér svona gagnvart yfirboðurum sínum og segir nákvæmlega þessa hluti í nákvæmlega þessu samhengi – hann er enginn asni,“ segir Karl Ágúst Úlfsson, leikari og höfundur gleðiharmleiksins Góði dátinn Svejk og Hasek vinur hans.** MYND/ANTON BRINK


FRÉTTABLAÐIÐ

59,9%

íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.*

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.




Gallup, okt.– des. 2015.




Allt sem þú þarft ...


# TEXASBORGARAR – FJÖR FYRIR HÓPA

**Texasborgarar kynna** Það er vinsælt hjá hópum af öllu tagi að koma saman á Texasborgurum. Hljóðkerfi og gítar er á staðnum og tilboð á mat og drykk. Það er líka hægt að panta Magga á Texasborgurum í veislur úti í bæ til að elda eða grilla fyrir gestina.

„Það er alltaf að verða vinsælla hjá hópum að koma saman hjá okkur úti á Granda og skemmta sér saman,“ segir Maggi á Texasborgurum. „Við erum búin að koma upp góðu hljóðkerfi og það er gítar á staðnum. Þetta eru vinnustaðaveislur, afmæli, steggja- og gæsapartí og alls konar samkomur. Hægt er að fá staðinn út af fyrir sig eftir samkomulagi og við gerum tilboð í veitingarnar.“ Hamborgarar, pitsur, fiskur og franskar, samlokur og fleira gómsætt er í boði, en einnig er hægt að panta flott smáréttahlaðborð, pottrétti, súpur o.fl. „Það er um að gera að hafa bara samband við mig og við græjum allt sem þarf fyrir veisluna eftir óskum.“

Maggi hefur líka talsvert verið pantaður í einkaveislur úti í bæ, enda skemmtikraftur í aðra röndina, eins og fólk þekkir. „Við gerum þá tilboð í allan pakkann. Ég kem með tilbúinn veislumat með mér eða grilla fyrir gestina og djóka í þeim á meðan. Það eru nokkrar slíkar veislur fram undan. Í einni þeirra ætla ég að grilla hamborgara fyrir 200 manns sem er lítið mál ef fólk reddar sæmilegu grilli. Svo eru nokkur brúðkaup með vorinu og fleira skemmtilegt. Ég hef mjög gaman af þessu.“



Vinnufélagar sem vilja eiga saman skemmtilega stund á virkum degi koma líka reglulega á Texasborgara í hádeginu. „Nýi nautalundaborgarinn okkar hefur slegið í gegn hjá þeim. Nú er líka að koma sterk inn klassíska BLT-samlokan með beikoni, káli og tómötum sem við berum fram með frönskum. Með henni er svo hægt að fá sér til dæmis steikt egg og bernaise aukalega fyrir klink – það er alsæla.“




**„Það er alltaf að verða vinsælla hjá hópum að koma saman hjá okkur úti á Granda og skemmta sér,“ segir Maggi á Texasborgurum.** MYNDIR/STEFÁN

**Á vef staðarins, texasborgarar.is, og Facebook er að finna allt um matinn og staðinn. Best er að hafa samband við Magga í síma 696-5900 eða með tölvupósti, magnusingi@gmail.com.**

2 FYRIR 1

*BLT-samloka með frönskum. Aðeins 1.490 kr. fyrir tvo. Klipptu miðann út og hafðu með þér. Gildir til 25.5. 2016. Texasborgarar.is s: 517-3130*

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

## BÍLAR & FARARTÆKI

SUZUKI



Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar. Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

STÓRA BÍLASALAN



**NÝIR BÍLAR!**
Toyota Yaris Hybrid. Árgerðir 2016. Sjálfsk. Eigum á lager bíla og á staðnum. Verð aðeins 2.890.000kr. Raðnr 135288. Sjá á www.stora.is.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

Toyota Kauptúni



TOYOTA Yaris live. Árgerð 2013, ekinn 59 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.890.000. Rnr.310134.

**Toyota Kauptúni**
**Kauptúni 6, 210 Garðabær**
**Sími: 570 5070**
**www.toyotakauptuni.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



PORSCHE Cayenne. Árgerð 2007, ekinn 124 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.850.000. Rnr.991737.



Kia Sportage EX 4wd. Árgerð 2013, ekinn 119 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.280101.



MERCEDES-BENZ ML 350 bluetec 4matic blue tec. Árgerð 2014, ekinn 29 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 10.990.000. Rnr.991697.



VW Polo comfortline. Árgerð 2012, ekinn 50 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.850.000. Rnr.991772.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

BORGARBÍLASALAN
580 8900 • borgarbilasalan.is



**PJATTAÐUR PATROL!**
'05 NISSAN PATROL 35". EK 142Þ, DÍSEL, SJÁLFSK, 7 MANNA. ÁSETT 2.280Þ. #451169. S: 580 8900



**GRÆNN ECO PASSAT!**
'10 VW PASSAT ECOFUEL. EK 129Þ, BENSÍN/METAN, SJÁLFSK. ÁSETT 1.980Þ. #470517. S: 580 8900



**SPORTLEGUR RENAULT!**
'06RENAULT MEGANE SPORT. EK 230Þ, BENSÍN, BEINSK. TILBOÐ 399Þ. #451073. S: 580 8900

**Borgarbílasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



M.BENZ Cla 200 bensín. Árgerð 2014, ekinn 19 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Enginn skipti. Verð 5.990.000. Rnr.221759.



PORSCHE Macan S Diesel. Árgerð 2016, ekinn 2 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 7 gírar. Seljandi skoðar skipti á ódýrari. Verð 13.490.000. Rnr.110847.

**Höfðabílar**
**Fosshals 27/ Draghals megin,**
**110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

100 bílar bílasala .is



Hyundai Tucson Premium, 1/2016, nýr bíll, dísel, stærri vélin 185 hö, 19" felgur, mjög flottur bíll, panoramaþak, íslenskt leiðsögukerfi, ásett verð 6950 þús, er á staðnum, raðnr 152318. Eigum einnig til steingráa bíla líka.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga og**
**laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**




## Bílar til sölu



Range Rover Sport 3,0 HSE dísel. Árg. 2014 ek. 26þús svartur metallic, leður ivory, bíll frá BL. Engin skipti. Stgr. verð 13.900.000. Uppl. í s. 898 2975

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!**
Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir




**JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA**
Erum að rífa flestar teg. frá asíu og evrópu árg. '99-14. Kaupum flestar teg. bíla. Opið 8-18 virka daga. Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

## Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

## til sölu



# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Garðyrkja

GARÐAÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR
S. 777-8100
Fáðu fagmenn í verkið

Felli tré, grisja og klippi runna. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215

## Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Bókhald
• Skattframöl einstaklinga
• Skattframtöl fyrirtækja
• Bókhald einstaklinga og fyrirtækja
• Bókhald húsfélaga
• Laun og skilagreinar
• Stofnun fyrirtækja
Sanngjarnt verð
Bókhaldsþjónustan Viðvik ehf
Síðumúla 1 108 Reykjavík
581-1600 • www.vidvik.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

SkattaRáðgjöf og uppsetning á erlendum aflandsfélögum. Áratuga reynsla. Upplýsingar í síma: 8444504

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Þakmálun, útimálun, múrviðgerðir. Innimálun, spörtlun, viðhaldsþjónusta. Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. S.891 9890 malarar@simnet.is

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

Þakpappalagnir.
Eitt besta verðið.
S. 778 8322




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
562 8211

**SÁ SÍMASPÁ Í S. 844 6845 / 462 4564**
Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Er með nokkra vinnuskápa til sölu verð 10.000kr st. Upplýsingar síma 820 0051



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**

**Upplýsingar í síma 661 7000**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þór, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

**TIL SÖLU HÚSGAGNALAGER**
Inversk harðviðarhúsgögn frá Miru, borðstofuborð, sófaborð, sjónvarpsbekkir. Söluandvirði ca. 2,5 millj. Selst á 600 þús + vsk.
**Uppl. í s. 898 5948 eða 553 8177 Heimilisprýði**

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
**STARFSMANNABÚSTAÐIR FYRIR VERKTAKA, LÁGMARKSALDUR 25 ÁRA.**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
**gsm 777 1313**

**leiga@leiguherbergi.is**

**TIL LEIGU, AÐEINS KR. 1250 KR FM!**
120 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Atvinnuhúsnæði

**HAFNARFJÖRÐUR - SKRIFSTOFUR -VINNUSTOFUR**
Nokkrar einingar til leigu í snyrtilegu húsnæði í Hafnarfirði, frá 22 til 65 m2. Hagstætt leiguverð. Laust strax. S. 898 7820 Nánar á www.leiga.webs.com

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR EHF. SÍMI: 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði

kvosin
FERSKT OG FLJÓTT

Verslunin Kvosin óskar eftir ábyrgum og samviskusömum einstakling á helgarvaktir. Einungis 18 ára og eldri koma til greina. Reynsla af afgreiðslustörfum æskileg. Vinsamlegast sendið ferilskrá og uppl. um meðmælendur á telma@kvosin.is fyrir 13 apríl.

SÓLAR

**SÓLAR EHF**
Óskum eftir hressu fólki í ræstingarvinnu. Nánari uppl á skrifstofu Sólar Kleppsmýrarveg 8, 104 R milli 10-16. We are looking for people for cleaning jobs. More info at Sólar office Kleppsmýrarveg 8, 104 R between 10-16. Must speak icelandic or english.

VEITINGAHÚSIÐ ÍTALÍA

**VEITINGAHÚSIÐ ÍTALÍA**
óskar eftir að ráða pizzubakara í fullt starf. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Upplýsingar aðeins veittar á staðnum milli 14:00 - 17:00 í dag og næstu daga.

**STARFSMAÐUR ÓSKAST Á SMURSTÖÐ OG HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI.**
Bílkó óskar eftir vönum mönnum eða með reynslu sem nýtist í starfi á smurstöð og dekkjaverkstæði. Framtíðarstarf og tímabundið starf í boði.
**Áhugasamir hafi samband við Guðna í s. 618 0560**

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir duglegum starfsmanni með bílpróf í fullt starf. Viðkomandi þarf að geta hafið strax störf. Einnig óskum við eftir sumarstarfsmönnum. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið hreinirgardar@gmail.com

Óska eftir eldri iðnaðarmönnum í húsaviðhald, reynsla skilyrði. Uppl. í s. 616 1569.

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

Maður um fertugt óskar eftir að kynnast konu milli 30-50 með samband í huga, opin f. öllu. Skiljið eftir nafn og símanr. á bjarkibfs@gmail.com

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...

# fasteignir

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Furugrund 70 - Kópavogi. 3ja herbergja íbúð**
**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




72,8 fm. íbúð á 6. hæð í góðu fjölbýlishúsi við Furugrund auk u.þ.b. 6 fm. geymslu á jarðhæð. Nýlega endurnýjað baðherbergi. Gluggar í svefnherbergjum og eldhúsi snúa til austurs með útsýni að Úlfarsfellinu og Esjunni. Útgengi er úr stofu út á skjólgóðar suðursvalir. Fossvogsdalurinn er í göngufæri, sem og Snælandsskóli. **Verð 28,9 millj. Verið velkomin.**

**Rauðalækur 63. 2ja herbergja - sérinngangur.**
**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




57,5 fm. íbúð, lítið niðurgrafin kjallaraíbúð að meðtöldum tveimur geymslum samtals 5,1 fm við Rauðalæk. Sérinngangur. Frábær staðsetning við lokaða kyrrláta götu við Rauðalæk. Íbúðin er laus til afhendingar strax. **Verð 21,3 millj. Verið velkomin.**

**Drápuhlíð 20. 2ja herbergja íbúð**
**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 18.15 – 18.45**




Góð 64,7 fm. íbúð í kjallara að meðtaldri 2,1 fm. sér geymslu í kjallara í mjög góðu þríbýlishúsi. Rúmgóð stofa með góðum gluggum til norðurs og austurs. Húsið var stenað að utan fyrir um 10 árum síðan. **Verð 26,0 millj. Verið velkomin.**

hafi fjölgað um 160 á árunum 2010 til ársins 2014 og á milli áranna 2014-2015 hafi aukningin numið um 66 stöðugildum. Fjölgunin er samtals 244 starfsmenn. Hann bendir á að þar eigi eftir að telja upp stöðugildi sem hafa orðið til vegna málefna fatlaðra eða atvinnuátaksverkefna.

Halldór segir ekki vitað hvar í borgarkerfinu þessi stöðugildi sem urðu til hafi ráðast. „Við erum með einn utanaðkomandi ráðgjafa hjá borginni varðandi reksturinn og það er fjöldi starfshópa sem er að greina hvert svið og hverja deild,“ segir Halldór. Hann segir ekkert verkbókhald vera notað hjá borginni og því fari mikil orka í það að greina stöðugildafjölda á hverju sviði og hvaða hlutverki hvert stöðugildi gegni. „Verkbókhald hefði hins vegar fært okkur alveg heim sanninn um það,“ segir Halldór.

Dagur tekur undir að fjöldi starfsmanna sé á reiki og það þurfi að komast betur á hreint. Hann segir stöðugildi vera mjög kostnaðarmyndandi og þau séu klárlega eitthvað sem horft verði til við hagræðingu. Nákvæmlega eins og húsnæðisfermetrarnir sem viðkomandi starfsemi er að nota, miðað við umfang starfseminnar. Við ætlum að skoða þessa föstu stóru liði. „Stöðugildi, húsnæðisfermetra og innkaup.“ Hann segir þegar verða hafist handa nú í ár við að fækka stöðugildum í miðlægri stjórnsýslu.

Halldór vill ekki að borgin einbeiti sér að því að fækka fólki og reka fólk heldur verði horft á innflæði starfsfólks. „Af því að við eigum að koma vel fram við okkar starfsfólk og tryggja því starfsöryggi eins og hægt er. Ég tala nú ekki um ef það er fólk sem er búið að vinna hjá borginni í tuttugu til þrjátíu ár og á kannski bara stutt eftir í starfslok. Mér finnst alveg grátlegt ef það kemur út úr þessum aðgerðum að slíkt fólk sé að missa sín störf. En það er eitthvað um það,“ segir hann.



**Þetta átti líka við árið 2009, þegar við fórum í aðgerðirnar þá. Að standa vörð um grunnþjónustuna í merkingu félagsþjónusta, skólar og svo framvegis.**

Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar

Þá Dag og Halldór greinir á um hversu mikil aðkoma minnihlutans að mótun hagræðingartillagna hefur verið. „Ég hef lagt áherslu á það að minnihlutinn sé við borðið í þessu verkefni. Þess vegna er þverpólitískur stýrihópur sem fer fyrir málinu. Við höfum sagt að við ætlum að fara yfir allt, fara yfir alla hluti og greina þá og sjá hvort það sé ástæða til að gera breytingu,“ segir Dagur.

## Úr fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2016

Aðgerðaáætlun nær bæði til útgjalda og tekna í rekstri A-hluta. Á útgjaldahliðinni er gert ráð fyrir hagræðingu í rekstri á þremur árum sem nemur alls 3.380 milljónum króna á föstu verðlagi ársins 2016, eða 3,7% af launum og öðrum rekstrarkostnaði .

Meirihluti hagræðingar kemur fram strax á árinu 2016, eða 1.780 milljónir króna. Á tekjuhliðinni er gert ráð fyrir auknum einskiptistekjum vegna eignasölu árin 2016 og 2017 sem nema 500 milljónum króna ár hvort.

Frá og með árinu 2018 er síðan gert ráð fyrir að Orkuveita Reykjavíkur geti farið að skila borgarsjóði hóflegum og varanlegum arðgreiðslum í takt við sterkar rekstrar- og skuldakennitölur. Allt tímabilið er gert ráð fyrir óbreyttum skatthlutföllum útsvars og fasteignagjalda.

Árið 2018 eru heildaráhrif aðgerða á rekstur orðin 4.380 milljónir króna á verðlagi ársins 2016, þar sem hagræðing í rekstri nemur samtals 3.380 milljónum króna og arðgreiðslur nema 1.000 milljónum.

**670**

**milljónum króna nemur hagræðing á skóla- og frístundasviði.**

### Tillögur minnihlutans felldar

Halldór segir að oddvitahópur hafi verið stofnaður þar sem oddvitar hafi fengið kynningu á tillögunum. Sjálfstæðismenn hafi ekki lagt fram neina tillögur þar. „Hins vegar höfum við borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins ítrekað lagt fram tillögur um hagræðingu og frestun verkefna í tengslum við fjárhagsáætlun. Það hefur nánast allt verið fellt. Grensásvegurinn er vinsælt dæmi.

Við höfum sagt sem svo að á meðan við erum í vandræðum og ætlum að spara til dæmis mat hjá gamla fólkinu, sérfræðiþjónustu á leikskólum, þrjár og hálfa milljón í að þrífa ekki götur (sem er klárt heilbrigðismál í mínum huga), þá eigum við ekkert að vera að setja 170 milljónir í að þrengja einhverja götu. Það má bara bíða. Við getum líka frestað því að byggja við bókasafn og alls konar hluti sem má fresta á meðan við erum að fara í gegnum þessa erfiðleika,“ segir hann.

Halldór segir jafnframt ýmsu hafa verið bætt við í rekstri borgarinnar á undanförnum árum, sem hefði mátt gera með minni tilkostnaði. Þar nefnir hann mannréttindasvið, umboðsmann borgarbúa, fjölda upplýsingafulltrúa og fleira sem mætti starfrækja í kerfinu með minni tilkostnaði. „En þarna eru snjóboltaáhrifin að verki. Þessar stofnanir eru að stækka. Þetta kostar hellings pening og þegar maður hefur lítinn pening þarf að forgangsraða. Og þá þarf að forgangsraða í þágu grunnþjónustunnar, skólanna og leikskólanna og svo framvegis,“segir Halldór. Hann segir minnihlutann ekki hafa haft mikil áhrif.

### Yfir hundrað milljónir í Pírataráð

Halldór vekur líka athygli á því að sett hafi verið upp stjórnkerfis- og lýðræðisráð, sem hann segir að sé stundum kallað Píratáráð. Það kosti 30 milljónir á ári, sem samsvari 120 milljónum á kjörtímabilinu. „Það hefði alveg verið hægt að leysa það með öðrum hætti. Ég er ekki að sjá margt koma frá þessu ráði. Með fullri virðingu fyrir því.“

Halldór telur að tekjur séu þegar farnar að mæta þeim kostnaði sem hlaust af vegna nýrra kjarasamninga. „Mér sýnist það. Það er meiri bjartsýni í fjárhagsáætlunum fyrir 2016 en fyrir 2015. Almenni markaðurinn er um 80 prósent af launamarkaði. Þar voru miklar hækkanir. Og líka hjá ríkinu. Og auðvitað fá sveitarfélögin útsvar hjá öllu þessu fólki. Og svo útsvar hjá öllu sínu fólki líka.“

Þumalputtareglan sé hins vegar sú að laun starfsmanna sveitarfélaganna hækki á eftir launum starfsmanna á almennum markaði. Það sé almenni markaðurinn búinn að fjármagna launahækkanir sveitarfélaganna.

„En það gerðist ekki síðast. Þannig að sveitarstjórnarfólk var mjög áhyggjufullt yfir því. En miðað við útkomuspár fyrir 2015 og yfirlit fyrir fjárhagsáætlun 2016 þá er að birta til í því. Og ég myndi telja að við værum á pari í því. En ég get ekki staðfest það með gögnum því við eigum ekki gögn fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins. Þau eru bara ekki til.“




Á meðan við prentum fyrir þig…

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

Umbúðir • Bækur • Tímarit • Fyrir skrifstofuna • Bæklingar
Fjölpóstur • Kynningarefni • Dagblöð • Stafrænt • Allskonar!

Suðurhraun 1 | Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

ÓLI JÓN JÓNSSON



## Verkefnastjóri hjá BHM

Óli Jón Jónsson hefur verið ráðinn verkefnastjóri fag- og kynningarmála hjá Bandalagi háskólamanna (BHM). Hann er fæddur árið 1969, lauk BA-prófi í sagnfræði frá Háskóla Íslands árið 1996 og meistaraprófi í Evrópufræðum frá háskólanum í Lundi, Svíþjóð, árið 1998. Undanfarin sjö ár hefur Óli verið upplýsinga- og alþjóðafulltrúi Ríkisendurskoðunar. – sg

ELÍN HELGA SVEINBJÖRNSDÓTTIR



## Fyrsta konan á formannsstóli

Elín Helga Sveinbjörnsdóttir er nýr formaður SÍA, Samtaka íslenskra auglýsingastofa. Elín Helga er fyrsta konan sem gegnir embættinu, en hún hefur setið í stjórn SÍA undanfarin þrjú ár. Elín Helga er sálfræðimenntuð og hefur unnið í auglýsingageiranum í sextán ár. Hún er einn eigenda Hvíta hússins.

ÓLAFUR S. ÁSTÞÓRSSON



## Tímabundinn forstjóri Hafró

Ólafur S. Ástþórsson hefur tímabundið verið settur forstjóri Hafrannsóknastofnunar. Ný rannsóknastofnun, Hafrannsóknastofnun, rannsókna- og ráðgjafastofnun hafs og vatna, sem sameinar starfsemi núverandi Hafrannsóknastofnunar og Veiðimálastofnunar, tekur til starfa þann 1. júlí nk. Sigurður Guðjónsson hefur verið skipaður forstjóri hennar og vinnur nú að því að koma henni á laggirnar.



Guðbrandur Sigurðsson starfaði áður sem framkvæmdastjóri hjá PwC á Íslandi frá árinu 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Fjallgöngur vikið fyrir golfi

**Guðbrandur Sigurðsson tók við sem framkvæmdastjóri leigufélagsins Heimavalla um mánaðamótin. Heimavellir eru með tæplega fimm hundruð íbúðir í útleigu um allt land. Utan vinnunnar hefur Guðbrandur gaman af ferðalögum, golfi og fjallgöngum. Hann segir göngu á Eyjafjallajökul sérstaklega eftirminnilega.**

## SVIPMYND
### GUÐBRANDUR SIGURÐSSON

„Þetta leggst bara vel í mig, þetta er ungt fólk með metnaðarfull markmið og að vinna á skemmtilegum markaði. Þetta er spennandi starf sem ég hlakka mikið til að takast á við,“ segir Guðbrandur Sigurðsson sem hóf störf sem framkvæmdastjóri leigufélagsins Heimavalla þann 1. apríl síðastliðinn.

Heimavellir hafa auglýst leiguíbúðir sínar fyrir einstaklinga og fjölskyldur til langtímaleigu á almennum markaði. Félagið á fasteignir víðsvegar um landið, á höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandi, Vesturlandi og Vestfjörðum og heilu fjölbýlishúsin í Borgarnesi, á Akranesi, Selfossi og Þorlákshöfn. Heimavellir byggja á grömlum grunni, en félagið myndaðist úr sameiningu nokkurra smærri fasteignafélaga samhliða hlutafjáraukningu. Hluti af uppruna félagsins kom út frá kaupum af Íbúðalánasjóði en félagið hefur einnig verið að kaupa á markaði. Félagið er með tæplega fimm hundruð íbúðir í útleigu.

Guðbrandur hefur gegnt margvíslegum stjórnunarstörfum á undanförnum árum og nú síðast starfaði hann sem framkvæmdastjóri hjá PwC á Íslandi frá árinu 2013. Þar áður var hann framkvæmdastjóri Plastprents frá 2010-2012, samhliða því að reka félag sitt Nýland, sem stofnað var árið 2008 og sinnir útflutningsverkefnum og ráðgjöf. Þá var hann forstjóri Mjólkursamsölunnar árin 2005-2008 og framkvæmdastjóri ÚA á Akureyri, síðar Brims, á árunum 1996-2004.

> **Ein eftirminnileg ganga var upp á Eyjafjallajökul hvítasunnuna áður en gaus svo í jöklinum.**
> Guðbrandur Sigurðsson

„Þetta er allt öðruvísi heldur en það sem ég hef verið í. Í starfi mínu hjá PwC á Íslandi hef ég verið að sinna rekstri hjá félagi sem er fyrst og fremst í að veita sérfræðiþjónustu, en hjá Heimavöllum er ég að veita áþreifanlegri þjónustu. Það er töluverður munur þar á,“ segir hann.

Guðbrandur er með B.Sc. próf í matvælafræði frá Háskóla Íslands og MBA-próf frá Edinborgarháskóla. Hann er kvæntur Rannveigu Pálsdóttur lækni og eiga þau þrjú börn. Utan vinnunnar stundar hann hreyfingu og er mikið með fjölskyldunni.

„Mér finnst gaman að fara í golf og ferðast, að sjá nýjar slóðir það er alltaf gaman. Helstu áhugamál utan þess eru gönguferðir um náttúru Íslands. Ég var mikill göngugarpur, en það hefur verið aðeins minna upp á síðkastið af því að maður datt svo hrikalega í golfið,“ segir Guðbrandur.

„Það eru margir fallegir staðir á Íslandi en það eru nokkrar eftirminnilegar göngur. Ein eftirminnileg ganga var upp á Eyjafjallajökul hvítasunnuna áður en gaus svo í jöklinum. Það var í blankalogni og skínandi sól og ótrúlegt útsýni í allar áttir. Það leit nú ekki út fyrir að yrði gos. Fjallgöngur eru alltaf hittingur á veður, þegar maður fær gott veður þá er það aukabónus,“ segir Guðbrandur. saeunn@frettabladid.is

# Cameron beittur þrýstingi til að taka á skattaskjólum

David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, hefur sætt pressu undanfarna daga til að taka á skattaskjólum í ljósi þess að fjölmargir ríkir einstaklingar hafa nýtt sér eyjur á bresku yfirráðasvæði til að stofna aflandsfélög til að forðast skatta. Þrýstingurinn kemur í kjölfar leka frá lögfræðistofunni Mossack Fonseca á Panama-skjölunum svokölluðum, þar sem kemur fram að 100 þúsund aflandsfélög fundust á Bresku Jómfrúaeyjunum.

Cameron hefur einnig verið í sviðsljósinu vegna tengsla föður hans, Ians Cameron, við aflandsfélag í skattaskjóli.

Jeremy Corbyn, leiðtogi Verkamannaflokksins, hefur lýst því yfir að ríkisstjórnin þurfi að taka á skattsvikum. Hann lagði til í ræðu í gær að Bretland myndi setja beinar skattareglur á breskum yfirráðasvæðum til þess að ganga úr skugga um að löndin fylgdu breskum skattareglum. Samkvæmt frétt BBC um málið er talið að Bretland hafi stóru hlutverki að gegna í umræðunni þar sem stór hluti skattaskjóla sé á breskum yfirráðasvæðum, meðal annars á Bresku Jómfrúaeyjunum og Ermarsundseyjunum.

Einhver lönd sem hafa tengst aflandseyjum hafa nú þegar hert skattareglur, má þar nefna Sviss, Ermarsundseyjarnar og Lúxemborg, en önnur lönd, meðal annars Panama og Bresku Jómfrúaeyjarnar, hafa verið gagnrýndar fyrir að gera ekki nóg.

Í næsta mánuði mun Cameron stýra alþjóðlegum leiðtogafundi í London um skattasvik og skattaskjól. Frá árinu 2009 hafa nú þegar sjö hundruð samningar verið undirritaðir til að ýta undir gagnsæi í skattamálum á alþjóðavettvangi. – sg



David Cameron hefur áður talað um að beita sér gegn skattaskjólum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA





# ÍSLENSKT FRAMAFÓLK Á **NORÐURLÖNDUNUM**

**Sindri Sindrason** snýr aftur með þriðju þáttaröðina af **Á uppleið**. Að þessu sinni kynnumst við metnaðargjörnum Íslendingum, af báðum kynjum og á öllum aldri sem þorir að láta draum sinn rætast.
**Ekki láta þessa skemmtilegu þætti framhjá þér fara.**

365.is | Sími 1817

365




## Kosningar

**Þóranna Jónsdóttir**
deildarforseti við Háskólann í Reykjavík


# Hvað mega frambjóðendur vera margir?

Við Íslendingar göngum til forsetakosninga þann 25. júní, eftir tvo og hálfan mánuð. Þegar þetta er skrifað hafa 13 einstaklingar lýst yfir áhuga á embættinu. Þrettán! Það eru fleiri en nokkru sinni fyrr. Er þetta ekki aðeins of mikið? segja sumir, „sirkus“ segja aðrir, eigum við ekki að leggja embættið niður? Hvar endar þetta eiginlega? En hvað er æskilegt að forsetaframbjóðendur séu margir? Er það í eðli sínu slæmt að þeir séu margir?

Ég er þeirrar skoðunar að það sé frekar jákvætt að svona margir hafi stigið fram, og vonandi verða nokkrir fleiri búnir að lýsa yfir áhuga áður en framboðsfresti lýkur. Samfélagið okkar er að breytast og ég held að þessi mikli fjöldi sé að einhverju leyti tákn um tíðarandann. Það er auðveldara en nokkru sinni fyrr að hafa rödd í samfélaginu og aðgengi að augum og eyrum fólks án þess að það kosti háar fjárhæðir, það hafa samfélagsmiðlar gert kleift. Það er á einni nóttu hægt að fá hundruð eða þúsundir fylgismanna við hugmyndir eða jafnvel byltingar sem enginn átti von á, né hefðu orðið að veruleika fyrir aðeins örfáum árum.

Það er fagnaðarefni að fólk vilji láta til sín taka, vilji hafa áhrif, vilji skipta máli, og sé ekki feimið við að stíga fram, það væri verra ef hlutirnir væru á hinn veginn og enginn gæfi kost á sér, enginn þætti nógu góður, eða að fólk væri of hrætt við sleggjudóma götunnar (lesist samfélagsmiðla).

Það má vel vera að það verði meiri vinna fyrir okkur kjósendur að kynna okkur hvað frambjóðendur hafa fram að færa, en aðgengi að upplýsingum er nægt og okkur er ekki vorkunn. Það má vel vera að einhverjir frambjóðendur geri sér ekki grein fyrir hversu mikinn eða lítinn stuðnings þeir geti vænst í raun (sbr. Guðni Th. Jóhannesson í Fréttatímanum þann 24. mars sl.), en það ættu úrslit kosninga að skera úr um. Það má vel vera að reglur um forsetakosningar séu orðnar úreltar og að breyta þurfi fyrirkomulaginu, þá þarf að ráðast í það mál. En þangað til skulum við leggja okkur fram um að tala af virðingu um fólkið sem gefið hefur kost á sér, það að margir gefi kost á sér getur engan veginn talist embættinu til minnkunar.

**Það er fagnaðarefni að fólk vilji láta til sín taka, vilji hafa áhrif, vilji skipta máli, og sé ekki feimið við að stíga fram.**

## Handsmíðuð píanó í 160 ár




**Píanóin hjá Steinway and Sons í Astoria í New York hafa verið handsmíðuð allt frá árinu 1853. Á seinni hluta nítjándu aldar voru hundruð píanóframleiðenda í New York en í dag eru þeir einungis fáeinir. Starfsmenn fyrirtækisins voru önnum kafnir í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Mjög óþægilegt bergmál frá fjórða áratugnum




## Lars Christensen

alþjóðahagfræðingur


Ég reyni af fremsta megni að verða ekki hrakspámaður en ég verð að viðurkenna að ég sé mjög fáar jákvæðar fréttir um þessar mundir og ég sé sífellt þrjú atriði – mistök í peningamálastefnu/lítinn hagvöxt, uppgang öfgamanna í stjórnmálum (Trump, Orban, Erdogan, Pútín, ISIS o.s.frv.) og hraðvaxandi spennu í alþjóðastjórnmálum – sem allt blandast saman í ógeðfelldan kokkteil sem kallar fram minningar um 4. áratuginn og aðdraganda heimsstyrjaldarinnar síðari.

Það hefur lengi verið tilgáta mín að samdrátturinn í hinu hnattræna hagkerfi í kjölfar kreppunnar miklu 2008 – sem að mínu áliti var aðallega af völdum misheppnaðrar peningamálastefnu – valdi uppgangi pólitískra öfgastefna í Evrópu (Syriza og Gullin dögun í Grikklandi, Orban í Ungverjalandi, Le Pen í Frakklandi o.s.frv.) og Bandaríkjunum (Trump) og einnig uppbroti og klofningi í stjórnmálum hjá venjulegum lýðræðisþjóðum.

Þetta leiðir til þess að hægri sinnaðir lýðskrumarar eins og Donald Trump njóta fylgis, en að sama skapi njóta hópar íslamista, eins og ISIS, fylgis á meðal ungra innflytjenda í til dæmis Frakklandi og Belgíu. Þegar hinn lýðræðislegi valkostur missir aðdráttarafl sitt vinna öfgamenn og lýðskrumarar á. Hraðvaxandi stuðningur við þjóðernissinnuð öfl, sérstaklega í Mið- og Austur-Evrópu er að sama skapi áhyggjuefni.

Hin landfræðipólitíska útgáfa af þessu er Úkraína og Sýrland (og að vissu leyti Suður-Kínahaf). Með engum hagvexti eykst aðdráttarafl verndarstefnu og að lokum stríðs.

Því miður eru hliðstæðurnar við 4. áratuginn mjög skýrar – án þess að ýkja neitt skuluð þið reyna að líta á þetta:

1) Stríðið í Sýrlandi samanborið við spænska borgarastríðið: Bein og óbein aðild erlendra einræðisríkja (Stalín/Hitler og Erdogan/Pútín)
2) Verðhjöðnun evrusvæðisins samanborið við verðhjöðnun gullfótarins.
3) Uppgangur lýðskrumara og öfgamanna: Kommúnistar, nasistar og fasistar samanborið við Syriza, Gullna dögun, Jobbik, Orban, svæðisbundna aðskilnaðarstefnu í Evrópu, andúð á innflytjendum, Trump og ISIS o.s.frv.
4) Veiking (hnignun?) lýðræðisstofnana: Weimar-lýðveldið samanborið við pólitískan klofning í Evrópu – veikar og óvinsælar minnihlutastjórnir með engan „pólitískan styrk“ til að framkvæma efnahagslegar endurbætur í Evrópu.

Kannski eru þetta of miklar hrakspár, en maður verður að vera blindur á lexíur sögunnar til að sjá þetta ekki. Það þýðir samt ekki að sagan muni endurtaka sig – það vona ég sannarlega ekki – en ef við hunsum það sem er líkt með 4. áratugnum mun ástandið aðeins versna.

Besta leiðin til að komast hjá hryllingi 4. áratugarins er að efla hagvöxt, og hér er bæði þörf á að auka eftirspurn á heimsvísu – frekari og mun stórtækari slökun á peningamálastefnu bæði í Bandaríkjunum og Evrópu – og að koma á gagngerum kerfisumbótum. Ef við gripum ekki til slíkra stefnubreytinga er greinilega hætta á að aðdráttarafl þjóðernissinnaðra lýðskrumara muni aukast og að um leið munum við sjá aukna róttækni á meðal ungra innflytjenda í Evrópu.

Svo ef okkur er alvara með að berjast gegn öfgastefnum og hryðjuverkum verðum við að auka verulega viðleitni okkar til að örva hagvöxt, sérstaklega í Evrópu.

# Uppgjörið heldur áfram




## Hin hliðin

**Martha Árnadóttir**
framkvæmdastjóri Dokkunnar


Það er hálf asnalegt að stinga niður penna þessa dagana án þess að minnast á þá krísu sem nú ríkir í íslenskum stjórnmálunum. Krísan er stór, hún er ekki lagatæknileg, hún er ekki samsæri, hún er ekki misskilningur, hún er ekki persónuleg og það sér ekki fyrir endann á henni.

Í náttúrunni er það þannig að stórum skjálftum fylgja oft fjölmargir minni skjálftar sem gjarnan eru kallaðir eftirskjálftar. Mikill ótti og kvíði fylgir oft eftirskjálftum því fólk er enn þá í sjokki og stóri skjálftinn enn í fersku minni, fólk býst við hinu versta. Viðbrögðin eru auðvitað eftir því, fólk verður ofsahrætt sem brýst út í mikilli reiði, sem aftur getur orðið orka sem kemur hlutum á hreyfingu, fólk fer að berjast fyrir því að komast í skjól, finna aðrar manneskjur til að taka höndum saman með og hjálpast að. Góð samfélög skipuleggja sig þannig að þau hafa ákveðna ferla sem fara í gang í stórum náttúruhamförum eins og jarðskjálftum – á Íslandi eru þetta Almannavarnir ríkisins.

En hvað er til ráða þegar hamfarir verða á hinu pólitíska sviði? Á Íslandi höfum við afar veika ferla sem segja til um hvernig við getum tekið skaðvald út fyrir sviga og sett hann í hlé, hann ræður því sjálfur hvort eða hvenær hann víkur af sviðinu. Hefðin vinnur heldur ekki með okkur þarna.

**Á Íslandi höfum við afar veika ferla sem segja til um hvernig við getum tekið skaðvald út fyrir sviga og sett hann í hlé, hann ræður því sjálfur hvort eða hvenær hann víkur af sviðinu.**

Á Íslandi er það líka þannig að þingið, sem formlega er sá aðili sem getur tekið skaðvaldinn, ef hann er ráðherra eins og við glímum við núna, út fyrir sviga, er yfirleitt í gíslingu skaðvaldsins og hans meðreiðarsveina og -meyja sem hreyfa hvorki legg né lið fyrr en Austurvöllur brennur.

Við erum stödd í miðjum eftirskjálfta eftir stóra skjálftann 2008, það er enn þá gríðarleg spenna sem þarf að losna til að fólk treysti því að skjálftahrinan sé gengin yfir. Krísan snýst ekki um peningana hans SDG eða hvað hann sagði eða lét ósagt, krísan er partur af stóru uppgjöri sem þarf að klárast og á meðan því er ólokið þá skelfur jörðin.

*Ég er með ofnæmi fyrir því að vera þar sem er of mikið af fólki. Ég verð bara lasinn.*

**Dagur, 9 ára**

**Blár er alþjóðlegur litur einhverfu.** Rétt eins og blæbrigði bláa litarins eru birtingarmyndir einhverfu óteljandi því hver einstaklingur hefur sinn stað á rófinu með öllum þeim áskorunum sem einhverfu fylgja.

Blár apríl er árlegt vitundarátak Styrktarfélags barna með einhverfu. Leggjum átakinu lið og beinum sjónum okkar að málefnum barna með einhverfu – því lífið er blátt á mismunandi hátt.

**#blarapril**

**902 1010**

**BLÁR APRÍL**

Styrktarfélag barna með einhverfu

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 6. apríl 2016

Íslenska úrvalsvísitalan
1.861,78 -22,49
(-1,19%)

vísir
www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti


## Stjórnar-maðurinn

@stjornarmadur

## Einn sökudólgur

**Staða forsætisráðherra** var orðin vonlaus eftir uppljóstranir um eignir hans og konu hans í aflandsfélaginu Wintris Inc. á Tortóla. Afsögn Sigmundar Davíðs var óumflýjanleg eftir að hann var hirtur eins og óþekkur skólastrákur af forseta.

**Það er þó ekki** sú staðreynd að þau hjón hafi átt félagið eða að forsætisráðherra hafi vanrækt að gera grein fyrir eign sinni í hagsmunaskráningu (sem hann sannanlega átti að gera) sem kom honum verst, heldur voru það miklu frekar viðbrögð Sigmundar við uppljóstruninni sem gera útslagið.

**Í fyrsta lagi** var frammistaða Sigmundar í viðtalinu fræga ekki boðleg. Það hefur hann sjálfur viðurkennt. Forsætisráðherra verður að hafa langlundargeð og manndóm til að svara erfiðum spurningum.

**Í öðru lagi** þá laug forsætisráðherra blákalt í viðtalinu, þegar hann sagðist aldrei hafa átt aflandseignir. Það eitt ætti að vera frágangssök.

**Í þriðja lagi** þá hafa viðbrögðin verið í besta falli fáránleg. Af hverju heyrðist hvorki hósti né stuna frá honum um tilvist viðtalsins þær þrjár vikur sem liðu frá því það var tekið, og þar til það var sýnt? Hvernig má það vera að endaleikurinn hafi verið sá að arka umboðslaus á Bessastaði, til þess eins að snúa aftur með skottið milli lappana?

**Síðast** en ekki síst hefur Sigmundur gert Ísland að athlægi um víða veröld. Sú staðreynd að tíðindin rati í alþjóðlega stórmiðla gerir hugmyndir um samsæri Ríkisútvarpsins í besta falli hlægilegar.

**Sigmundur Davíð** og hans ríkisstjórn unnu marga stóra sigra. Efnahagsmálin hafa stórbatnað og uppgjöri gömlu bankanna er við það að ljúka. Þá glittir í afnám gjaldeyrishafta.

**Það er synd** að svona hafi þurft að fara, en sökudólgurinn er aðeins einn. Sigmundur Davíð sjálfur.

## 950

**MILLJÓNIR IPHONE HAFA SELST**

Í lok árs 2015 hafði Apple selt 896 milljónir iPhone-síma á átta árum. Samkvæmt spám greiningaraðila á Wall Street mun Apple hafa selt fimmtíu milljónir síma á fyrsta ársfjórðungi 2016 og mun því hafa selt 950 milljónir fram að þessu. Spáð er að Apple muni selja milljarðasta símann í júlí.

## 6,5

**MILLJÓNIR GISTINÁTTA**

Seldar gistinætur voru 6,5 milljónir hér á landi árið 2015 og fjölgaði um 19 prósent frá fyrra ári. Gistinætur erlendra ferðamanna voru 86 prósent af heildarfjölda gistinátta og fjölgaði um 27 prósent frá fyrra ári. Gistinóttum Íslendinga fækkaði um 14 prósent.

**05.04.2016**



Ég er stoltur af verkum mínum í stjórnmálum til þessa og óhræddur við að leggja þau í dóm kjósenda hvort sem það verður gert nú eða síðar. Ég er líka stoltur af eiginkonu minni og þeim heiðarleika og fórnfýsi sem hún hefur ætíð sýnt.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson













## Spennandi fjárfestingartækifæri

Á innan við áratug hefur byggst upp á Ásbrú, fyrrum varnarsvæðinu við Keflavíkurflugvöll, þróttmikið og litríkt samfélag með öfluga menntastofnun, fjölda spennandi fyrirtækja, gróskumikla nýsköpun og blómstrandi mannlíf. Hröð uppbygging í gagnaveraiðnaði og örþörungarækt, ásamt nálægð við Keflavíkurflugvöll gera Ásbrú að sönnu vaxtarsvæði til framtíðar.

# Fasteignir til sölu á Ásbrú

Íslenska ríkið er eigandi fjölda fasteigna af öllum stærðum og gerðum á Ásbrú, Reykjanesbæ. Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, Kadeco, sem fer með umsjón og þróun svæðisins, óskar eftir tilboðum í allar fasteignir ríkisins eða stóran hluta þeirra. Margar fasteignanna eru nú þegar í útleigu en allar eru þær til sölu. Eignirnar eru í aðskildum félögum og því er einnig mögulegt að kaupa einstök félög. Tilboðum í allar fasteignirnar, eða hluta þeirra, þarf að fylgja lýsing á því hvernig tilboðsgjafar hyggjast nýta þær og þróa svæðið í þágu atvinnulífs og samfélags. **Farið verður yfir öll tilboð mánudaginn 11. apríl nk.**









### Allar fasteignir ríkisins í umsýslu Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar eru til sölu, þær eru eftirfarandi:

Aðaltröð • 2 • 4 Bogatröð • 1 • 10 • 10a • 17 • 31 • 33 Borgarbraut • 953 • 960-963 • 962 Breiðbraut • 643-647 • 643R • 668-669 • 668R • 670 • 671-679 • 671R • 672 • 674 • 675 Ferjutröð • 9 Flugvallarbraut • 710 • 732 • 749 • 740 • 752 • 770 • 771 • 773 • 778 • 790 • 937 • 941 Grænásbraut • 501 • 506 • 614 • 602R • 603-607 • 619 • 700 • 920 • 999 Heiðartröð • 517 Keilisbraut • 745 • 747-748 • 747R • 749 • 762 • 770-778 • 770R • 771 • 773 Lindarbraut • 636 • 639 Skógarbraut • 914 • 915 • 916R • 916-918 • 917 • 919 • 921 • 922 • 923 • 924 • 925 • 932 • 946 Suðurbraut • 758 Valhallarbraut • 738 • 743 • 744 • 763-764 • 763R

Við mat á tilboðum verður einkum horft til kaupverðs. Þó er áskilinn réttur til að meta hugmyndir bjóðenda um nýtingu og ráðstöfun eignanna, s.s. áhrif á eftirspurn eftir öðrum eignum á svæðinu og almennt á nærsamfélagið. Ekki er um útboð á eignunum að ræða heldur sölu. Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar áskilur sér rétt til að taka því tilboði sem það telur hagstæðast, m.a. út frá ofangreindum þáttum, eða hafna þeim öllum.

**Þú getur skoðað eignirnar nánar á kadeco.is.**

Kadeco Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar | Sími 425 2100 | www.kadeco.is

ÁSBRÚ

PIPAR\TBWA • SÍA • 160001

## Stærsti fasteignavefur landsins



fasteignir.is á vísir.is

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
6. APRÍL 2016 MIÐVIKUDAGUR

# Afmæli og kveðjumessa

**Séra Vigfús Þór Árnason, sóknarprestur í Grafarvogi, er sjötugur í dag. Hann leggur hempuna jafnframt á hilluna á sunnudag. Kveðjumessan er hálfgerð afmælisveisla, segir Vigfús.**

„Við verðum að heiman, eins og það kallast. Fjölskyldan fer eitthvað út á land og borðar þar hátíðarkvöldverð á góðum stað,“ segir afmælisbarn dagsins, séra Vigfús Þór Árnason, sem stendur á sjötugu. Hann hyggst ekki staldra of lengi við úti á landi þar sem á sunnudag verður blásið til heljarinnar tónlistarveislu í Grafarvogskirkju undir formerkjum kveðjumessu Vigfúsar, sem hefur verið sóknarprestur í sókninni undanfarin tuttugu og sjö ár.

„Þetta verður heilmikið húllumhæ. Um hundrað og fimmtíu manns syngja í kórnum, svo verður kaffisamsæti eftir messuna, á neðri hæðinni og hátíðartónleikar. Ætli þetta verði ekki hálfgert sjötugsafmæli bara,“ útskýrir hann og spennan leynir sér ekki. Sannkallaðar kanónur í íslensku tónlistarlífi munu taka lagið, svo sem Gissur Páll, Diddú, Egill Ólafsson, Kristján Jóhannsson, Hlöðver Sigurðsson, Geir Ólafsson, Raggi Bjarna og Þorgeir Ástvaldsson. „Maður tengist svo mörgum í gegnum allar þær athafnir, jarðarfarir, brúðkaup og þess háttar, sem tónlistarfólk tekur þátt í. Það eru svo margir sem hafa verið með manni í þessu. Við erum svona „amigos para siempre“, eða vinir að eilífu,“ segir Vigfús spenntur. – ga



**Vigfús ætlar sér að verja sjötugsafmælisdeginum í faðmi fjölskyldunnar úti á landi en snýr aftur í tæka tíð fyrir kveðjumessuna á sunnudag.**

---



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristín Pétursdóttir**

áður til heimilis á Sléttuvegi 17,

lést á hjúkrunarheimilinu Boðaþingi Kópavogi mánudaginn 28. mars síðastliðinn. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 8. apríl kl. 15. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Sigrún Kristín Baldvinsdóttir**
**Halldóra Baldvinsdóttir Valdimar Bergstað**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Yngvi Jóhannsson**

málarameistari,
Hólastekk 3,

lést á Landspítalanum miðvikudaginn 30. mars. Útför verður gerð frá Fossvogskirkju föstudaginn 8. apríl kl. 13. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Elíane Hommersand Þorláksdóttir**
**Eva Yngvadóttir Sigurjón Sigurjónsson**
**Jóhann Yngvason**
**Jakob Yngvason Erla G. Sigurðardóttir**
**Lárus Yngvason Dröfn Gunnarsdóttir**
**og barnabörn.**

---



†

Ástkær bróðir minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ásgeir Pétursson**

rennismiður,
Bergþórugötu 45b,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk, Suðurlandsbraut 66, þann 20. mars síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Hjördís E. Pétursdóttur, Erla, Peta, Ásbjörn, Ásgeir og Sólveig Ásgeirsbörn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Elskuleg eiginkona, systir, móðir og amma,

**Þóra Hreinsdóttir**

Njarðargötu 25, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 31. mars síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni 11. apríl kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands. Sérstakar þakkir færum við líknardeild Landspítalans í Kópavogi fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Haukur Dór**
**Anna Sverrisdóttir**
**Salka Hauksdóttir**
**Soffía Þorsteinsdóttir**
**Valgerður Þorsteinsdóttir**
**og barnabörn.**

---



†

Ástkær systir okkar, mágkona og frænka,

**Sigrún Ásdís Jónsdóttir**

Þórunnarstræti 124, Akureyri,

sem lést laugardaginn 19. mars á Sjúkrahúsi Akureyrar, verður jarðsungin í Glerárkirkju fimmtudaginn 7. apríl kl. 13.30.

**Hjördís Jónsdóttir, Hjörtur Bjarni Jónsson, Ingveldur Br. Jónsdóttir, Pálína S. Jónsdóttir, Steinn Björgvin Jónsson, Birna Gunnhildur Friðriksdóttir, makar, systkinabörn og fjölskyldur þeirra.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

---





†

Okkar ástkæru foreldrar, tengdaforeldrar, afi og amma,

**Stefán Aðalbjörn Jónasson**

sem lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri þann 30. mars sl. og

**Brynja Heiðdal Jónsdóttir**

sem lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri þann 4. apríl sl., verða jarðsungin frá Akureyrarkirkju mánudaginn 11. apríl kl. 10.30.

**Hallur Jónas Stefánsson Laufey Petrea Magnúsdóttir**
**Bjarnveig Elva Stefánsdóttir Stefán Finnbogason**
**Stefán Heiðar Stefánsson Noree H. Stefánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Þórunn Magnúsdóttir**

Túngötu 9, Seyðisfirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Austurlands Neskaupstað 3. apríl. Hún verður jarðsungin frá Seyðisfjarðarkirkju laugardaginn 9. apríl kl. 14.00.

**Sveinlaugur Björnsson Þorgerður Jónsdóttir**
**Þórður Jónsson**
**Rebekka Björnsdóttir Tómas Guðmundsson**
**Þórgunnur Björnsdóttir Gunnar Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristín Erla Jónsdóttir**

Steinási 29, Njarðvík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, laugardaginn 2. apríl. Útför fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju, föstudaginn 8. apríl kl. 14.00.

**Trausti Einarsson**
**Einar Tryggvi Traustason Sigríður Margrét Þorkelsdóttir**
**Ástríður V. Traustadóttir Guttormur B. Þórarinsson**
**Torfi Smári Traustason Sigfríður Sigurgeirsdóttir**
**Trausti Már Traustason Elísabet Gallagher**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Kær eiginmaður og besti vinur,

**Jón Stefánsson**

organisti og kórstjóri
frá Vogum í Mývatnssveit,

andaðist 2. apríl. Útför fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 8. apríl kl. 13.00. Jarðsett verður frá Reykjahlíðarkirkju laugardaginn 9. apríl kl. 14.00.

**Ólöf Kolbrún Harðardóttir**

---



Okkar ástkæra

**Marín Rós Tumadóttir**

Sólheimum 27,

lést þann 28. mars síðastliðinn. Útför fer fram í kyrrþey. Komið verður saman föstudaginn 8. apríl kl. 15-17 í sal KFUM & KFUK við Holtaveg til að minnast Marínar í hennar anda. Allir velkomnir. Blóm afþökkuð en fyrir þá sem vilja minnast hennar eru framlög í framtíðarbækur sona hennar vel þegin. Eiríkur Tumi Briem 0310-18-950901, kt. 060905-3120. Haraldur Nökkvi Briem 0310-18-950902, kt. 220907-3090.

**Eiríkur Tumi Briem Haraldur Nökkvi Briem**
**Allyson Macdonald Tumi Tómasson**
**Anna Kristín Tumadóttir Daníel Norman Tumason**
**Eiríkur Briem**

---



†

Kær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Þorsteinn Magnússon**

viðskiptafræðingur,
Víðimel 65,

lést að morgni páskadags á Landspítalanum Fossvogi. Útför hans fer fram frá Neskirkju föstudaginn 8. apríl kl. 13.00. Blóm eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á Parkinsonsamtökin.

**Þórdís Þorgeirsdóttir**
**Þórrún S. Þorsteinsdóttir Reynir Sigurðsson**
**Þórný Ásta Þorsteinsdóttir**
**Þórður Geir Þorsteinsson Ana Martha Helena**
**og barnabörn.**

17
2017

# VIÐ BJÓÐUM
# Morgunverð
## ÓDÝRARI BIFREIÐASKOÐUN




kl. 8-11
Morgunverð
KR. 7.710
GILDIR FYRIR FÓLKSBÍLA
Í EINKAEIGN



"MORGUNVERÐ" GILDA TIL 25. APRÍL
ALLA VIRKA DAGA KL. 08:00 TIL 11:00.

ATH. MORGUNVERÐ ERU EINUNGIS Í BOÐI Á EFTIRFARANDI SKOÐUNARSTÖÐUM FRUMHERJA

**REYKJAVÍK**
Hesthálsi 6-8, 110 Reykjavík
Grandi, Hólmaslóð 2, 104 Rvk.
Sund, Klettagörðum 11, 104 Rvk.
Skeifan, Grensásvegi 7, bakhús, 108 Rvk.

**KÓPAVOGUR**
Dalvegi 22, 200 Kópavogur

**HAFNARFJÖRÐUR**
Dalshrauni 5, 220 Hafnarfjörður

**REYKJANESBÆR**
Njarðarbraut 7, 260 Reykjanesbær

**GRINDAVÍK**
Seljabót 3, 240 Grindavík

**AKUREYRI**
Frostagötu 3a. 603 Akureyri

KOMDU Í „MORGUNVERÐ" HJÁ FRUMHERJA Á MILLI KLUKKAN 8-11 VIRKA MORGNA. AÐALSKOÐUN FYRIR KR. 7.710. RÚNSTYKKI, GÆÐA KAFFI OG FRÍTT WI-FI Á MEÐAN ÞÚ BÍÐUR.

(GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST)




Frumherji

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

*- örugg bifreiðaskoðun um allt land*

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Miðvikudagur




Austanátt í dag og dálítil rigning eða slydda öðru hvoru, en þurrt að kalla norðvestan til. Milt vorveður að deginum.

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | 2° | 1° |
| ↖ 8 | ↗ 7 | ↑ 3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 2° | 5° | -1° |
| ↓ 2 | ↖ 3 | ↑ 5 |

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | 0° | -2° |
| ← 11 | ← 11 | ← 5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -1° | 3° | -3° |
| ↙ 6 | ← 10 | ↙ 5 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. barningur
6. persónufornafn
8. skýra frá
9. kvk. nafn
11. kraðak
12. varkárni
14. losti
16. kveðja
17. for
18. munda
20. komast
21. glufa

**LÓÐRÉTT**
1. hríma
3. óláeti
4. rýrnun
5. læsing
7. kræsingar
10. regla
13. púka
15. morð
16. slím
19. frá




**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** basl, **6.** ég, **8.** tjá, **9.** lóa, **11.** ös, **12.** aðgát, **14.** girnd, **16.** hæ, **17.** aur, **18.** ota, **20.** ná, **21.** rifa.
**LÓÐRÉTT: 1.** héla, **3.** at, **4.** sjötnun, **5.** lás, **7.** góðgæti, **10.** agi, **13.** ára, **15.** dráp, **16.** hor, **19.** af.

### Skák Gunnar Björnsson

Nogeiras hafði hvítt gegn Polugaevsky í Moskvu árið 1990.

**1. Rg5+! hxg5 2. Dh5#.** Þorsteinn Magnússon sigraði á Bikarsyrpu TR sem fram fór síðustu helgi.

**www.skak.is:** Wow air mót hefst á mánudaginn.

**Hvítur á leik**




## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | | | | 3 | 1 | |
| | 9 | | | | | | | 4 |
| | 4 | 1 | 5 | 9 | | | 2 | 8 |
| | | | 8 | 1 | | 6 | | |
| | | | | 6 | 2 | | | |
| | | 2 | | | 4 | | 3 | |
| | 7 | 6 | | 8 | | | | |
| 9 | | | | | | | | |
| 1 | 3 | 8 | 9 | 2 | 7 | | 5 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | 9 | 5 | | | |
| | | | 2 | | | | 8 | 3 |
| | | 5 | | | | | | 6 |
| 5 | | 4 | 6 | 2 | | | | |
| | | 3 | 4 | | | 2 | | |
| 9 | 1 | | | 7 | | | 4 | |
| 1 | | | 8 | 6 | | | 2 | |
| 2 | | 8 | | | | | | |
| | 9 | | | | | 8 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 9 | | | | 7 | |
| 5 | 9 | | | | 7 | 2 | 4 | |
| 2 | | | | | | 5 | | 1 |
| | | | 2 | | 3 | | 1 | 5 |
| | | 8 | | | | | | |
| 1 | | | 4 | 6 | | | | |
| 9 | | | | | | | | |
| | | 1 | 5 | 9 | | 6 | | |
| 4 | | 3 | | | 8 | 7 | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 3 | 9 | 8 | 2 |
| 3 | 2 | 8 | 1 | 6 | 9 | 4 | 7 | 5 |
| 5 | 9 | 7 | 2 | 4 | 8 | 1 | 6 | 3 |
| 1 | 4 | 3 | 6 | 8 | 7 | 2 | 5 | 9 |
| 6 | 7 | 2 | 9 | 5 | 4 | 3 | 1 | 8 |
| 8 | 5 | 9 | 3 | 1 | 2 | 6 | 4 | 7 |
| 2 | 8 | 4 | 7 | 3 | 6 | 5 | 9 | 1 |
| 7 | 3 | 5 | 4 | 9 | 1 | 8 | 2 | 6 |
| 9 | 1 | 6 | 8 | 2 | 5 | 7 | 3 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 6 | 3 | 7 | 8 | 2 | 1 | 9 | 4 |
| 2 | 7 | 4 | 9 | 6 | 1 | 5 | 8 | 3 |
| 9 | 8 | 1 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 2 |
| 3 | 4 | 5 | 6 | 9 | 7 | 2 | 1 | 8 |
| 6 | 2 | 8 | 5 | 1 | 4 | 7 | 3 | 9 |
| 7 | 1 | 9 | 8 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
| 4 | 9 | 7 | 1 | 3 | 6 | 8 | 2 | 5 |
| 8 | 5 | 6 | 2 | 7 | 9 | 3 | 4 | 1 |
| 1 | 3 | 2 | 4 | 5 | 8 | 9 | 6 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 1 | 2 | 8 | 6 | 4 | 7 | 9 | 3 |
| 6 | 4 | 3 | 9 | 7 | 1 | 5 | 8 | 2 |
| 7 | 9 | 8 | 5 | 2 | 3 | 4 | 1 | 6 |
| 3 | 5 | 9 | 1 | 8 | 2 | 6 | 7 | 4 |
| 1 | 2 | 6 | 3 | 4 | 7 | 8 | 5 | 9 |
| 4 | 8 | 7 | 6 | 9 | 5 | 2 | 3 | 1 |
| 8 | 3 | 1 | 4 | 5 | 6 | 9 | 2 | 7 |
| 9 | 7 | 4 | 2 | 3 | 8 | 1 | 6 | 5 |
| 2 | 6 | 5 | 7 | 1 | 9 | 3 | 4 | 8 |

## Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gilda til og með **10. apríl** eða meðan birgðir endast

FRÉTTABLAÐIÐ
MENNING

# Við lofum að ljúga ekki að áhorfendum

**Djassararnir í Of Miles and Men ætla í kvöld að leika sér að því að spila uppáhalds Miles Davis lögin sín og votta þannig meistaranum virðingu sína enda átti hann stóran þátt í þróun djassins á liðinni öld.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Á tónleikum Múlans í Björtuloftum í Hörpu í kvöld kemur fram hljómsveitin Of Miles and Men. Hljómsveitin mun leika nokkur af uppáhaldslögum sínum af löngum og glæstum ferli trompetleikarans Miles Davis. Trompet- og flügelhornleikararnir Ari Bragi Kárason og Snorri Sigurðarson fara fyrir fríðum flokki en ásamt þeim skipa hljómsveitina Kjartan Valdemarsson á Fender Rhodes, Róbert Þórhallsson á holbola-lággígju og Einar Scheving á trommur.

„Ég veit ekki hvort það er til nokkur djassleikari sem er undanskilinn því að vera Miles Davis aðdáandi,“ segir Einar Scheving og bætir við að hann hafi að minnsta kosti ekki hitt hann enn sem komið er og eigi ekki von á því að það gerist.

„Ég fékk bara þessa hugmynd að hóa þessum mannskap saman og katalógurinn sem liggur eftir Miles Davis er svo gríðarlegur að það var aldrei neitt markmið annað en að hafa gaman og að leika okkur eitthvað með þetta allt saman. Við ákváðum samt að fara þá leið að vera með ákveðið konsept, þó að Miles hafi alltaf spilað á trompet þá ákváðum við að trompetleikararnir okkar myndu báðir spila á flügelhorn og skilja trompetinn eftir heima. Málið er að þetta eru fyrst og fremst menn að leika sér og sýna Miles virðingu fremur en að vera eitthvað að fara í spor þessa mikla meistara. Við erum ekkert að fara að spila Kind of Blue eins og Miles spilaði. En það má kannski líka segja að það sé í eðli djasstónlistarmannsins að leika sér og það er ekki síst viðeigandi í þessum virðingarvotti við Miles Davis vegna þess að hann nennti aldrei að staldra við.


Miles Davis var einstakur áhrifavaldur í djasstónlistinni á löngum ferli.

Þetta er maður sem var þungavigtarmaður í framþróun djassins og skapaði nokkra stíla. Hann var brautryðjandi, Kind of Blue var tímamótaplata sem dæmi í svokölluðum modal djassi þar sem menn fóru að fækka hljómunum og líka í cool djassinum þar áður og svo fusion þar sem hann var orðinn alveg elektrónískur. Undir lokin á ferlinum var hann svo meira að segja farinn að spila popplög eins og Human Nature, Michael Jackson og Time After Time með Cindy Lauper. Þannig að við erum að fara alveg frá einhverjum gömlum djasshundum yfir í popplög. Þetta er maður sem spilaði bebop með Charlie Parker um 1944 til 1945 og var að þróa sína tónlist allan sinn feril en hann lést 1991.“

Það mætti halda að það hafi verið erfitt fyrir tónlistarmennina að ákveða hvernig þeir ætluðu að meðhöndla þetta mikla höfundarverk


Kapparnir í Of Miles and Men eru klárir í skemmtilegheitin í Hörpu í kvöld.

HB GRANDI

FRAMHALDSAÐALFUNDUR

Framhaldsaðalfundur HB Granda hf. verður haldinn fimmtudaginn 28. apríl 2016 í matsal félagsins að Norðurgarði 1, 101 Reykjavík og hefst hann klukkan 17:00. Fundurinn fer fram á íslensku.

DAGSKRÁ

1. Kjör stjórnar skv. 5. gr. samþykkta félagsins.
Atkvæðaseðlar verða afhentir á fundarstað frá kl. 16:30 á fundardegi.

Hluthafar sem ekki eiga kost á að sækja fundinn, geta:
a) veitt öðrum skriflegt umboð
b) greitt atkvæði skriflega

Þeim hluthöfum sem hyggjast nýta sér annan hvorn þessara kosta er bent á að kynna sér á heimasíðu félagsins hvernig þeir skuli bera sig að. Þar er að finna leiðbeiningar um skráningu og form skjala og hvernig þeim skuli skilað til félagsins.

AÐRAR UPPLÝSINGAR

Hluthöfum er bent á að skv. 63. gr. hlutafélagalaga skal tilkynna skriflega, minnst fimm dögum fyrir hluthafafund, um framboð til stjórnar. Tilkynnt verður um framkomin framboð tveimur dögum fyrir fundinn.

Frekari upplýsingar um fundinn og skjöl sem honum tengjast, eru hluthöfum tiltæk á heimasíðu félagsins og á skrifstofu þess á venjulegum skrifstofutíma.

Um frekari upplýsingar vísast til fundarboðs aðalfundarins sem er að finna á vefsíðu félagsins, www.hbgrandi.is.

Stjórn HB Granda hf.

## Þegar böðull missti vinnuna

Bíó Paradís hefur á liðnum árum skapað sér mikla sérstöðu á meðal íslenskra kvikmyndahúsa enda áherslan á listrænar kvikmyndir víða að úr veröldinni. Þá hefur Bíó Paradís einnig verið með beinar útsendingar frá stórum uppfærslum á óperum og leikhúsi við þekktustu hús veraldar ásamt fleiri viðburðum en nú bætist við enn ein spennandi nýjungin. Ása Baldursdóttir er dagskrárstjóri í Bíói Paradís og hún segir að þessi nýjung felist á sérstökum bíóupptökum á leiksýningum The National Theatre í London.

„Þetta er mjög spennandi en breska þjóðleikhúsið byrjaði á þessum upptökum árið 2009. Síðan þá hafa tuttugu slíkar upptökur verið gefnar út fyrir bíó. Þetta er nýtt form þar sem fólk er að fara í leikhúsið í bíó og það eru um 1.100 kvikmyndahús víða um heiminn að sýna þessar uppfærslur. Þetta er mjög skemmtilegt og þú ert í rauninni á fremsta bekk. Það eru margar myndavélar en það er ekki eins og þú sért í bíói, það er t.d. ekki súmmað inn ef einhver grætur eða eitthvað slíkt. En hins vegar er verið að leika sér með sjónarhornið og þó að þú sért í bíói færðu ákveðna leikhúsupplifun og í raun alveg ótrúlega mikla.“

Sýningin sem verður í Bíói Paradís dagana 9. til 17. apríl er á verkinu Hangman eftir Martin McDonagh sem er m.a. þekktur fyrir handritið að kvikmyndinni In Bruges. „Þessi sýning vakti fyrst mikla athygli vegna þess að Martin McDonagh fór í fjölmiðla og lýsti því yfir að leikhúsið væri ömurlegasti miðillinn til þess að segja sögu og það óneitanlega stuðaði fólk ansi hressilega. en svo fóru fimm stjörnu dómarnir að hrúgast inn hver á fætur öðrum og þetta sló alveg gríðarlega í gegn. Það er kannski ekki að furða enda er þetta frábær uppfærsla á nýju verki eftir einn allra besta handritshöfund okkar tíma.


Úr verkinu Hangman sem verður sýnt í bíóleikhúsi í Bíói Paradís.

Sagan gerist á sjöunda áratugnum og fjallar um böðul eftir að það er búið að banna aftökur á Bretlandi og hann er þar með væntanlega að



en Einar segir að þeir hafi nú verið óskóp rólegir yfir því. „Við hittumst yfir kaffibolla, töluðum um hvaða lög við fíluðum og skiptum á milli okkar að útsetja, æfðum sáralítið og svo bara vonum við það besta. En núna þegar pólitíkin alveg tröllríður samfélaginu þá getum við að minnsta kosti lofað því að við munum ekki ljúga að áhorfendum.“ Tónleikarnir hefjast kl. 21 í Björtuloftum Hörpu.



missa vinnuna. Ég vil þó ekki vera að segja of mikið um söguþráðinn.

Með þessari sýningu er aðgengið að breska þjóðleikhúsinu að aukast og það sem meira er, þá er bíómenningin að breytast og verða meira alls konar. Bíó Paradís er þannig bíó að það er ekki síður menningarhús þar sem alls konar listgreinar finna sér farveg. Það er mikilvægt að muna að þetta er alls ekki sjónvarpsleikrit heldur bíóleikhús og það tekur allt mið af því. Þess vegna er líka málið að koma í bíó til þess að fá þessa upplifun beint í æð. **magnus@frettabladid.is**

# Gamli og nýi Daði – eins og gamla og nýja Ísland

Daði Guðbjörnsson myndlistarmaður opnar sýningu í Gallerii Gróttu á Eiðistorgi á morgun, fimmtudag klukkan 17. Hún nefnist Ferð andans í frumskógi efnisins og þar kannar Daði nýjar lendur listarinnar.

„Ég er að prófa nýja aðferð, vinn með ljósmyndir sem ég hef tekið, prenta þær á striga og mála ofan í þær. Þannig að myndirnar sem ég er að sýna núna eru blanda af ljósmynd og málverki,“ segir hann brattur og kveðst sem sagt vera bæði ljósmyndarinn Daði og listmálarinn Daði. „Svolítið gamli og nýi Daði – alveg eins og gamla og nýja Ísland,“ bætir hann við. „Segi'ði svo að ég sé ekki með puttann á púlsinum!“

Hann kveðst hafa hitt konu sem hældi honum fyrir hvað litirnir í myndunum væru bjartir og fallegir. „Ég sagði henni að svona yrði Ísland þegar þetta moldviðri væri búið sem við værum að ganga í gegnum núna. Þannig að ef fólk vill horfa inn í framtíðina þá ætti það að koma á sýninguna.“

Vert er að taka fram að sýningin í Gallerii Gróttu stendur til 29. apríl og allir eru velkomnir. **– gun**



**„Ef fólk vill horfa inn í framtíðina þá ætti það að koma á sýninguna,“ segir Daði en á þessari mynd er ekki um hina blönduðu tækni að ræða.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





**BEINAR ÚTSENDINGAR** *FRÁ MÓTINU:*

| | | |
|---|---|---|
| Miðvikudaginn | 6. apríl | kl. 19:00 - 21:00 |
| Fimmtudaginn | 7. apríl | kl. 19:00 - 23:30 |
| Föstudaginn | 8. apríl | kl. 19:00 - 23:30 |
| Laugardaginn | 9. apríl | kl. 19:00 - 23:00 |
| Sunnudaginn | 10. apríl | kl. 18:00 - 23:00 |



Nánar á **365.is** og í **síma 1817**

**US MASTERS**
*Á GOLFSTÖÐINNI*
**BESTU KYLFINGAR HEIMS Í BEINNI**

Í kvöld hefst fyrsta risamót ársins í golfi þegar bestu kylfingar heims keppa á US Masters-mótinu á Augusta-vellinum í Georgíufylki. Jordan Spieth sigraði í fyrra og mætir sterkur til leiks en Rory McIlroy og Jason Day þykja einnig líklegir til stórræða. Ekki missa af fimm daga golfveislu sem hefst í kvöld með hinni stórskemmtilegu Par 3-keppni á Augusta-vellinum.

**3.990 kr.** ef þú ert með Stóra pakkann eða Sportpakkann. | **5.990 kr.** ef þú ert með aðra áskrift hjá 365. | **6.990 kr.** ef þú ert ekki með neina áskrift hjá 365.



365

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
GISELLE
Einn fegursti ballett allra tíma
DRAMATÍSK GAMANMYND BYGGÐ Á SAMNEFNDRI METSÖLUBÓK
MAÐUR SEM HEITIR OVE
FORELDRBÍÓ
ANNAN HVERN FÖSTUDAG KL. 12.00 Í SMÁRABÍÓI
Ópera í beinni
LUCIA DI LAMMERMOOR
24. apríl í Háskólabíói
FORSALA HAFIN
Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

LAUGARÁSBÍÓ
midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
MAÐUR SEM HEITIR OVE
POWERSÝNING KL. 21:00

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| MAÐUR SEM HEITIR OVE | 5:30, 8, 10:10 |
| BATMAN V SUPERMAN 3D | 6, 9(POWER) |
| MY BIG FAT GREEK WEDDING 2 | 8, 10:10 |
| KUNG FU PANDA 3 | 5:50 ÍSL.TAL |

SAMBÍÓIN
NÝJASTA MYND J.J. ABRAMS
90%
★★★★★ THE NEW YORK TIMES
★★★★★ CHICAGO SUN TIMES
★★★★½ VARIETY
10 CLOVERFIELD LANE
EIN BESTA SPENNUMYND ÁRSINS
BATMAN v SUPERMAN DAWN OF JUSTICE
BEN AFFLECK HENRY CAVILL
EIN STÆRSTA MYND ÞESSA ÁRS

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| 10 CLOVERFIELD LANE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 - 10:40 |
| BATMAN V SUPERMAN 3D | KL. 5:20 - 7 - 8:30 |
| BATMAN V SUPERMAN 2D | KL. 10:10 |
| BATMAN V SUPERMAN 2D VIP | KL. 7 - 10:10 |
| GODS OF EGYPT | KL. 8 |
| LONDON HAS FALLEN | KL. 10:40 |
| ZOOTROPOLIS ÍSLTAL 2D | KL. 5:40 - 6 |
| ZOOTROPOLIS ENSKT TAL 2D | KL. 8:20 |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI | |
| MADAMA BUTTERFLY ÓPERA ENDURFLUTT | KL. 6 |
| 10 CLOVERFIELD LANE | KL. 8 - 10:20 |
| BATMAN V SUPERMAN 3D | KL. 5:50 - 9 - 10:10 |
| ROOM | KL. 5:30 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| 10 CLOVERFIELD LANE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| BATMAN V SUPERMAN 3D | KL. 8 |
| BATMAN V SUPERMAN 2D | KL. 6 - 10 |
| KUNG FU PANDA 3 ÍSLTAL 2D | KL. 5:40 |
| LONDON HAS FALLEN | KL. 8 - 10:20 |
| ZOOTROPOLIS ÍSLTAL 2D | KL. 5:40 |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | |
| 10 CLOVERFIELD LANE | KL. 8 - 10:20 |
| BATMAN V SUPERMAN 3D | KL. 8 |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | |
| 10 CLOVERFIELD LANE | KL. 8 - 10:20 |
| BATMAN V SUPERMAN 3D | KL. 5:30 - 8:40 |
| ZOOTROPOLIS ÍSLTAL 2D | KL. 5:40 |

ZOOTROPOLIS
LONDON HAS FALLEN

# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 6. APRÍL 2016

### Tónleikar

**Hvað?** Tófa, Godchilla, We Made God, Kvöl og SKNN
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra
Það verður nóg um að vera á Húrra í kvöld en þar munu rokk-, pönk- og metalhljómsveitinar Tófa, Kvöl, We Made God, Godchilla og SKNN stíga á svið. Aðgangseyrir er litlar 1.000 kr.

**Hvað?** Of Miles and Men
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Múlinn Jazzklúbbur, Hörpu
Á þessum tónleikum Múlans í Björtuloftum í Hörpu kemur fram hljómsveitin of Miles and Men sem mun leika nokkur af sínum uppáhaldslögum eftir trompetleikarann Miles Davis. Aðgangseyrir á tónleikana er 2.000 kr. en 1.000 kr. fyrir nemendur.

**Hvað?** Tina Dickow og Helgi Hrafn Jónsson
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Harpa
Tina Dickow hefur um árabil verið ein skærasta poppstjarna Danmerkur. Hún býr nú á Íslandi ásamt eiginmanni sínum, Helga Hrafni Jónssyni, en þau hjónin hefur komið víða við og spilað á tónleikum fyrir fjölda fólks. Þau koma nú saman í Hörpu og leika í Kaldalóni. Aðgangseyrir er 3.500 kr. og hægt er að nálgast miða á harpa.is.

### Listsýningar

**Hvað?** Heyrðu!
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Mengi
Dagskráin er sett upp af nemendum í Listaháskólanum sem eru að læra sýningagerð og sýningastjórnun. Tilgangurinn er að endurspegla þær ólíku leiðir sem listamenn velja til að takast á við hið ósýnilega form hljóðheimsins. Listamenn sýningarinnar verða meðal annars Haraldur Jónsson, Ásta Fanney og fleiri. Það er frítt inn á þennan viðburð.

### Útgáfuboð

**Hvað?** Útgáfuboð Sögu tónlistarinnar eftir Árna Heimi Ingólfsson
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Harpa
Útgáfu bókarinnar Saga tónlistarinnar: Tónlist á Vesturlöndum frá miðöldum til nútímans, eftir Árna Heimi Ingólfsson, verður fagnað með léttum veitingum á annarri hæð í Hörpunni í dag. Frítt er inn á þennan viðburð.


Hjónin Tina Dickow og Helgi Hrafn halda tónleika í Hörpu í kvöld.

### Fundir

**Hvað?** Aðstandendafundur Trans Ísland
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Trans Ísland, Suðurgötu 3
Trans Ísland boðar til aðstandendafundar þar sem boðið verður upp á fræðslu, spjall og umræður um málefni transfólks fyrir aðstandendur, vini og vandamenn. Fjallað verður um helstu hugtökin, farið yfir algengar spurningar og aðrar upplýsingar sem er gott að vita sem aðstandandi.

**Hvað?** Nýr miðbær á Selfossi?
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Tryggvaskáli, Selfossi
Nemendafélag FSu stendur fyrir fundinum og hefur fengið Sigtún þróunarfélag sem stendur að baki nýja miðbænum á Selfossi til þess að halda kynningu. Hugmyndir að baki nýjum miðbæ verða kynntar og algengum spurningum svarað. Ungu fólki verður jafnframt gefinn kostur á að koma spurningum og athugasemdum á framfæri. Fundurinn er ætlaður fólki á aldrinum 15 til 35 ára.

**Hvað?** Spjall og hittingur með aðstandendum barna með Downs-heilkenni
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Downs-félagið, Háaleitisbraut 13
Spjall og hittingur fyrir aðstandendur sex til tólf ára barna á vegum Downs-félagsins.

### Fyrirlestrar

**Hvað?** Fyrirlestramaraþon Háskólans í Reykjavík
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Háskólinn í Reykjavík
Í dag fer fyrirlestramaraþon HR fram í áttunda skiptið en viðburðurinn lýsir sér þannig að fræðimenn HR fjalla um fjölbreyttar rannsóknir og viðfangsefni á sjö mínútna örfyrirlestrum. Fyrirlesarar koma úr öllum akademískum deildum HR og fer maraþonið fram í fimm kennslustofum í einu. Allir eru velkomnir og boðið verður upp á léttan hádegisverð. Dagskrána er hægt að finna á ru.is.

**Hvað?** Fyrirlestur á vegum sálfræðideildar. Fylgiraskanir.
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Háskóli Íslands, Lögberg, stofa 103
Dr. Þórhildur Halldórsdóttir heldur hádegisfyrirlestur í boði sálfræðideildar í dag.

**Hvað?** Nýjar rannsóknir í íslenskri fornleifafræði
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Þjóðminjasafnið
Þær Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Kristborg Þórsdóttir flytja erindi um seljabúskap í Drumbabót. Erindið er flutt í fyrirlestraröðinni Nýjar rannsóknir í íslenskri fornleifafræði sem Félag fornleifafræðinga, námsbraut í fornleifafræði við HÍ og Þjóðminjasafnið standa að.

**Hvað?** Vesturíslenska
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg 10
Á þessu þriðja rannsóknarkvöldi Félags íslenskra fræða á vormisseri ræðir Höskuldur Þráinsson um áhrif menningarlegra og félagslegra þátta á þróun tungumála með hliðsjón af íslensku í Vesturheimi.


Fyrirlestramaraþon HR verður haldið í áttunda skiptið í hádeginu í dag.

**Hvað?** Karíus og Baktus í Sögustund
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Bókasafn Seltjarnarness
Bókin um grallaraspóana Karíus og Baktus verður lesin og sýndar úr henni myndir í Sögustund. Bókasafnið býður öllum upp á hollustunammi af þessu tilefni.

### Næturlífið

**Hvað?** BeerPong keppni
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Danski Barinn/Den Danske Kro
Í kvöld verður haldin BeerPong keppni á Danska. Keppnin hefst 19.30 en minnst tveir verða að vera saman í liði. Þátttökugjald er 3.000 kr. Seinast þegar keppnin var haldin komust færri að en vildu en því er æskilegt að skrá sig í síma 552-0070.

BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
Anomalisa ........ 18:00
Son of Saul // Saul fia ........ 17:45
The Witch / Nornin ........ 20:00, 22:00
Reykjavík ENG SUB ........ 20:00
Rams / Hrútar ENG SUB ........ 20:00
Spotlight ........ 22:00
The look of silence ........ 22:00
REYKJAVÍK



TEMPUR®
Við höfum endurskapað heilsudýnuna. Aftur.
Rennilásin er líklega það eina sem við endurhönnuðum ekki.
TEMPUR-DAGAR
25%
AFSLÁTTUR
KOMDU NÚNA!
Hábróað TEMPUR® efni
Precision™ Micro gormar
NÝJA TEMPUR® Hybrid heilsudýnan
Með því að sameina háþróaða TEMPUR® efnið og hina vönduðu Precision™ micro gorma aðlagar nýja TEMPUR® Hybrid heilsudýnan sig fullkomlega að líkama þínum og bregst við hreyfingum þínum þannig að þú upplifir réttan stuðning og hámarksþægindi.
Til enn frekari þægindaauka er dýnan klædd QuickRefresh™ áklæði sem taka má af með rennilás og þvo.
FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477
DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100
SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566
AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is
Betra BAK

# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Teen Titans Go
**07.45** Sullivan & Son
**08.05** The Middle
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Logi
**11.15** Anger Management
**11.40** Mindy Project
**12.05** Enlightened
**12.35** Nágrannar
**13.00** Spilakvöld
**13.45** Mayday
**14.30** Glee
**15.15** Impractical Jokers
**15.40** Teen Titans Go
**16.05** Baby Daddy
**16.30** Sirens
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Víkingalottó
**19.15** The Middle
**19.35** Mike & Molly
**20.00** **Á uppleið** Þriðja þáttaröðin af þessum vönduðu þáttum í umsjón Sindra Sindrasonar. Fyrst var það London, þá New York og nú Skandinavía.
**20.25** Grey's Anatomy
**21.10** **Blindspot** Hörkuspennandi þættir um unga konu sem finnst á Times Square en hún er algjörlega minnislaus og líkami hennar er þakinn húðflúri.
**21.55** Togetherness
**22.25** Girls
**22.50** NCIS
**23.30** Better Call Saul
**00.15** Crimes That Shook Britain
**01.00** The Salvation
**02.30** Mistresses
**03.15** Mistresses
**03.55** Your're the Worst
**04.20** Louie
**04.45** The Middle
**05.05** Mike & Molly

## SPORT

**07.20** Barcelona - Atletico Madrid
**09.00** Meistaradeildarmörkin
**09.30** Þýsku mörkin
**09.55** Ítölsku mörkin
**10.20** Formúla 1 - Keppni
**12.40** KR - Njarðvík
**14.15** Bayern Munchen - Benfica
**15.55** Barcelona - Atletico Madrid
**17.35** Meistaradeildarmörkin
**18.05** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**18.30** PSG - Man. City
**20.45** Meistaradeildarmörkin
**21.15** Wolfsburg - Real Madrid
**23.05** Tindastóll - Haukar
**00.40** UFC Now

## SPORT 2

**13.05** Football League Show
**13.35** Juventus - Empoli
**15.15** Arsenal - Watford
**16.55** Haukar - Tindastóll
**18.30** Wolfsburg - Real Madrid
**20.45** Barcelona - Real Madrid
**22.25** Spænsku mörkin
**22.55** Messan

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Shell Houston Open
**11.15** Golfing World
**12.05** ANA Inspiration
**15.05** Shell Houston Open
**18.05** PGA Tour - Highlights
**19.00** Golfing World
**19.50** Shell Houston Open

## STÖÐ 3

**18.25** League
**18.50** Top 20 Funniest
**19.30** Last Man Standing
**19.55** Baby Daddy
**20.20** Mayday. Disasters
**21.10** The Listener
**21.55** American Horror Story. Hotel
**23.05** Supergirl
**23.50** Flash
**00.35** Gotham
**01.20** Arrow
**02.00** Last Man Standing
**02.25** Baby Daddy
**02.45** Mayday. Disasters
**03.30** The Listener
**04.15** American Horror Story. Hotel
**05.25** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Sumardalsmyllan
**07.55** UKI
**08.00** Ljóti andarunginn og ég
**08.25** Latibær
**08.48** Hvellur keppnisbíll
**09.00** Ofurhundurinn Krypto
**09.25** Lína langsokkur
**09.47** Ævintýraferðin
**10.00** Könnuðurinn Dóra
**10.24** Mörgæsirnar
**10.47** Óskastund með Skoppu og Skítlu
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Sumardalsmyllan
**11.55** UKI
**12.00** Ljóti andarunginn og ég
**12.22** Latibær
**12.45** Hvellur keppnisbíll
**13.00** Ofurhundurinn Krypto
**13.25** Lína langsokkur
**13.48** Ævintýraferðin
**14.00** Könnuðurinn Dóra
**14.24** Mörgæsirnar
**14.47** Óskastund með Skoppu og Skítlu
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Sumardalsmyllan
**15.55** UKI
**16.00** Ljóti andarunginn og ég
**16.22** Latibær
**16.45** Hvellur keppnisbíll
**17.00** Ofurhundurinn Krypto
**17.25** Lína langsokkur
**17.48** Ævintýraferðin
**18.00** Könnuðurinn Dóra
**18.24** Mörgæsirnar
**18.47** Óskastund með Skoppu og Skítlu
**19.00** Epic

**Svampur Sveinsson kl. 07.24, 11.24 og 15.24**



## GULLSTÖÐIN

**18.10** Raising Hope
**18.35** 2 Broke Girls
**18.55** Friends
**19.20** Mom
**19.40** Dulda Ísland
**20.35** Feðgar á ferð
**21.00** Chuck
**21.45** Cold Case
**22.30** Cold Feet 5
**23.20** Friends
**23.40** Dulda Ísland
**00.30** Feðgar á ferð
**00.55** Chuck
**01.35** Cold Case
**02.20** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**12.50** Garfield. A Tail of Two Kitties
**14.10** Heaven is for Real
**15.50** Enough Said
**17.25** Garfield. A Tail of Two Kitties
**18.45** Heaven is for Real
**20.25** **Enough Said** Dramatísk gamanmynd frá 2013 með Juliu Louis-Dreyfus, James Gandolfini og Catherine Keener í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um fráskilda konu sem kynnist manni en málin flækjast eilítið þegar hún kemst að því að hann er fyrrverandi maður nýju vinkonu hennar.
**22.00** **Automata** Spennutryllir frá árinu 2014 með Antonio Banderas, Dylan McDermott og Melanie Griffith í aðalhlutverki. Myndin gerist árið 2044 þegar vélmenni sem búa yfir yfirgripsmikilli þekkingu hafa tekið yfir flest störf í þjóðfélaginu. Vélmennin hafa hins vegar verið endurforrituð af óprúttnum aðilum þannig að þau eru ekki lengur óskaðleg mönnum, sem skapar gífurlega hættu fyrir mannkynið.
**23.50** Don't Be Afraid of the Dark
**01.30** Joe
**03.25** Automata

## RÚV

**17.15** Maðurinn og umhverfið
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** KrakkaRÚV
**17.56** Finnbogi og Felix
**18.18** Sígildar teiknimyndir
**18.25** Gló magnaða
**18.50** Krakkafréttir
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.00** Skólahreysti
**20.35** Kiljan
**21.15** Neyðarvaktin
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Á spretti
**22.40** Ó borg mín borg Chicago
**23.40** Hamingjudalur
**00.40** Kastljós
**01.00** Fréttir
**01.15** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** Top Chef
**09.50** Minute To Win It
**10.35** Pepsi MAX tónlist
**12.50** Dr. Phil
**13.30** Black-ish
**13.55** Jane the Virgin
**14.40** Remedy
**15.25** The Biggest Loser - Ísland
**16.10** The Grinder
**16.35** The Tonight Show
**17.15** The Late Late Show
**17.55** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.45** Leiðin á EM 2016
**20.15** America's Next Top Model
**21.00** Chicago Med
**21.45** Quantico
**22.30** The Tonight Show
**23.10** The Late Late Show
**23.50** Sleeper Cell
**00.35** Billions
**01.20** Scandal
**02.05** Chicago Med
**02.50** Quantico
**03.35** The Tonight Show
**04.15** The Late Late Show
**04.55** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |





2 | 20:00
**Á UPPLEIÐ**
Sindri Sindrason hittir Láru Kristínu sem er búsett í Stokkhólmi og er í draumastarfinu sínu hjá H&M. Hún hefur áður unnið með stórstjörnum á borð við Donatellu Versace, Karl Lagerfeld og Söruh Jessicu Parker.

FRÁBÆRT
**MIÐVIKUDAGSKVÖLD**
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

2 | 20:25
**GREY'S ANATOMY**
Vinsælir dramaþættir sem gerast á skurðstofu á Grey Sloan spítalanum þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.



2 | 21:10
**BLINDSPOT**
Hörkuspennandi þættir þar sem Jane hjálpar alríkislögreglunni að leysa sakamál sem oftar en ekki vísa í húðflúr á líkama hennar.



2 | 21:55
**TOGETHERNESS**
Vandaðir gamanþættir um tvö pör sem búa undir sama þaki og þurfa að láta sambúðina ganga upp með öllum sínum uppákomum.




2 | 22:25
**GIRLS**
Frábær gamanþáttasería um hóp vinkvenna á þrítugsaldri sem búa í draumaborginni New York en samskiptin við hitt kynið ganga ekki alltaf áfallalaust.




| 22:00
**AUTOMATA**
Spennutryllir frá 2014 með Antonio Banderas, Dylan McDermott og Melanie Griffith í aðalhlutverkum.



3 | 21:55
**AMERICAN HORROR STORY: HOTEL**
Sögusviðið er hið leyndardómsfulla hótel Cortez í Los Angeles þar sem framin eru óhugnanleg morð. Hótelstýran er leikin af Lady Gaga.




©2016 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is


APRÍL
SPRENGJA!
BÚMM!
KAZZAAAAM!
-50.000
9 STK.
SKRAMMJJ!
-60.000
3 STK.
EPSON
Allt það besta í einni fartölvu!
189.995
ÁÐUR 239.995
TOSHIBA
3D FullHD skjávarpi fyrir EM!
99.995
ÁÐUR 159.995
EPS-EHTW5210
BÚMMM!
-50%
40 STK.
BAAANG!
-36%
25 STK.
Þráðlaust lyklaborð og mús 10 metra drægni
4.495
ÁÐUR 6.995
LOG-MK270
STE-62341
SPREEENGJ!
-6.000
50 STK.
Steelseries Rival Optica 100 leikjamús
4.995
ÁÐUR 9.995
Corsair Carbide turnkassi
8.995
ÁÐUR 14.995
tl.is
TÖLVU LISTINN
TÖLVULISTINN
Heimilistæki
AÐEINS BROT AF TILBOÐUNUM!

# Óhefðbundinn bókamarkaður

Á föstudaginn verður haldinn „zine and print“ markaður þar sem nemendur Listaháskóla Íslands ásamt öðrum selja meðal annars bækur, „zine“-bæklinga og teikningar. Markaðurinn er haldinn á Hlemmi.

Á föstudaginn verður haldinn svo kallaður „zine and print“ markaður en þar verða meðal annars á boðstólum litlar bækur, teikningar, ljóð, silkiþrykk og „zine“-bæklingar. Viðburðurinn verður haldinn á Hlemmi en þetta er í annað skiptið sem slíkur markaður er haldinn. Lóa Hjálmtýsdóttir kennir áfanga í Listaháskóla Íslands sem snýst um að búa til „zine“ en það er hún ásamt nemendum hennar og fleiri bekkjum sem stendur fyrir markaðinum. „Þessi markaður er í rauninni bara eins og bókamarkaðurinn í Perlunni nema við verðum með mun frjálslegra úrval og meirihlutinn af því sem verður til sölu eru heimatilbúin „zine“, bækur eða teikningar.“

**ÞESSI MARKAÐUR ER Í RAUNINNI BARA EINS OG BÓKAMARKAÐURINN Í PERLUNNI NEMA VIÐ VERÐUM MEÐ MUN FRJÁLSLEGRA ÚRVAL OG MEIRIHLUTINN AF ÞVÍ SEM VERÐUR TIL SÖLU ERU HEIMATILBÚIN „ZINE“, BÆKUR EÐA TEIKNINGAR.**


Lóa Hjálmtýsdóttir er ein af þeim sem standa fyrir markaðinum á föstudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ

Þrátt fyrir að markaðurinn sé á vegum nemenda og kennara í Listaháskólanum geta allir tekið þátt og selt verk sín en það eru engar sérstakar reglur um það hvernig prentverk eða listaverk má selja. „Þegar við héldum þetta í fyrra þá var þetta einhvers konar uppskeruhátíð áfangans eða öðruvísi yfirferð en nemendur okkar eru vanir. Þetta er góð leið til að tjá sig ýmist í gegnum myndlist, ljóðlist eða jafnvel ritlist. Þetta er mjög frjálst og svona „zine“-bæklingar eru góður vettvangur fyrir tilraunamennsku enda miklu opnari heldur en bækur.“

Það liggur þó ekki ljóst fyrir hvað „zine“-bæklingar eru nákvæmlega en þeir hafa víðtæka merkingu og hafa verið að ryðja sér til rúms hér á landi þrátt fyrir að hafa lengi verið vinsæl leið fyrir listamenn erlendis að koma verkum sínum á framfæri. „Það er mjög erfitt að útskýra þetta en þetta er seinni hluti orðsins „magazine“. Þetta eru bæklingar sem eru yfirleitt handgerðir eða einhvers konar heimatilbúningur. Það hefur verið vinsælt að gera svokölluð „fanzine“ þar sem fólk býr til bæklinga tileinkaða hljómsveitum eða öðrum kúltúrum. Þetta er mun tilraunakenndara og frjálslegra en bækur og ekki jafn stíliserað og tímarit,“ segir Lóa en hún á von á því að töluvert margir munu taka þátt á föstudaginn en nú þegar hafa milli 30 til 40 manns boðað þátttöku sína.

Markaðurinn verður haldinn á föstudaginn næstkomandi á Hlemmi milli klukkan fjögur og átta en fjölmargir hafa sagst munu koma þangað á Facebook. Hægt verður að kaupa verk og bækur eftir listamenn og höfunda á staðnum. Þetta verður í seinasta skiptið sem markaðurinn verður haldinn á þessum stað en brátt mun matarmarkaður verða opnaður á Hlemmi.

gunnhildur@frettabladid.is




# Eigum nóg af hæfileikaríkum börnum

„Það eru allir velkomnir í prufurnar, allir krakkar á aldrinum átta til fjórtán ára sem hafa áhuga á því að vera í leikhúsi. Ég veit að það er fullt af krökkum sem geta alveg helling, og það er gaman að sjá hvað börn geta staðið með hæfileikum sínum,“ segir Bergur Þór Ingólfsson leikstjóri, en Borgarleikhúsið leitar nú að 22 börnum til að leika í fyrstu uppsetningu næsta leikárs sem er Sagan af bláa hnettinum eftir Andra Snæ Magnason.


Bergur Þór Ingólfsson gerir nýja leikgerð ásamt því að leikstýra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Skráning í prufurnar verður í Borgarleikhúsinu í dag milli kl 15.00-17.00, en prufurnar sjálfar fara fram á fimmtudag til sunnudags og svo aftur í næstu viku.

„Það tekur tíma að fara í gegnum fyrsta hollið, við eigum von á fullt af börnum þar sem viðbrögðin við prufunum eru góðar og fullt af krökkum bíður spennt eftir að fá að spreyta sig. Það er nauðsynlegt að börnin mæti með foreldrum sínum í skráninguna þar sem tekin verður mynd af þeim og þau fá svo númer svo hægt sé að raða þeim niður í hópa,“ segir Bergur Þór.

Sagan af bláa hnettinum er ein viðförlasta barnabók síðari ára, en hún fjallar um börn sem búa á bláum hnetti langt úti í geimnum. Dag nokkurn birtist vera sem umturnar áhyggjulausu lífi þeirra og leiðir þau í háskalega ferð.

„Þetta verður barnasöngleikur og börnin koma til með að halda uppi sýningunni. Við eigum alveg helling af hæfileikaríkum börnum,“ segir Bergur Þór. – gjs


THULE SWEDEN
Hjólagrindur og ferðabox
Fást í verslun okkar að Bíldshöfða 10
THULE
Stilling
Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

DORMA
Láttu drauminn rætast

Fyrir þínar bestu stundir




NATURE'S COMFORT
heilsurúm með classic botni og löppum

25% AFSLÁTTUR

| Stærð cm. | M/Classic botni | Tilboðs-verð |
|---|---|---|
| 80x200 | 86.900 | 65.175 |
| 90x200 | 92.900 | 69.675 |
| 100x200 | 99.900 | 74.925 |
| 120x200 | 119.900 | 89.925 |
| 140x200 | 138.900 | 104.175 |
| 160x200 | 149.900 | 112.425 |
| 180x200 | 164.900 | 123.675 |

Nature's Comfort:
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar pr fm²
- Steyptar kantstyrkingar

TILBOÐ

FERMINGAR TVENNA

DÚNMJÚKT TVENNUTILBOÐ
O&D dúnsæng – Stóri björn
· 50% dúnn og 50% smáfiður
Fullt verð: 19.900 kr.
+ Dúnkoddi – Stóri björn
Fullt verð: 5.900 kr.
Fullt verð samtals: 25.800 kr.

19.800 kr.

QUILTS OF DENMARK

Þú finnur nýja bæklinginn okkar á www.dorma.is

Holtagörðum
512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafjörður

Afgreiðslutími Rvk.
Mán. til fös. kl. 10–18
Laugardaga kl. 11–16
www.dorma.is

DORMA
Láttu drauminn rætast

Endalaust 365
ENDALAUS GSM
1817 | 365.is
365



Rebecca er tiltölulega nýflutt hingað til lands en hún hefur nám í Háskóla Íslands í haust og stefnir á að halda gæludýramálun áfram samhliða náminu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Elskar dýr og málar af þeim myndir

Dýraáhugakonan **Rebecca Scott Lord** er hrifin af köttum á götum bæjarins. Gæludýraeigendur geta sett sig í samband við hana til að fá málaðar myndir af gæludýrum en hún er menntaður listmálari.

Mér fannst eitthvað fyndið og frábært við það hvað það er mikið af köttum ráfandi um hér á Íslandi og svo sýndi vinur minn mér Facebook-hóp þar sem fólk póstar myndum af köttunum sínum. Mér leið eins og ég væri umkringd fólki sem hugsaði á svipaðan hátt og ég og elskaði líka ketti. Ég elska dýr og sérstaklega ketti,“ segir Rebecca Scott Lord, kattaáhugakona og gæludýraunnandi sem stofnaði á dögunum Facebook-síðuna Dýramálverk.

Rebecca er útskrifuð frá Maryland Institute College of Art í Baltimore sem listmálari en flutti nýverið hingað til lands. Hún hafði málað nokkur kattamálverk í Bandaríkjunum og ákvað að láta reyna á viðlíka þjónustu hér á landi. En í gegnum síðuna geta áhugasamir gæludýraeigendur sett sig í samband við Rebeccu og fengið hana til þess að mála mynd af gæludýrum gegn gjaldi.

„Ég vissi ekki um neinn sem var að gera portrettmyndir af gæludýrum hér á Íslandi og datt í hug að það gæti verið skemmtilegt að gera það.“

Þrátt fyrir að vera mikill kattavinur segist Rebecca ekki setja dýrategundir fyrir sig og í raun mála hvaða gæludýr sem er. „Ef einhver elskar dýrið sitt nógu mikið til þess að vilja eiga málverk af því þá er ég til í það,“ segir hún glöð í bragði.

Hún segir ekki sérlega erfitt að ná fram persónuleika hvers og eins dýrs á málverkunum og það sé í raun ekki svo ósvipað því að mála portrettmynd af manneskjum.





Rebecca segir ekki erfitt að sýna persónuleika dýranna á myndunum. MYND/REBECCASCOTTLORD

**ÉG HELD AÐ EF FÓLK ELSKAR DÝRIÐ SITT SVO MIKIÐ AÐ ÞAÐ VILJI LÁTA MÁLA ÞAÐ ÞÁ GETI VIÐKOMANDI LÍKLEGA SENT LJÓSMYND SEM FANGAR PERSÓNULEIKA ÞESS.**

„Það er reyndar þannig að sumt er líkt og annað er ólíkt. Ég hef málað töluvert mikið af portrettum af manneskjum og maður verður bara að átta sig á því hvað það er sem gerir viðkomandi andlit einstakt og fatta hvernig maður getur fangað það. Það er það sem fær myndina til þess að líta út eins og sá sem þú ert að mála í staðinn fyrir að vera bara einhver köttur eða manneskja,“ útskýrir Rebecca en hún þarf þó ekki að hitta gæludýrin til þess að fá tilfinningu fyrir persónuleika þeirra.

„Ég held að ef fólk elskar dýrið sitt svo mikið að það vilji láta mála það þá geti viðkomandi líklega sent ljósmynd sem fangar persónuleika þess.“

Sjálf á Rebecca ekki kött sem stendur sökum þess að hún hefur ekki leyfi til þess í íbúðinni sem hún býr í núna. Hún segir það þó ekki koma að sök þar sem margir kettir gangi um götur borgarinnar. „Þó svo að ég geti ekki átt kött sjálf, og ef mig langar skyndilega að klappa einum þá fer ég bara út og finn einn sem ég get strokið.“

Áhugasamir gæludýraeigendur geta sett sig í samband við Rebeccu á Facebook-síðunni Dýramálverk.

**gydaloa@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


MIÐ-ÍSLAND
2016
„ÞAÐ ER EKKI OF FAST KVEÐIÐ AÐ ORÐI AÐ SEGJA AÐ UPPISTAND ÞEIRRA FÉLAGA Í MIÐ-ÍSLANDI SÉ Á HEIMSMÆLIKVARÐA.“
A.Ö. – DV
SÍÐUSTU SÝNINGAR FRAMUNDAN
Domino's
THULE
midi.is

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**Bakþankar**

Jónu Hrannar Bolladóttur



# Vorboðar

Ég segi gjarnan við fermingarbörnin mín að þau séu vorboðinn ljúfi því þegar dagurinn þeirra rennur upp er náttúran að vakna úr vetrardvalanum. Þegar fermingarbörnin ganga inn gólfið í hvítu kirtlunum í kirkjum landsins eða standa prúðbúin á sviðinu í Háskólabíói við borgaralega fermingu þá veit ég að ástvinir finna brjóst sitt fyllast af lífsfögnuði sem er sambland af ást og þakklæti.

Ég minni fermingarbörnin mín alltaf á það að þegar þau litu dagsins ljós hafi ný von fæðst inn í veröldina og þau séu framtíðarfólkið sem eigi eftir að breyta heiminum, ekki síst ef þau vinni vel með öðru fólki sem langi að láta gott af sér leiða.

Það er mikilvægt að koma því til unglinganna okkar að hvert mannsbarn á tilkall til mannréttinda og öll höfum við líka hlutverk og skyldur sem felast í því að horfa út fyrir okkur sjálf og reynast öðrum vel. Í lok hverrar kirkjulegrar fermingar er fullorðna fólkið hvatt til þess að „forðast að hneyksla [ungmennin], hafa illt fyrir þeim eða leiða þau afvega á nokkurn hátt en ástunda með orðum og eftirdæmi að halda þeim á hinum góða vegi.“

Íslenskt þjóðfélag stendur nú eina ferðina enn frammi fyrir prófi þar sem sterkar tilfinningar og þjóðfélagsöfl takast á. Hvernig væri að horfa á málefnin í gegnum augu fermingarbarna vorsins og láta þau vera dómara okkar? Að við leitumst við að ganga í gegnum þennan átakatíma horfandi til framtíðar með þeim. Ef við viljum arfleiða þau að samfélagi þar sem ríkir virðing og samábyrgð verðum við sjálf að vera ábyrg og virðingarverð. Það er okkar stóra áskorun núna.

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

BJÖRNSBAKARÍ
Sími: 561 1433



Nýbökuð Brauð alla daga.




KATRÍNARTÚNI 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS
*Verð miðast við flug aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró.